# Bændablaðið

12. tölublað 2026 ● Fimmtudagur 25. júní ● Blað nr. 705 ● 32 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: www.bbl.is


**Íslenskt heilhveiti**
Fleiri bakarar landsins velja íslenskt lífrænt hveiti.
24



**Skemmtilegri hleðslustopp**
Orkusalar leggja sífellt meiri áherslu á að hafa hleðslustoppin skemmtileg.
26



**Sigurbjörn Árni**
Hefur þurft að fara í þrjóskukeppni við kindurnar sínar.
30–31






FJÖLSKYLDA MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR SAUÐFÉ Systurnar Ronja Rós, Embla María og Freyja Naómi Emilsdætur sýna ljósmyndara hversu gæf kindin Hildur er, en þær geta auðveldlega nálgast ána þar sem hún er á beit skammt frá Mávahlíð á Snæfellsnesi. Þær eru ásamt foreldrum sínum, Herdísi Leifsdóttur og Emil Frey Emilssyni, áhugasamar um sauðfjárrækt og með einstakan metnað fyrir kynbótastarfi. – *Sjá nánar á miðopnu.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

## Nýting lífræns áburðarefnis

**Mikið fellur til af næringarríku lífrænu efni en farvegi vantar til vinnslu áburðar úr því. Innfluttur tilbúinn áburður er ein undirstaða íslensks landbúnaðar.**

Aukin áhersla á bætta nýtingu lífræns efnis sem til fellur myndi hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni, náttúruvernd og matvælaöryggi. Vilji stjórnvalda er til staðar og ýmsar greiningar liggja fyrir. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur skipað starfshóp um nýtingu lífræns úrgangs.

Fiskeldi á landi er nýjasta búgreinin og hvergi annars staðar í heiminum jafn umfangsmikil og á Íslandi. Samkvæmt framleiðsluspám fjögurra stærstu landeldisfyrirtækjanna mun magn fiskeldismykju meira en tífaldast á næstu fimm árum. Þau horfa til framleiðslu áburðar, lífgass og/eða lífkola úr fiskeldismykjunni. Starfsleyfi þeirra er enn sem komið er háð óuppfylltum skilyrðum.

Aðferðir stundaðar í lífrænum og auðgandi landbúnaði geta nýst í hefðbundnum landbúnaði en kalla á breytt vinnulag. Þær byggja meðal annars á skiptiræktun, beitarstýringu og nýtingu grænáburðar til að auðga jarðveginn. „Þetta er ekki meiri vinna en í hefðbundnum landbúnaði, en hún er öðruvísi,“ segir Hulda Brynjólfsdóttir, sem stundaði áður hefðbundinn landbúnað en vinnur nú samkvæmt aðferðum auðgandi landbúnaðar á Tyrfingsstöðum í Ásahreppi. */eks*

*– Sjá nánar á síðum 20–22*

# Aukabúnaðarþing 14. ágúst

**Stjórn Bændasamtaka Íslands boðar til aukabúnaðarþings föstudaginn 14. ágúst 2026 á Hotel Nordica í Reykjavík. Þar verður skýrsla milliþinganefndar um áhrif mögulegrar Evrópusambandsaðildar á íslenskan landbúnað kynnt og ályktað um hana. Formaður Bændasamtakanna segist vilja tryggja skýra aðkomu félagsmanna að þessu risastóra pólitíska máli.**

Á Búnaðarþingi 2026, sem var haldið í mars síðastliðnum, var samþykkt að skipa sjö manna milliþinganefnd sem starfa skyldi fram að næsta Búnaðarþingi. Nefndinni var falið að greina hverjar afleiðingar aðildar Íslands að Evrópusambandinu yrðu á íslenskan landbúnað, þar með talið áhrif aðlögunar að regluverki sambandsins meðan á aðildarviðræðum stæði.

„Stjórn Bændasamtakanna hefur tekið ákvörðun um að halda skuli aukabúnaðarþing Bændasamtaka Íslands 14. ágúst næstkomandi þar sem farið verður yfir niðurstöðu skýrslu milliþinganefndar og ályktað um afstöðu Bændasamtakanna gagnvart mögulegri aðild að Evrópusambandinu og þá með hagsmuni landbúnaðarins að leiðarljósi,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands. „Sú afstaða verður ekki byggð á tilfinningum eða orðagjálfri heldur verður stuðst við skýrslu milliþinganefndar þegar afstaðan verður mótuð. Það er vandað til vinnunnar og að gerð skýrslunnar hafa komið sérfræðingar bæði innan og utan skrifstofu Bændasamtakanna. Það er mikilvægt að byggja okkar stefnumótun í þessu máli eins og öðrum á þeim lýðræðislegu ferlum sem eru innan samtakanna. Þess vegna boðum við til aukabúnaðarþings. Við viljum tryggja skýra aðkomu okkar félagsmanna að þessu risastóra pólitíska máli og hlökkum til að takast á við umræðuna og að eiga samtal bæði við okkar félagsmenn og eins almenning í landinu um það hvaða þýðingu það muni hafa fyrir framtíð landbúnaðar, fæðuöryggi og byggðafestu í okkar góða landi að ganga inn í Evrópusambandið.“

Milliþinganefnd Bændasamtaka Íslands hefur verið starfandi undanfarna mánuði með aðkomu sérfræðinga innan samtakanna jafnt sem utan. Niðurstöður vinnu nefndarinnar verða lagðar fram í formi skýrslu sem verður send þingfulltrúum eigi síður en tveimur vikum fyrir boðað aukabúnaðarþing. Á þinginu verður skýrslan kynnt og tekin til umræðu með það að markmiði að álykta um efni hennar við lok þingsins.

Til aukabúnaðarþings eru boðaðir þeir aðalmenn sem voru kjörnir til setu á Búnaðarþingi 2026 þar sem kjör búnaðarþingfulltrúa og varamanna þeirra gildir milli Búnaðarþinga. Bændasamtökin biðja þingfulltrúa að taka daginn frá til að koma til Reykjavíkur og sitja þingið sem snýr að mikilvægu málefni sem snertir hagsmuni bænda í heild og getur haft áhrif á framtíðarstarfsskilyrði landbúnaðar á Íslandi. Staðfesta þarf þátttöku á aukabúnaðarþingi fyrir 1. júlí 2026. Áður en aukabúnaðarþingið hefst er áætlað að málþing um Evrópumál og landbúnað fari fram fyrr sama dag. Málþingið verður opið öllum. */kró, ph*

CLAAS FENDT KUHN JCB
VÉLFANG Kverneland Schäffer STRAUTMANN

# Embætti yfirdýralæknis lagt niður

**Embætti yfirdýralæknis verður lagt niður með sameiningu MAST, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptiverðs í nýrri Stofnun atvinnuveganna.**

Ný ríkisstofnun á að sinna öllum verkefnum sem áður voru hjá ofangreindum stofnunum og þau verkefni sem heilbrigðiseftirlitssvæðin hafa sinnt og snúa að eftirliti með matvælum færast frá sveitarfélögunum til nýrrar stofnunar.

### Áhyggjur af dýraheilbrigði og -velferð

Dýralæknar hafa áhyggjur af því að þessar breytingar veiki stöðu dýralækna innan stjórnsýslunnar og að málaflokkar dýraheilbrigðis og -velferðar muni verða útundan. Yfirdýralæknir mun enn hafa umsjón með sömu málaflokkum, það er heilbrigði og velferð dýra, súna, lyfjaónæmi og málefnum dýralækna og dýraheilbrigðisstarfsfólks, en mun vera ráðinn af forstjóra í stað ráðherra.

Í umsögn Þóru J. Jónasdóttur yfirdýralæknis um frumvarpið er óskýrt orðalag gagnrýnt. Hlutverk, heimildir og ábyrgð yfirdýralæknis eru ekki skýrar og tryggir frumvarpið ekki lögfest faglegt sjálfstæði yfirdýralæknis og faglega aðkomu ákvarðana í þeim málaflokkum sem embættið sér um í dag. Eitt af hlutverkum yfirdýralæknis er að bregðast við og bera ábyrgð á tilkynningum og greiningum á alvarlegum dýrasjúkdómum, til að mynda mögulegum faröldrum, sem og umfangsmiklum dýravelferðarmálum. Breytingar frumvarpsins skerða beinar boðleiðir til ráðherra, ákvörðunarrétt og faglega stöðu innan stjórnsýslunnar sem getur leitt til að þessum málaflokkum verði ekki sinnt nægilega vel.


Bára Eyfjörð Heimisdóttir.


Þóra J. Jónasdóttir.

Dýraheilbrigðismál og dýravelferðarmál snúa að húsdýrum jafnt sem villtum dýrum á landinu öllu. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (WOAH) hefur bent á að mikilvægi og ábyrgð dýralækna fari vaxandi á heimsvísu og verkefni á borð við Eina heilsu (e. One Health) leggja áherslu á samstarf þvert á dýraheilbrigði og heilbrigðisvísindi manna. Þóra bendir á að áætlaðar breytingar séu ekki í samræmi við þetta og í raun skref aftur á bak fyrir þjóðina.

### Dýralæknar verulega áhyggjufullir

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands, segir að breytingarnar valdi dýralæknum verulegum áhyggjum. „Þetta snýst ekki eingöngu um skipulagsbreytingar heldur um grundvallaratriði í málaflokkum dýraheilbrigðis, dýravelferðar og starfsemi dýralækna. Það þarf að tryggja að þessum málaflokkum sé stýrt af sérfræðingi með þekkingu og reynslu á sviðinu, enda er um að ræða ákvarðanir sem geta haft óafturkræfar afleiðingar. Svo mikilvægar ákvarðanir verða að byggjast á óháðu faglegu mati, en ekki öðrum sjónarmiðum, svo sem pólitískum eða fjárhagslegum,“ segir Bára.

Þóra bendir á að sama tíma og núverandi frumvarp veiki ráðningu og skipun yfirdýralæknis þá var litið til fyrirkomulags embættis yfirdýralæknis til rökstyðja mikilvægi faglegs sjálfstæðis og ábyrgðar sóttvarnalæknis í frumvarpi til sóttvarnarlaga. Hlutverk og ábyrgð yfirdýralæknis eru því vel kunnug og að mörgu leyti sambærileg embættum landlæknis og sóttvarnalæknis og segir Þóra að það sé því ekki síður mikilvægt að tryggja stöðu yfirdýralæknis og að lögskipuð hæfnisnefnd sjái um ráðningu í embættið.

„Það væri stór áfangi ef stjórnvöld myndu horfa til dýraheilbrigðismála með sambærilegum hætti og gert er í heilbrigðismálum fólks – sem viðkvæms og sérhæfðs málaflokks þar sem rangar ákvarðanir geta haft óafturkræfar afleiðingar. Mikilvægt er að hlutverk og ábyrgð dýralækna, og þá sérstaklega yfirdýralæknis, verði skýrt innan stjórnsýslunnar, en það er alls ekki raunin í dag,“ segir Bára.

### Þörf á uppbyggingu

„Við hefðum viljað sjá að vægi dýraheilbrigðismála yrði markvisst aukið, þar á meðal á rannsóknir, vísindastarf, viðbragðsáætlanir og stefnumótun,“ segir Bára. Að hennar mati hefur þessi málaflokkur ekki fengið nægilegt rými innan MAST sem er fyrst og fremst eftirlitsstofnun. Ísland býr ekki að sérstakri dýraheilbrigðisstofnun né öflugri menntastofnun dýralækna og hefur vantað sterkt faglegt- og vísindalegt bakland hérlendis.

„Við höfum jafnframt verulegar áhyggjur af því að slíkt bakland verði heldur ekki byggt upp innan fyrirhugaðrar Stofnunar atvinnuveganna. Við teljum því löngu tímabært að byggja upp sjálfstæða og öfluga dýraheilbrigðisstofnun líkt og er í nágrannalöndum okkar. Að okkar mati myndi slík stofnun tryggja raunverulegt faglegt sjálfstæði, sterkara bakland og heildstæða sýn í dýraheilbrigðismálum,“ segir Bára.

Dýralæknafélagið segir hættu á að dýraheilbrigðismál, dýravelferð og málaflokkur dýralækna verði undir í stórri stofnun þar sem megináhersla verði á eftirlit. „Sé ákvarðanataka ekki í höndum sérfræðinga er ljóst að gæði hennar skerðast, með beinum áhrifum á dýraheilbrigði og dýravelferð. Til lengri tíma er hætta á að sú sterka staða sem Ísland hefur byggt upp á þessu sviði veikist,“ segir Bára. Síðustu ár hefur staða dýralækna veikst verulega innan stjórnsýslunnar. Að mati Dýralæknafélagsins er brýnt að snúa þeirri þróun við.

### Mikilvægt að standa vörð um einstaka stöðu Íslands

„Við höfum einnig áhyggjur af þeirri einstöku stöðu sem Ísland nýtur í dýraheilbrigðismálum. Sú staða byggir bæði á landfræðilegri legu og markvissu starfi dýralækna um áratugaskeið. Hún er bæði verðmæt og viðkvæm. Síðustu ár hafa gríðarlegir fjármunir farið í baráttu við smitsjúkdóma í nágrannalöndum okkar og víðar í Evrópu, bæði nýja og breytta stofna sjúkdóma, svo sem fuglaflensu og eldri sjúkdóma sem eru að koma aftur fram, meðal annars í tengslum við loftslagsbreytingar. Það hvílir því mikil ábyrgð á stjórnvöldum að verja þessa stöðu og tryggja að fagþekking verði áfram hornsteinn allrar ákvarðanatöku á þessu sviði,“ segir Bára. */kró*

# Heilbrigðisnefndir lagðar niður

**Með nýju frumvarpi eru heilbrigðisnefndir sveitarfélaga lagðar niður og framkvæmd eftirlitsins er færð til Umhverfis- og orkustofnunar.**

Frumvarpið snýr að einföldun regluverks og aukinni skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Lögin taka gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis- og orkustofnun hefur haft yfirumsjón eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum en framkvæmd eftirlitsins hefur verið á vegum níu heilbrigðiseftirlitssvæða sveitarfélaga. Með nýjum lögum mun framkvæmd eftirlitsins og útgáfa starfsleyfa færast til Umhverfis- og orkustofnunar og málaflokkurinn því verða á einu stjórnsýslustigi. Í tilkynningu Stjórnarráðsins kemur fram að þetta veiti aukin tækifæri til einföldunar, samræmingar og skilvirkni í framkvæmd.

Frumvarpið er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar um einföldun regluverks, hagræðingu og sameiningu stofnana og er hluti af heildstæðum breytingum á eftirliti með atvinnustarfsemi sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra hafa unnið að. Samhliða þessu frumvarpi lagði atvinnuvegaráðherra fram frumvarp um Stofnun atvinnuveganna sem sameinar Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Eftirlit mun fara fram á starfsstöðvum um allt land og var ítrekað í lagatexta að Umhverfis- og orkustofnun skuli hafa starfsfólk staðsett á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum. Stofnunin rekur nú þegar starfsstöðvar í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Vinna við innleiðingu breytinganna er þegar hafin og áhersla er ögð á að byggja áfram á þeirri þekkingu og reynslu sem starfsfólk heilbrigðiseftirlitanna býr yfir. */kró*




Náttúruminjasafn og Náttúrufræðistofnun:

# Ráðuneyti stefna að sameiningu

**Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hafa ákveðið að vinna að sameiningu Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar. Í skýrslum Ríkisendurskoðunar hefur verið bent á skörun verkefna stofnananna og stýrihópur um gerð frumathugunar um sameiningu skilaði jákvæðum niðurstöðum.**

Sameiningin mun byggja á styrkleikum beggja stofnana samkvæmt tilkynningu stjórnarráðsins. Rannsóknir, vísindasöfn og gagnagrunnar geti þannig stutt enn betur við sýningar-, fræðslu- og miðlunarhlutverk Náttúruminjasafns Íslands sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Niðurstöður frumathugunarinnar sýna að veruleg tækifæri felast í sameiningunni. Heildstæð þekkingarstofnun um náttúru Íslands sem sameinaði rannsóknir, vöktun, varðveislu og miðlun gæti orðið öflug og myndi slík stofnun styrkja innviði þekkingarsköpunar um íslenska náttúru. Það fælist bæði í því að efla fræðslu og upplýsingamiðlun til almennings og skóla og að styðja við stefnumótun í náttúruvernd, líffræðilegri fjölbreytni og loftslagsmálum. Í skýrslunni kom auk þess fram að sameiningin gæti skilað fjárhagslegum ávinningi með betri nýtingu húsnæðis, innviða og stoðþjónustu.

### Öflugt þekkingarsamfélag

Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, var einnig þátttakandi í nefndinni sem vann að frumathugun á þessari sameiningu. Aðspurð segir Eydís að henni lítist vel á þessi áform og að það séu mikil tækifæri sem felist í stærri og öflugri stofnunum á Íslandi. „Styrkleikinn í þessari sameiningu mun felast í öflugri miðlun náttúru- og umhverfisupplýsinga, þar sem kraftar miðlunar, safnastarfs, rannsókna, vöktunar og öflugra landupplýsinga sameinast í öflugu þekkingarsamfélagi,“ segir Eydís.

Aðspurð segir hún að engar áhyggjur liggi fyrir eins og er en að áherslan verði að vera á skýra framtíðarsýn. „Okkar áherslur eru að báðar stofnanirnar sem sameinast í eina hafa sterk lagaleg hlutverk og við sameiningu þurfa þessi hlutverk að fá vægi í sameinaðri stofnun,“ segir Eydís. „Mikilvægast í sameiningum er þó að hafa í huga að þetta er vinna sem snýst um fólk og mikilvæg verkefni stofnananna, þessu þarf að hlúa að.“


Eydís Líndal Finnbogadóttir.


Ragnhildur Guðmundsdóttir.

### Tækifæri til frekari sóknar

Ragnhildur Guðmundsdóttir forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, er sömuleiðis jákvæð fyrir þessum áformum. „Við á Náttúruminjasafninu erum spennt fyrir framtíðinni og þessi sameining getur fært okkur tækifæri til enn frekari sóknar í eflingu á náttúruvísindamiðlun. Okkar sérhæfing er fyrst og fremst í miðlun og þekkingu á safnastarfsemi en einnig líffræðilegri fjölbreytni. Náttúruminjasafnið er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og hefur leiðbeinandi hlutverk gagnvart viðurkenndum söfnum í málefnum náttúrunnar,“ segir Ragnhildur.

Aðspurð segir hún að stærstu fréttirnar fyrir Náttúruminjasafnið séu afdráttarlaus yfirlýsing ráðherra um að opna nýtt húsnæði Náttúruminjasafnsins og fullgera grunnsýningu sem búið er að hanna inn í húsið. „Sú sýning fjallar um hafið í kringum Ísland, líffræðilega fjölbreytni og helstu ógnir á borð við loftslagsbreytingar.

Það að fá varanlegt heimili fyrir safnið mun gjörbylta því hvernig við getum hagað starfseminni. Það mun til dæmis auðvelda okkur móttöku skólahópa en gert er ráð fyrir sérstökum rýmum þar sem hægt verður að taka á móti stærri og minni hópum, einnig verður fyrirlestrasalur auk sýningarsala,“ segir Ragnhildur. Náttúruminjasafn Íslands flytur í Náttúruhús á Seltjarnarnesi og verður húsið og sýningin opnuð árið 2027. */kró*


ÍSFUGL
frá
ÍSLENSKUM BÆNDUM
sem við þekkjum og treystum
FRÁ FJÖLSKYLDUNNI Á REYKJABÚINU
FRÁ FJÖLSKYLDUBÚINU Á HEIÐARBÆ 1
FRÁ FJÖLSKYLDUBÚINU NESLÆK Í ÖLFUSI
FRÁ FJÖLSKYLDUBÚINU Á HJALLAKRÓKI

| Gjaldskrá | | |
|---|---|---|
| **Ökutæki undir 3,5 tonn** | | |
| Stök ferð | kr. á ferð | 1.500 |
| 2-5 ferðir í mánuði | kr. á ferð | 950 |
| 6-15 ferðir í mánuði | kr. á ferð | 750 |
| Hámarksgjald á ökutæki | kr. á mánuði | 18.750 |
| **Ökutæki 3,5 til 7,5 tonn** | | |
| Stök ferð | kr. á ferð | 2.100 |
| 2-5 ferðir í mánuði | kr. á ferð | 1.330 |
| 6-15 ferðir í mánuði | kr. á ferð | 1.050 |
| Hámarksgjald á ökutæki | kr. á mánuði | 26.250 |
| **Ökutæki yfir 7,5 tonn** | | |
| Stök ferð | kr. á ferð | 4.500 |

**Gjaldskrá frá Vegagerðinni yfir brúna, sem tekur gildi frá 1. september. Gjaldið er tekið til að standa undir fjármögnun framkvæmdarinnar í samræmi við lög um samvinnuverkefni en Hringvegur (1) um Hornafjörð er fyrsta samvinnuverkefnið sem Vegagerðin stendur að.** Mynd /Fréttabréf Vegagerðarinnar

## Hornafjarðarfljót:

# 1.500 krónur ferðin yfir nýja brú

## – Mikil óánægja með verðskrána

**Nýr Hringvegur um Hornafjörð með nýrri brú var formlega opnaður miðvikudaginn 24. júní. Óánægja er með kostnað við að aka yfir brúna.**



**Sauðfjárbændurnir á Kálfafelli í Suðursveit, þau Aðalbjörg Bjarnadóttir og Bjarni Haukur Bjarnason.** Mynd / Aðsend

Hægt verður að aka ókeypis yfir brúna fyrstu vikurnar en frá 1. september í haust hefst gjaldtaka, sem margir heimamenn, ekki síst í sveitunum, eru ekki sáttir við eins og sauðfjárbændurnir á Kálfafelli í Suðursveit.

„Þessi gjaldskrá mun einfaldlega hafa þau áhrif að við munum ekkert nýta okkur brúna. Planið var að yngsta barnið, sem hefur hingað til farið 2 daga vikunnar í leikskólann, færi núna 3 daga. Við erum ekki að fara að sjá það gerast miðað við þessar forsendur. Við myndum alltaf keyra gömlu leiðina. Verðskránni er stillt þannig upp að fólk eigi bara að keyra þarna eina ferð. Það er óskiljanlegt af hverju þetta þarf að vera svona dýrt, við skiljum það bara ekki," segir Aðalbjörg Bjarnadóttir bóndi.

Eiginmaður hennar, Bjarni Haukur Bjarnason, tekur undir: „Kostnaðurinn á ári myndi fara fast að 200.000 krónum fyrir okkur og er það svipuð upphæð og nýja kílómetragjaldið er á ári, það er stór biti fyrir okkur. Þetta hefur líka bein áhrif á vöruverð í samfélaginu þar sem þessi upphæð mun leggjast á allan flutning til og frá sveitarfélaginu. Við viljum sjá enga verðskrá þar sem allar forsendur fyrir gjaldtöku eru brostnar. Það er mikil óánægja með þetta hér í sveitinni og víðar þar sem þarna virðist ekki gætt sanngirni. Það hafa verið fleiri nýir vegir lagðir hér á landi sem ekki er gjaldskylda á. Við viljum sjá bæjarstjórn Hornafjarðar beita sér harðar í þessu máli fyrir okkur íbúa," segir Bjarni Haukur. */mhh*






# Bændablaðið
## kemur næst út 9. júlí

# ESB samþykkir sameiningu Arla, DMK og DOC

## – Stærsta mjólkursamvinnufélag Evrópu verður til

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt skilyrðislaust fyrirhugaða sameiningu mjólkursamlaganna Arla Foods, Deutsches Milchkontor (DMK) og Drents Overijsselse Coöperatie Kaas (DOC). Samhliða hafa félögin staðfest að öll nauðsynleg leyfi liggi nú fyrir og að samruninn taki gildi 1. júní 2026. Með sameiningunni verður til stærsta samvinnufélag mjólkurframleiðenda í Evrópu, starfrækt undir nafni Arla.**




**„Sérstaklega var bent á að Arla starfi sem samvinnufélag sem skuldbindur sig til að kaupa alla mjólk frá félagsbændum sínum og greiða þeim sama verð óháð staðsetningu."** Mynd / Aðsend

Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar náði til fjölmargra markaða innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), þar á meðal innkaupa á hrámjólk frá bændum í Þýskalandi og framboðs mjólkurvara og mysuafurða til smásala, heildsala og iðnaðarviðskiptavina í Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Hollandi og Svíþjóð.

Niðurstaðan var sú að samruninn myndi ekki draga verulega úr samkeppni á þessum mörkuðum. Sérstaklega var bent á að Arla starfi sem samvinnufélag sem skuldbindur sig til að kaupa alla mjólk frá félagsbændum sínum og greiða þeim sama verð óháð staðsetningu. Af þeim sökum hafi félagið hvorki getu né hvata til að lækka mjólkurverð í kjölfar samrunans, enda gætu bændur þá leitað til annarra samlaga.

Á markaði fyrir mjólkurvörur til smásala keppa félögin fyrst og fremst í framleiðslu verslunarmerktra vara. Samkvæmt athugun framkvæmdastjórnarinnar mun samkeppni áfram haldast næg þar sem fjölmargir keppinautar taka þátt í útboðum og smásalar afla sér mjólkur frá mörgum framleiðendum.

Einnig var talið að samkeppnisþrýstingur héldist á markaði fyrir mysuhráefni þar sem félögin keppa meðal annars í framleiðslu á mysudufti og mysupróteini. Til staðar séu aðrir keppinautar og í sumum tilvikum staðgönguhráefni. Áhætta á bundinni eða samtengdri sölu var talin takmörkuð.

Í ljósi þessara niðurstaðna var samruninn samþykktur án skilyrða.

### 11.200 bændur og 19,4 milljarðar kílóa mjólkur

Með sameiningunni sameinast 11.200 mjólkurframleiðendur í sjö Evrópulöndum og um 28.800 starfsmenn á heimsvísu. Sameinað félag mun safna saman 19,4 milljörðum kílóa af mjólk árlega og velta þess, miðað við pro forma, verður yfir 20 milljarða evra.

Félögin segja sameininguna byggja á „margra ára samstarfi, sameiginlegum gildum og samverkandi styrkleikum" og að hún miði að því að efla evrópska matvælaframleiðslu, styrkja rekstrargrundvöll hennar og tryggja öruggt fæðuframboð á tímum heimspólitískra og efnahagslegra breytinga.

Jan Toft Nørgaard, stjórnarformaður Arla Foods, segir daginn marka tímamót fyrir samlögin, næstu kynslóð bænda og evrópska matvælaframleiðslu. Heinz Korte, stjórnarformaður DMK Group, segir bændur hlakka til samstarfsins og bendir á að stuðningur þeirra í atkvæðagreiðslum í júní 2025 endurspegli vilja til að standa saman þvert á landamæri.

### Áhrif á bændur

Samkvæmt mati framkvæmdastjórnar ESB er ólíklegt að sameiningin hafi neikvæð áhrif á bændur. Byggir það meðal annars á því að Arla starfar sem samvinnufélag sem er skuldbundið til að taka við allri mjólk frá félagsmönnum sínum og greiða þeim sama verð, óháð því hvar þeir starfa. Því hefur félagið hvorki getu til né hvata fyrir því að lækka mjólkurverð til bænda á svæðum þar sem markaðshlutdeild eykst eftir samrunann, enda gætu bændur þá snúið sér að öðrum samlögum.

Félögin sjálf leggja áherslu á að sameiningin styrki stöðu bænda til lengri tíma. Með því að mynda eitt stærsta samvinnufélag Evrópu telja þau sig geta tryggt aukinn rekstrarstöðugleika, bætt fjárfestingargetu og skapað traustari grunn fyrir félagsbændur. Sameiningin er sögð styðja við „sterkara samvinnuhagkerfi" sem tryggi áreiðanlegt framboð matvæla og stöðugan grundvöll fyrir bændur.

Heinz Korte, stjórnarformaður DMK, bendir jafnframt á að sameiningin feli í sér að verið sé að „byggja eitt stærsta samvinnufélag bænda í Evrópu", þar sem sameiginleg gildi og framtíðarsýn liggi til grundvallar auknum möguleikum á verðmætasköpun í mjólkurframleiðslu.

### Styrkir stöðu mjólkurframleiðslu

Félögin hafa átt í samstarfi um árabil og segja sameininguna eðlilegt framhald þess. Með því að sameina krafta sína hyggjast þau tryggja stöðuga mjólkurframleiðslu í Evrópu og styrkja getu til að skapa verðmæti á alþjóðamarkaði.

Sameinað félag verður öflugri samstarfsaðili fyrir viðskiptavini í smásölu, veitingageira og hráefnageira, með breiðara vöruúrval, aukna nýsköpun og víðtækari samstarfsmöguleika.

### Nýtt félag undir nafni Arla

Sameinaða félagið verður starfrækt undir nafni Arla og hefur höfuðstöðvar í Viby í Danmörku. Jan Toft Nørgaard verður stjórnarformaður, Inger-Lise Sjöström varaformaður og Peder Tuborgh forstjóri. Ingo Müller tekur sæti í framkvæmdastjórn sem framkvæmdastjóri samþættingar eftir samrunann.

Samþættingarferlið hófst 1. júní 2026. */ph*

# Lífeyrissjóður bænda sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum

## – Réttindi bænda skerðast um 4,1%

**Sjóðfélagar Lífeyrissjóðs bænda (LSB) samþykktu einróma tillögu um sameiningu sjóðsins við Frjálsa lífeyrissjóðinn á ársfundi LSB sem haldinn var 19. júní sl.**

Réttindi bænda skerðast um 4,1% við sameiningu sjóðanna, að sögn Völu Valtýsdóttur, stjórnarformanns Lífeyrissjóðs bænda, en skerðingin hefði orðið meiri ef ekki hefði verið farið í sameininguna. „Þetta er reiknað út af okkar tryggingafræðingi. Ef ekki hefði komið til sameiningar er ljóst að skerðingin hefði verið meiri. Með sameiningu lækkar allur kostnaður töluvert sem ekki hefði verið án sameiningar."

Hún segir hag bænda því betri eftir sameiningu þrátt fyrir skert kjör. „Já, það er skylda okkar að hafa hag sjóðfélaga í fyrirrúmi og eini möguleikinn að snúa við þessari þróun var að sameina sjóðinn og lækka þar með kostnað."

Sameiningin felur í sér að Frjálsi lífeyrissjóðurinn mun taka yfir öll réttindi og skyldur gagnvart sjóðfélögum LSB og verða sjóðfélagar hans hluti af Frjálsa en fyrst um sinn verður haldið utan um eignir og áunnin réttindi sjóðfélaga LSB í sér tryggingadeild innan Frjálsa. Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Markmiðið sameiningarinnar er að nýta stærðarhagkvæmni til að lækka rekstrarkostnað, efla þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga og launagreiðenda, minnka rekstraráhættu og um leið styrkja eigna- og áhættustýringu sjóðanna, segir í fréttinni.

Sameiningin er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins á breytingum á samþykktum sjóðanna. Sjóðfélagar þurfa almennt ekkert að aðhafast vegna sameiningarinnar en verða upplýstir um áframhaldandi framgang hennar eftir því sem fyrirvörum sameiningar hefur verið aflétt. */ph*



ERUM AÐ KEYRA ÚT RÚLLUPLASTIÐ
PANTIÐ SEM FYRST!
Rani
POWER STRETCH
BAL'ENSIL
Greiðslukjör til 15. október vaxtalaust
Heimkeyrsla á heilum brettum ef pantað er tímanlega
TamaNet™
ÞAR SEM BÚVÍS FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI SÍNU Í ÁR
þá höfum við náð samkomulagi við suma okkar erlendu birgja um sérstök afmælisverð
AFMÆLISTILBOÐ 1.540.000 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 150.000
Diskaherfi 3 metra
Kr. 1.690.000.- án vsk
Samasz
Sláttuvél XT-390
með vökvafjöðrun
Kr. 3.190.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 2.690.000 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 500.000
AFMÆLISTILBOÐ 5.190.000 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 400.000
Heytætla 11 metra á vagni 10 stjörnu
Kr. 5.590.000.- án vsk
SaMASZ
kränzle
Háþrýstidælur
Quadro 799TST
Kr. 322.419.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 274.032 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 60.000
TIKI KERRUR Í ÚRVALI
Tiki CP-275 Kr. 306.290.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 256.290 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 50.000
Heytætla 7.7metra 6 stjörnu
Kr. 2.490.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 2.240.000 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 250.000
kränzle
Háþrýstidælur
Profi 160TST
Kr. 217.661.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 177.338 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 50.000
Palmse Trailer
Palmse sturtuvagn
PT-190
Burðargeta 15 tonn
Kr. 3.790.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 3.590.000 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 200.000
Taðklær
1,5 metrar Kr. 339.900.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 269.900 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 70.000
1,8 metrar Kr. 379.900.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 299.900 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 80.000
RAFGEYMAR
15% AFSLÁTTUR
Staurasleggja með Hondu mótor
Kr. 449.000.- án vsk
AFMÆLISTILBOÐ 389.000 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 60.000
AFMÆLISTILBOÐ 199.500 ÁN VSK AFMÆLISAFSLÁTTUR 30.000
Þyngdarklossar
1000 kg. Kr. 229.5000.- án vsk
MORRIS OLÍUVÖRUR
GOTT VERÐ!
GILDIR MEÐAN BIRGÐIST ENDAST
Búvís
www.buvis.is Sími 465 1332
Héraðsprent

Bændablaðið

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Karólína Rós Ólafsdóttir karolina@bondi.is Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is

**Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Svokallað umræðuskjal

Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu í lok ágúst þar sem kosið verður um hvort hefja skuli á ný viðræður um aðild Íslands að Evrópusambandinu eru nú farnar að taka á sig skýrari mynd. Auðvitað markast þær af því að tvær andstæðar fylkingar takast þar á með fremur óvægnum hætti. Hætt er við því að í slíku ástandi verði til gróðrarstía fyrir upplýsingaóreiðu, falsfréttir og áróður. Það er hlutverk fjölmiðla að varast slíka umræðu og leggja fram áreiðanlegar upplýsingar svo að almenningur geti mótað með sér upplýsta skoðun. Hið sama ættu opinberar stofnanir að gera, enda hverju ætti almenningur að treysta ef ekki upplýsingum frá opinberum stofnunum?

Á hinu síðarnefnda eru því miður undantekningar sem nauðsynlegt er að benda á. Samkeppniseftirlitið sendi fyrir stuttu frá sér svokallað umræðuskjal um matarverð á Íslandi, þróun og alþjóðlegan samanburð. Umræðuskjal er sjálfsagt réttnefni því að þetta framlag Samkeppniseftirlitsins hefur vakið afar hörð og gagnrýnin viðbrögð en um leið er þetta orð kannski líka valið vegna þess að efni skjalsins stenst ekki þær kröfur sem hlutlausar skýrslur hins opinbera kalla á.

Í skjalinu segir að Íslendingar greiði 55% meira fyrir matvöru en íbúar í Evrópu. Þessa tölu má til sanns vegar færa en þessa fullyrðingu verður að skoða í samhengi ef hún á að vera tækt framlag til upplýstrar umræðu. Í henni er horft fram hjá öllum kostnaði við framleiðslu matvæla en hann hefur hækkað verulega hérlendis á undanförnum árum. Þar má meðal annars vísa til launakostnaðar, áburðarkostnaðar, fóðurkostnaðar, orkukostnaðar og opinberra gjalda af ýmsu tagi. Það er með öðrum orðum talsvert dýrara að framleiða mat hér á Íslandi en víðast annars staðar í Evrópu. En á móti kemur að laun á Íslandi eru með þeim hæstu sem bjóðast í Evrópu og því hefur fólk efni á því að greiða hærra verð fyrir mat hér en annars staðar í Evrópu. Kaupmáttur á Íslandi er með öðrum orðum einn sá mesti sem mælist í álfunni. Væru Íslendingar á evrópskum launum þá væru þeir vissulega illa staddir, en á íslenskum launum ráða landsmenn vel við íslenskt matarverð, raunar betur en íbúar í meirihluta annarra landa Evrópu. Hér er hlutfallslegur kostnaður heimila vegna matarinnkaupa nefnilega milli þrettán og fjórtán prósent af heimilisútgjöldum, sem er undir meðaltali ESB. Annað er svo að benda á búvörusamninga frá 2024 sem skýringu á hækkuðu kjötverði árin 2020 til 2025 þegar höfundar skjalsins vita að undanþága frá samkeppnislögum sem samningarnir kváðu á um komst ekki til framkvæmda fyrr en einmitt árið 2025.

Framsetning Samkeppniseftirlitsins á tölulegum staðreyndum er að minnsta kosti vafasöm í svokölluðu umræðuskjali. Framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði sagði í Útvarpi Bændablaðsins í liðinni viku framsetninguna raunar hvorki vandaða né líklega til að auka skýrleika í umræðunni. Og það er auðvitað ekki gott þegar um er að ræða opinbera stofnun sem almenningur þarf að geta reitt sig á þegar kemur að vandaðri meðferð og miðlun upplýsinga. Umræða síðustu vikna hlýtur að vekja fólk til umhugsunar um það á hvaða vegferð þessi stofnun er og hvers vegna hún telur það sitt hlutverk að hafa áhrif á opinbera umræðu með þessum hætti.

Bændablaðið mun leggja sig fram um að vanda málflutning, upplýsingaöflun og -miðlun á næstu vikum svo að almenningur geti tekið upplýsta ákvörðun í lok sumars um það hvort hefja eigi á ný viðræður við Evrópusambandið. Vonandi þarf ekki að standa í frekara stagli við ríkisstofnanir um að vanda sinn málflutning fram að kosningum.

*Þröstur Helgason*




Vestmannaeyjar:

# Fjármagna næsta uppbyggingaráfanga Laxeyjar

Fréttaljós | Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Nýverið lauk 6,7 milljarða króna hlutafjárútboði hjá fiskeldisfyrirtækinu Laxey. Jafnframt hefur félagið tryggt sér 32 milljarða króna alþjóðlegt sambankalán.**

Í samtali segir Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar, að hlutafjáraukningin núna sé sú þriðja frá stofnun, en þær hafa átt sér stað samhliða hverjum áfanga við uppbyggingu starfseminnar. Félagið var formlega stofnað árið 2021 og uppbyggingu þess skipt í sex áfanga. „Við vildum ekki gera þetta allt í einu, heldur brjóta þetta upp til þess að sanna fyrir mönnum að þetta gengi," segir Lárus.

„Það sem er merkilegt við þessa hlutafjáraukningu er að við teljum að þetta verði í síðasta sinn sem við þurfum að fjármagna uppbyggingu fyrirtækisins með auknu hlutafé. Hér eftir verður fyrirtækið sjálfbært af því leyti að það geti með hagnaði af rekstri og lánsfjármagni byggt það sem eftir stendur til þess að koma okkur upp í 35 þúsund tonna framleiðslu af slægðum laxi þegar uppbyggingu verður lokið," segir Lárus.

Gert er ráð fyrir að Laxey framleiði um 4.000 tonn af laxi á árinu 2026, en þegar þriðji áfangi verður tekinn í notkun verður framleiðslugetan komin upp í 17 þúsund tonn á ári. Núna er verið að leggja lokahönd á annan áfanga sem getur tekið við fyrstu seiðunum í haust.



**Frá athafnasvæði Laxeyjar í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum. Í ár er gert ráð fyrir að framleiðslan á slægðum laxi verði um 4.000 tonn, en þegar uppbyggingu verður lokið áætlar fyrirtækið að hægt verði að framleiða 35 þúsund tonn af laxi á ári. Fyrir þriðja áfanga af sex hefur fengist fjármagn upp á 38 milljarða króna.** Mynd / Laxey

### Þrjár erlendar lánastofnanir

„Megnið af þeim hlutum sem voru seldir fóru til núverandi eigenda, en þessi stuðningur þeirra við félagið sýnir að við erum á réttri braut." Nýr hluthafalisti verður birtur þegar allt verður frágengið, en stærstu eigendur Laxeyjar í dag eru Ós-fjölskyldan í Vestmannaeyjum sem á um fjörutíu prósenta hlut. Aðrir eigendur eru meðal annars lífeyrissjóðir og erlendir fjárfestar.

„Til viðbótar höfum við fengið sambankalán fjögurra banka, það er frá Arion banka sem hefur lánað okkur áður og frá þremur erlendum lánastofnunum. Þar á meðal frá hollenska bankanum Radobank, sem er einn stærsti bankinn sem fjármagnar matvælaframleiðslu. Jafnframt tekur Eksfin þátt, sem er norskur ábyrgðarsjóður, og norski bankinn DNB."

Lárus segir að algengt sé að fleiri en einn banki slái sér saman til þess að fjármagna dýr verkefni eins og Laxey til þess að dreifa áhættunni milli banka. Lánið sem Laxey fær hljómar upp á 220 milljónir evra, eða tæplega 32 milljarða íslenskra króna. Fjármagnið sem hefur fengist í þriðja áfanga með hlutafé og láni eru því rúmlega 38 milljarðar króna.

### Seiðaeldi á tveimur stöðum

„Við erum byrjuð að undirbúa framkvæmdir við þriðja áfanga sem eru átta tankar með öllum tæknibúnaði sem þarf. Þeir fara í notkun á næsta ári og árið 2028 verðum við þá komin upp í framleiðslugetu upp á 17 þúsund tonn á ári. Ferlið frá því að við tökum inn hrogn og fram að slátrun tekur tvö ár. Í júlíbyrjun tökum við inn hrogn sem fara í nýju tankana næsta sumar og eru til slátrunar í júlí 2028. Samhliða þessu höfum við fjármagnað byggingu nýrrar seiðaframleiðslustöðvar sem verður við hliðina á matfiskeldinu í Viðlagafjöru."

Nú þegar er Laxey með seiðaeldisstöð í Friðarhöfn, en Lárus segir ekki svigrúm til að stækka starfsemina þar. Meira rými verður í kringum nýju seiðaeldisstöðina sem mun hafa afkastagetu upp á fimm milljón seiði á ári til að byrja með. Í hönnun hennar er gert ráð fyrir að hægt sé að stækka hana þannig að afköstin verði allt að 15 milljón seiði á ári. Laxey þjónustar fyrirtæki í sjókvíaeldi með svokölluð stórseiði sem eru 500 grömm við afhendingu.

### Landeldi ein mesta fjárfesting Íslandssögunnar

„Við teljum þetta vera mikinn áfanga fyrir okkur og uppbygginguna á öðru landeldi á Íslandi. Við vonumst til þess að þetta auðveldi fjármögnun á öðrum verkefnum sem eru í uppbyggingu, bæði hvað varðar aðgengi að lánsfjármagni og hlutafé. Í þessum fjórum verkefnum sem eru í gangi núna eru gríðarlega miklar fjárfestingar, en samanlagt verður þetta ein mesta fjárfesting af einkaaðilum í sögu Íslands," segir Lárus.

Í fréttatilkynningu frá Laxey segir að eftirspurn eftir hlutum í útboðinu hafi verið verulega umfram framboð. Upphaflega var stefnt að því að sækja 5,8 milljarða króna í nýtt hlutafé, en eins og áður segir fengust 6,7 milljarðar. Með þessu hafi Laxey aflað um 29 milljarða króna í hlutafé frá stofnun og þar með byggt upp traustan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Gert er ráð fyrir að fjármögnuninni verði lokið í september. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 starfsmenn.

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is** Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
**Heimilisfang:** Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Á gafli gamla íþróttahússins á Hellissandi á Snæfellsnesi má sjá þessa veggmynd af hrúti sem máluð var af kanadísku listakonunum Lacey Jane Wilburn og Layla Folkmann árið 2019. Frá árinu 2018 hefur markvisst verið unnið að því að auka litadýrð Hellissands með listaverkum á veggjum húsa og má segja að þorpið sé orðið listagallerí undir berum himni. Núna eru vegglistaverkin orðin rúmlega 40. Mynd / ál

# „Af hverju að banka?“

Vinkill | Sigurður Ingi Jóhannsson
sij@althingi.is

Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin ákveðið að spyrja þjóðina hvort hún vilji kanna aðild að ESB. Þá er eðlilegt að spyrja, af hverju?

Á tímabili 82 ára lýðveldissögu Íslands höfum við farið frá því að vera eitt fátækasta ríki Evrópu í eitt það ríkasta í heimi. Í 18 ár höfum við að mati erlendra sérfræðinga verið öruggasta og friðsamasta þjóð/land heims. Efst á mælikvarða jafnréttis um áratugaskeið. Á mælikvarða velsældar eða hamingju (World Happiness Report) erum við ávallt í efstu 3 sætum, keppum þar við hin Norðurlöndin.

Hjá Sameinuðu þjóðunum er til mælikvarði yfir lífskjör (Human Development Report sem mælir, heilsu, menntun og efnahagsleg lífskjör). Í lok árs 2024, er Ísland í efsta sæti allra landa heims! Í öðru og þriðja sæti eru Noregur og Sviss, sem eins og Ísland eru ekki aðilar að ESB.

Þegar við horfum til þessara staðreynda er eðlilegt að spyrja, hverju ætlum við að ná með því að breyta um kúrs og sækja um aðild að ESB?

Þegar við bætum við að Ísland er hlutfallslega stórt land með fáa íbúa en mjög ríkulegar auðlindir. Auðlindir eins og heitt og kalt vatn, endurnýjanlega orku, gjöful fiskimið, jarðnæði og margar aðrar auðlindir sem okkur hefur auðnast að nýta á sjálfbæran hátt og halda fullum yfirráðum yfir.

Það er engin spurning að í þessum auðlindum og nýtingu þeirra er auðlegð okkar í 82 ár fólgin sem og mannauðinum.

Ef við skoðum landbúnaðinn þá búum við að einu besta dýraheilbrigði sem þekkist, sýklalyfjanotkun er með því lægsta sem gerist og sýklalyfjaónæmi það allra lægsta meðal samanburðarþjóða. Þetta eru líka auðlindir sem vert er að verja með kjafti og klóm. Sýklalyfjaónæmi er vaxandi ógn, bara í Evrópu telur WHO að á Evrópusvæðinu sé sýklalyfjaónæmi beint ábyrgt fyrir tugþúsunda dauðsföllum árlega og fer vaxandi.

Í samanburði við ESB löndin stendur Ísland því talsvert framar á öllum þessum sviðum sem hér hafa verið upptalin. Því til viðbótar má nefna að hagvöxtur, nýsköpun og framleiðnivöxtur er mun meiri hérlendis en í ESB ríkjunum. Okkur svipar mun meira til Norður-Ameríku hvað þessa þætti varðar.

En eru ekki lægri vextir og minni verðbólga í löndum ESB? Svarið er bæði já og nei. Í apríl síðastliðnum mældist samræmd vísitala á Íslandi 4,9%, sama var í Litáen, Lúxemborg var með 5.2% og í landinu sem tók upp evru á síðasta ári, Króatíu, 5,4%. Allt eru þetta evrulönd. Í Búlgaríu var verðbólgan 6% og í Rúmeníu 9%! Það sem er áhugavert er að kaupmáttur launa hefur á Íslandi vaxið um 68% á tímabilinu 2013-2025, en aðeins um 8% að meðaltali í löndum ESB og sama gildir um öll Norðurlöndin.

En matvælaverð, er það ekki alltof hátt á Íslandi? Aftur er svarið bæði jú og nei. Hlutfallslegur kostnaður heimila vegna matarkörfunnar er á Íslandi milli 13-14% af heimilisútgjöldum og er undir meðaltali ESB vegna þess að laun á Íslandi og kaupmáttur hafa hækkað mun meira hér. Það sem er merkilegt er að allt það sem við viljum laga eru verkefni sem við munum þurfa að gera hvort sem við höldum okkar góða kúrs eða bönkum upp á í Brussel. Virðisauki á mat er t.a.m. 0% á Írlandi, 4-5% í Frakklandi, Spáni og Ítalíu og 7% í Þýskalandi. Ríkisstjórnin gæti því lækkað vsk á matvæli eins og Danir og Svíar eru að gera. Og komið þannig til móts við tekjulág heimili og síhækkandi hráefnisverð.

En það er efni í aðra grein, lausnirnar eru til. Vilji er allt sem þarf.

*Höfundur er alþingismaður.*

## Jarmað, hneggjað, baulað ...

Verð á innfluttum kartöflum hefur ekki lækkað þó að innflutningstollar hafi staðið í stað í meira en tvo áratugi. Í búðum landsins eru innfluttu kartöflurnar jafndýrar eða dýrari en þær innlendu eins og fram kom í aðsendri grein í síðasta blaði. Samanburður við kartöfluverð í Danmörku leiðir í ljós talsverðan mun.

Meðalverð innfluttra kartaflna með flutningskostnaði (cif-verð) var árið 2025 um 240 krónur fyrir kílóið. Við það bætist sextíu króna magntollur á hvert kíló á ákveðnum tíma ársins. Í júnímánuði er enginn tollur og þá er mest flutt inn. Meðalinnflutningsverðið með flutningskostnaði í júní 2025 var 161 króna á kílóið. Í júnímánuði voru flutt inn um 321.000 kíló af kartöflum en alla hina mánuðina samanlagt voru flutt inn um 532.000 kíló.

Samanburður á verði út úr búð á Solist kartöflum í Danmörku og Íslandi sýnir að kílóverðið í Danmörku er 192 íslenskar krónur en 399 krónur í Krónunni.

Í aðsendri grein Ólafs Stephensen í síðasta Bændablaði gerði hann verðsamanburð á íslenskum og innfluttum kartöflum í tveimur íslenskum stórmörkuðum. „Kostuðu innlendu kartöflurnar á bilinu 349-633 krónur kílóið (að lífrænt ræktuðum kartöflum undanskildum) en þær erlendu, fluttar inn með tollum, 531-879 krónur kílóið.“ Segir Ólafur að þetta sé til marks um að tollar og innflutningskostnaður bíti enn.

Sextíu króna magntollur á innfluttar kartöflur hefur ekki hækkað frá árinu 2002 þegar hann var settur á. Það sama ár var að auki settur á 30% tollur á innflutningsverðmæti en hann var felldur niður árið 2018 þegar tvíhliða samningur við Evrópusambandið um tolla á landbúnaðarvörum tók gildi.

Neytendur þurfa líklega ekki að horfa lengi á þessar tölur til þess að átta sig á því að það eru ekki 60 króna tollar sem halda verði á innfluttum kartöflum háu í búðum landsins. Háu innkaupaverði er þar heldur ekki um að kenna.

Hvað sem því líður þá kemur það íslenskum kartöflubændum ekki illa að heildsalar og búðarekendur hér á landi skuli ákveða að halda verði á innfluttum kartöflum háu og jafnvel hærra en á íslensku framleiðslunni. Því betur standa íslensku kartöflubændurnir í samkeppninni. En það kemur sér ekkert sérlega vel fyrir íslenska neytendur að álagningin á innflutninginn skuli vera svo há sem raun ber vitni.

Kartöflubændur segjast þar að auki hafa rökstuddan grun um að verið sé að flytja inn ferskar venjulegar kartöflur í töluverðu magni á öðrum tollfrjálsum tollanúmerum, eins og fram kom í fréttaskýringu hér í blaðinu 28. maí. Þetta segjast þeir geta lesið úr innflutnings- og sölutölum. Þeir hafa ítrekað óskað eftir því við tollayfirvöld að þessi mál verði skoðuð en engin svör fengið. Bændablaðið hefur sömuleiðis reynt að fá svör hjá tollayfirvöldum um þessi mál en engin fengið. Tollurinn segist þó hafa móttekið fyrirspurnina en tekur fram að þetta mál sé ekki í forgangi. Hverjir skyldu vera í forgangi hjá Tollinum fyrst neytendur eru það ekki?

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

# Vöndum okkur í umræðunni

Sólmánuður hófst í upphafi þessarar viku, tíundu viku sumars. Margir bændur stunda nú heyskap af kappi til að afla fóðurs fyrir næsta vetur eða huga að öðrum sumarverkum. Landinn er á faraldsfæti og nýtur þess að ferðast til íþróttamóta, ættarmóta eða einfaldlega til þess að eiga rólega daga fjær ysi og þysi höfuðborgarinnar.

Þetta sumar verður ólíkt mörgum öðrum, þannig styttist tíminn fram að þjóðaratkvæðagreiðslu um að sækja að nýju um aðild að Evrópusambandinu og hefja viðræður. Yfirleitt hefur landsmönnum auðnast að hafa friðinn um ágreiningsmál af ýmsu tagi á sumrin. Oft er umræðan sem lygnt fjallavatn á sumarnótt. Nú virðist þó sem að hávaðinn sé meiri og umræðan fer sívaxandi um kosti og galla þess að ganga í Evrópusambandið. Seint mun það segjast að þessi umræða sé sameinandi stef fyrir þjóðina, heldur miklu fremur sundrar hún og veldur ágreiningi.

Mikið er um bændur og landbúnað rætt í því samhengi en því fer fjarri að allt sé það skynsamlegt eða á rökum reist. Það verður að segjast að það er þreytandi til lengdar að hlusta á sum sem lítinn áhuga hafa á starfi okkar bænda stærstan hluta árs skyndilega hafa miklar skoðanir á því hvað okkur bændum eigi að finnast. Það er vissulega misjafnt mjög hvaða skoðanir bændur hafa á hinum ýmsu málum. En í sameiningu höfum við bændur ákveðið að boða til aukabúnaðarþings í ágúst þar sem bændur munu leggjast yfir áhrif aðildar að Evrópusambandinu á íslenskan landbúnað og komast að niðurstöðu.

### Töfrar eru ekki til

Stundum virðist undirrituðum sem trú á fjölkynngi og forneskju sé útbreiddari en áður var talið. Þannig virðist að sumir telji að matvælaverð lækki um tugi prósenta við inngöngu líkt og um galdrabragð væri að ræða. Væri slíkt á rökum reist væri það skiljanlegra hversu mjög núverandi stjórnarflokkar horfa til þess að hefja viðræður við Evrópusambandið um aðild. Matvæli eru grunnþarfir hverrar fjölskyldu og ásamt þaki yfir höfuðið myndar þetta þann kostnaðargrunn sem við glímum við, bændur jafnt sem aðrir. Þetta virðist okkur í Bændasamtökunum vera sjónhverfingar, matvælaverð lækkaði um tíu prósent í Finnlandi til neytenda á meðan verð til bænda lækkuðu um fjörutíu prósent. Margir bændur hafa skiljanlega áhyggjur af umræðu þar sem það er farið eins frjálslega með staðreyndir og talað af léttúð um það að setja tekjugrunn bændafjölskyldna í landinu í uppnám. Það tek ég undir en vill jafnframt hrósa þeim fyrir heiðarleika sem segja upphátt að þeir láti sér það í léttu rúmi liggja að fórna íslenskum bændum fyrir aðild. Við vitum þá hvar við höfum viðkomandi og hvaða hug þeir bera til íslensks landbúnaðar.

### Vöndum okkur í sumar

Ég legg á það áherslu að það fylgir því ábyrgð að taka þátt í þessari umræðu. Sýnum hvert öðru þá virðingu að hlusta á sjónarmið en bíðum ekki bara eftir að geta haldið áfram að tala á hinn. Veruleikinn er flókinn og ýmis rök geta búið að baki því að fólk telur að grasið sé grænna handan hafsins. Við bændur höfum ekki komið auga á þetta græna gras sem stendur. Við höfum séð og rannsakað fullyrðingar ýmissa aðila sem vilja segja okkur hvað sé best fyrir okkur. Mikið af því virðist vart standast skoðun.

*Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.*



Nýuppteknar gulrætur úr akri bænda Akurs Organic.
Mynd / Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir

Lífræn vottun:

# Fagna eftirliti

**Bændur í lífrænni ræktun fara í gegnum árlega úttekt sem er framkvæmd af Vottunarstofunni Túni.**

„Þú vilt að varan þín sé rannsökuð og þú getir sagt að hún sé í lagi. Það á að fagna eftirliti og því að það sé til gæðakerfi í landinu sem virkar,“ segir Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir. framkvæmdastjóri Akur Organic, sem framleiða lífrænt vottaðar gulrætur í Þistilfirði og eru nýbúin að ljúka árlegri úttekt á ræktunar- og vinnsluferli sínu.

### Góð upplifun

Í vottunarferlinu er farið yfir alla þætti sem snúa að starfseminni. Farið er á akrana og skoðað, í verksmiðjuna, hreinsiefni og aðföng tekin út og farið yfir skráningar og umbúðir. Ferlið frá A til Ö er skoðað eins og fram kom í samtali við Ólínu.

„Lífræn ræktun snýst um rekjanleika allra aðfanga og hvað við gerum. Innfluttur fræfjöldi sem dæmi þarf að stemma við það sem við sáum. Þetta er í raun nákvæmt gæðakerfi.“ Ólína segir vottunarkerfið ekki íþyngjandi. „Ég myndi segja að þetta séu bara raunhæfar kröfur. Við höfum átt í ótrúlega góðu samstarfi við Tún, ég heyri reglulega í þeim og þau eru mjög hjálpsöm, ég hef ekkert út á Tún að setja,“ segir Ólína.

„Þetta er bara ferli eins og annað, þetta kostar okkur einhverja peninga, en varan okkar er verðmætari,“ segir Jóhannes Ingi Árnason, gulrótar- og sauðfjárbóndi á Hallgilsstöðum í Langanesbyggð, einn fjögurra eigenda Akurs Organic.

„Þetta er ákveðin sérstaða, neytendur kunna að meta vöruna,“ segir Jóhannes. Ólína segist vilja sjá auknar kröfur um merkingar á öllu íslensku grænmeti, „þá hvaða efni eru notuð í ræktuninni svo neytandinn sé meðvitaður um gæði vörunnar“. Núverandi matvælalöggjöf felur í sér að merkingar skuli vera réttar, skýrar og ekki villandi, en þar er ekki krafa um að tilgreina þurfi þau efni sem notuð eru við ræktun eða meðhöndlun eftir uppskeru.

### Ný græja prófuð í sumar

Lífrænir bændur nota ekki illgresiseyða og þurfa að beita öðrum aðferðum við illgresishreinsun en algengt er í hefðbundnum landbúnaði. Það getur verið kostnaðarsamt og tímafrekt. Ólína segir að í Danmörku sé verið að auka styrki til tækjakaupa til lífrænna bænda. „Danska ríkið er að hvetja til lífrænnar framleiðslu, jarðvegurinn þar er orðinn svo mengaður. Þeir fengu harkalegt spark í rassinn, og við endum þarna líka þegar fram líða stundir ef við gerum ekki breytingar.“

„Við erum komin núna með nýja græju sem við erum að fara að prófa í sumar,“ segir Ingi. „Klóru sem á klóra upp illgresið á milli raða og er dregin aftan í traktor. Þessi vél kom til landsins í gegnum VOR Verndun og ræktun, samtök lífrænna framleiðenda á Íslandi og okkur var boðið að prófa hana. Við höfum verið skríðandi í ökrunum að reyta sem er mikil vinna.“

Sáð er fyrir gulrótum frá miðjum maí. Bændur Akurs Organic eru bjartsýnir og gera ráð fyrir fyrstu uppskeru í byrjun september. */eks*




Matvöruverð:

# „Þetta innlegg er hvorki vandað né eykur skýrleika“

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



**Matvöruverð á Íslandi er í brennidepli eftir að Samkeppniseftirlitið birti umræðuskjal þar sem bent er á að verð hér sé um 55% hærra en í Evrópusambandinu. Fulltrúar atvinnulífsins gagnrýna framsetningu gagnanna og telja samanburð villandi ef ekki er tekið tillit til kaupmáttar og launakostnaðar. Jafnframt er bent á að álagning í verslun sé á bilinu 2% og að reglusetning, kostnaðarþróun og innlendar aðstæður skýri verðlag fremur en einstakar lagabreytingar.**



Margrét Gísladóttir.

Matvöruverð og verðþróun hafa verið fyrirferðarmikil í opinberri umræðu að undanförnu. Í umræðunni hefur skýrsla Samkeppniseftirlitsins vakið sérstaka athygli þar sem bent er á að matvöruverð á Íslandi sé að jafnaði um 55% hærra en í Evrópusambandinu.

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, og Benedikt S. Benediktsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segja þó margt við þann samanburð að athuga. Þau voru viðmælendur í 19. þætti Útvarps Bændablaðsins.

### „Óvarlega sett fram“

Margrét segir að skýrsla Samkeppniseftirlitsins sé fyrst og fremst innlegg í umræðu en að hún standist ekki þær kröfur sem gera þarf til slíkra gagna.

„Að mínu viti er þetta innlegg þeirra hvorki vandað né til þess fallið að auka skýrleika í umræðunni,“ segir hún.

Hún gagnrýnir meðal annars að skýrslan dragi ályktanir um áhrif breytinga á búvörulögum á tímabili sem nær aftur til ársins 2020, þótt lagabreytingar hafi fyrst komið til framkvæmda árið 2025.

„Áhrif búvörulaganna sem sett voru vorið 2024 og tóku í raun ekki gildi fyrr en ári síðar voru ekki farin að koma fram á síðasta ári. Að vísa til búvörulaganna sem skýringar á hækkun verðs á tímabilinu 2020 til 2025 gengur því ekki upp,“ segir hún.

### Hækkanir skýrist af fleiri þáttum

Benedikt bendir á að verðhækkanir á kjöti, einkum lambakjöti og nautakjöti, hafi vakið mikla athygli á undanförnum árum.

Hann segir þó skýringar skýrar í sumum tilfellum.

„Staða sauðfjárbænda og nautgripabænda var orðin frekar bágborin,“ segir hann og bendir á að eftirspurn hafi á tímabili farið fram úr framboði, sérstaklega í nautakjöti.

Í sumum tilvikum hafi verslun jafnvel brugðist við með því að greiða bændum hærra verð til að hvetja til aukinnar framleiðslu.

### Innfluttar vörur og verðþróun

Benedikt segir að verðþróun síðustu ára verði ekki skilin án þess að horfa á þróun á mörkuðum eftir upphaf stríðsins í Úkraínu.

„Þetta byrjaði sem hækkunarhrina í innfluttum vörum,“ segir hann, sérstaklega í vörum sem eru háðar orkunotkun, svo sem kornvörum og soja.

Hann segir að eftir það tímabil hafi innlend kostnaðarþróun tekið við.

### Launakostnaður skiptir máli

Bæði Margrét og Benedikt nefna launakostnað sem mikilvægan þátt í verðmyndun.

Margrét bendir á að launakostnaður á vinnustund hafi hækkað um 56% hér á landi á árunum 2020 til 2025, samanborið við 19% í samanburðarlöndum.

„Það er óeðlilegt að taka það ekki inn í umræðu um matvælaverð,“ segir hún.

Hún bendir jafnframt á að hlutfall ráðstöfunartekna heimila til matvöru á Íslandi sé ekki hærra en í nágrannalöndum.

„Við erum bara á svipuðu róli og hin Norðurlöndin,“ segir hún og nefnir að heimili hér verji um 12,9% tekna sinna í matarkaup, sem sé undir meðaltali Evrópusambandsins.

### Álagning í verslun lítil

Í umræðunni hefur einnig verið bent á afkomu stórra verslunarkeðja hér á landi sem virðist afar góð. Benedikt segir þó mikilvægt að skoða slíkar tölur í samhengi.

Hann bendir á að af hverjum 100 krónum í kassann hjá búðunum fari um 79 krónur í innkaup á vörunni, 10 krónur í laun og ýmsir aðrir kostnaðarliðir taki megnið af því sem eftir stendur.

„Það eru þá tvær krónur eftir af hundraðkallinum í hagnað til verslunarinnar,“ segir hann.

„Tveggja prósenta öryggismörk til að lifa af árið eru ekki rosaleg,“ bætir hann við.

### Regluverk og kostnaður



Benedikt S. Benediktsson.

Benedikt og Margrét eru sammála um að aukin lagasetning og reglur hafi haft áhrif á rekstrarkostnað í landinu.

Benedikt nefnir meðal annars aukinn flutningskostnað, kolefniskerfi og nýjar reglur sem kalla á aukið eftirlit og skrifræði.

„Þetta er allt að hríslast inn og maður veltir fyrir sér hvaða uppsöfnuðu áhrif þetta hefur,“ segir hann.

Margrét tekur undir og segir að Íslendingar hafi tilhneigingu til að innleiða reglur með strangari hætti en þörf sé á.

„Við gleymum því að það kostar,“ segir hún.

### Evrópusambandið og matvöruverð

Aðspurður hvort innganga í Evrópusambandið myndi lækka matvöruverð segir Benedikt líklegt að svo væri, enda myndi tollvernd minnka.

„Ég myndi á heildina litið gera ráð fyrir því að verðið myndi lækka,“ segir hann.

Hann bendir þó á að þetta sé ekki einföld spurning þar sem tollar séu fyrst og fremst tæki til að styðja innlenda framleiðslu.

Margrét varar við áhrifum inngöngu í Evrópusambandið á landbúnaðinn í landinu.

„Íslenskur landbúnaður yrði ekki svipur hjá sjón eftir slíka útreið,“ segir hún um mögulega niðurfellingu tollverndar.

Hún bendir á að stór hluti innflutnings fari nú þegar fram innan tollkvóta með litlum eða engum gjöldum.

### Hægt að gera breytingar innanlands

Margrét leggur áherslu á að mörg þeirra úrræða sem rætt er um í tengslum við Evrópusambandið séu í raun framkvæmanleg innanlands.

„Við getum gert allt sem okkur dettur í hug í dag,“ segir hún og nefnir meðal annars möguleika á að draga úr eftirlitskostnaði og einfalda regluverk.

Benedikt tekur undir og segir mikilvægt að horfa til lækkunar rekstrarkostnaðar.

„Við þurfum að vera miklu betri í því að draga úr rekstrarkostnaði,“ segir hann og telur að stjórnvöld geti þar haft veigamikið hlutverk.

Hægt er að hlusta á þáttinn í heild sinni á bbl.is. */ph*

# Karólína sæmd fálkaorðu

**Forseti Íslands sæmdi fjórtán Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum 17. júní.**

Þeirra á meðal er Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, fyrir frumkvöðlastarf í baráttunni gegn riðu í sauðfé. Hún var ein helsta drifsprautan á bakvið leit að arfgerðum sem veita vernd gegn riðu í sauðfé, en eftir að þær fundust hafa vaknað vonir um að sauðfjárbændur nái að útrýma þessum sjúkdómi.

Fálkaorðuna fékk jafnframt Hákon Ingvi Hansson, dýralæknir á suðurfjörðum Austurlands, fyrir framlag til atvinnumála og samfélagsmála í heimabyggð.

Eins var Ólafur Arnalds jarðvegsfræðingur heiðraður með fálkaorðunni fyrir frumkvöðlastarf í rannsóknum á íslenskri náttúru og miðlun þeirra. */ál*



Karólína Elísabetardóttir og Halla Tómasdóttir, forseti Íslands. Mynd / Sigurjón Ragnar

# TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI

SUZUKI



## FJÓRHJÓL

**Suzuki KingQuad**
**verð frá: 2.290.000 kr,-**

Valmöguleikar:
- Traktorskráning
- Torfæruskráning



## BÁTAR

Stórt úrval báta,-
**Zodiac, AKA Marine og Bombard.**

Við eigum lím, bætur, hreinsi og bónvörur fyrir Zodiac.

## UTANBORÐS-MÓTORAR

Eigum til utanborðsmótara frá **2,5 til 300 hestöfl** á lager.

Kynntu þér verðlistann á heimasíðunni okkar: www.suzuki.is



## MÓTORHJÓL

Fyrir þá sem vilja **þjóta og njóta.**

ZODIAC



SUZUKI HF.
SUZUKISPORT@SUZUKI.IS

SKEIFAN 17

S: 568 5100

Dýravelferð:

# Vörslusvipting, dagsektir og kæra

**Matvælastofnun birti á dögunum yfirlit yfir stjórnvaldsákvarðanir í dýravelferðarmálum frá því í febrúar og fram í maí á þessu ári. Málin voru sextán talsins og snéru öll að húsdýrum, sex málanna snéru að gæludýrum og tíu að hestum, nautgripum eða sauðfé.**

Alls voru sex einstaklingar sviptir vörslu gæludýra vegna óviðunandi heimilisaðstæðna eða vanrækslu. Í einu tilviki var um að ræða slíkan fjölda dýra, ketti, hunda, fugla og skrautfiska, að umsjónarmaður þeirra var ekki talinn geta annast þau með fullnægjandi hætti. Í öðru tilviki fór umráðamaður katta í vikufrí án þess að ráðstafa pössun, eftirliti eða fóðrun læðu og kettlinga. Sá einstaklingur var sviptur vörslu og fékk þar að auki stjórnvaldssekt upp á 144.000 krónur.

### Endurtekin brot

Tvö málanna snéru að endurteknum brotum á velferð sauðfjár og nautgripa. Einn sauðfjárbóndi var sviptur vörslu alls sauðfjár vegna endurtekinna brota og tekur sú svipting gildi 1. október hafi hann ekki ráðstafað fénu sjálfur. Annar aðili var sviptur vörslu nautgripa að hluta auk þess sem lagðar hafa verið á hann dagsektir til að knýja fram úrbætur á aðbúnaði bæði sauðfjár og nautgripa. Dagsektir voru lagðar á nautgripabónda til að þvinga til úrbóta í bæði mars og apríl.

### Vanrækt hross

Umráðamaður stórrar hrossahjarðar var sviptur vörslu hrossanna vegna vanrækslu í apríl. Bæði vanrækti hann fóðrun og brynningu sem og hann hugaði ekki að hrossum sem voru sjúk og horuð á viðunandi máta. Annar einstaklingur vanrækti aðstöðu hrossa og hófhirðu þeirra. MAST réð verktaka til að bæta úr þessu og fjarlægja slysahættur í umhverfi hrossanna á kostnað umráðamanns þeirra. Tvö önnur mál snéru að slæmum aðbúnaði og vanrækslu hrossa.

### Kæra vegna barsmíða

Í maí kærði MAST nautgripabónda til lögreglu eftir að ábending barst um barsmíðar bónda á bæði kúm og kvígum. Í sama mánuði fékk sauðfjárbóndi stjórnvaldssekt upp á 286.000 krónur þar sem hann skar tvær kindur á háls án þess að svipta þær meðvitund eins og skylt er. Hægt er að senda ábendingar sem snúa að dýravelferð inn á vefsíðu Matvælastofnunar. /kró



Útskriftarhópur Menntaskólans að Laugarvatni 23. maí, ásamt Jónu Katrínu, skólameistara. Mynd / Ívar Sæland

Laugarvatn:

# Mikil aðsókn nýnema

**Rétt rúmlega fimmtíu nýstúdentar útskrifuðust úr Menntaskólanum að Laugarvatni laugardaginn 23. maí við hátíðlega athöfn í sal skólans. Mikil aðsókn er að skólanum í haust því um 54 nýnemar verða teknir inn.**

Fyrir eru tveir bekkir fullir, einn bekkur á náttúruvísindabraut og einn bekkur á félags- og hugvísindabraut.

„Heildarfjöldi nemenda verður rúmlega 150. Heimavistin verður stútfull og nánast hver einasti nemandi verður á vistinni eins og staðan er núna,“ segir Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir skólameistari.

Tveir nemendur urðu dúxar við skólann við brautskráninguna, þau Eva Rut Jóhannsdóttir frá Hveragerði og Óskar Ingi Eyþórsson frá Selfossi en þau voru bæði með einkunnina 8,75. Semidúx varð Hrefna Erla Hannesdóttir frá Kópavogi með einkunnina 8,63. /mhh






Þingvallavatn er á heimsminjaskrá UNESCO. Sigrún segir að það besta sem sumarbústaðaeigendur geti gert núna sé að kynna sér hvernig fráveitan hjá þeim er, skrá upplýsingarnar og hafa samband ef þeir eru í óvissu. Það sé nauðsynlegt að hafa alltaf samband við viðeigandi heilbrigðiseftirlit áður en farið er í úrbætur eða breytingar á fráveitu. Starfsfólk vilji frekar svara spurningum snemma í ferlinu fremur en að fólk fari í framkvæmdir sem reynast svo ekki réttar fyrir svæðið. Mynd / mhh

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands:

# Ný hreinsikerfi í sumarbústaði við Þingvallavatn

## – 600 frístundahús eru við vatnið

**Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vinnur nú í því að fá betri yfirsýn yfir fráveitur við sumarbústaði í kringum Þingvallavatn og tryggja að þær séu í lagi.**

Þingvallavatn er mjög viðkvæmt og sérstakt vatn, bæði vegna lífríkisins og vegna þess hversu tærleiki vatnsins er mikill. Þess vegna gilda strangari reglur þar en víða annars staðar. Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins, stýrir verkefninu með sínu fólki.

„Við erum ekki að segja að allir þurfi nákvæmlega sömu lausn. Þetta snýst um að skoða aðstæður á hverjum stað, eins og hversu nálægt bústaðurinn er vatninu, hvernig jarðvegurinn er, hvort nægt pláss sé fyrir hreinsivirki, hvort hægt sé að tæma rotþró og hvort núverandi búnaður uppfylli þær kröfur sem gerðar eru á svæðinu,“ segir Sigrún og bætir við: „Margir af eldri bústöðunum næst vatninu eru með rotþrær sem uppfylla ekki þau skilyrði sem gilda á svæðinu þegar kemur að fráveitu. Vegna þess hversu erfitt getur verið að koma fyrir og tæma hreinsivirki á eldri lóðum getur í mörgum tilvikum verið góð lausn að setja upp brennslusalerni í stað vatnssalernis. Það er í flestum tilfellum ódýrari leið og allt rask á lóðinni er lágmarkað, enda þarf þá ekki að leiða svartvatn frá salerni í fráveitukerfi.“

### Brennslusalerni

Sigrún segir að brennslusalerni séu ekki tengd við gömlu rotþróna. Brennslusalerni eða þurrsalerni sé lausn sem losar ekki svokallað svartvatn frá salerni í fráveitukerfi. „Þá þarf samt áfram að leysa frárennsli frá eldhúsi, sturtu, handlaugum og slíku með viðeigandi hætti. Í sumum tilvikum getur verið hægt að nýta núverandi rotþró áfram fyrir slíkt frárennsli, ef hún er í lagi og uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru,“ segir Sigrún.

### Vernda Þingvallavatn

Þegar Sigrún er spurð hvert sé markmið og tilgangur verkefnisins segir hún það vera fyrst og fremst að vernda Þingvallavatn. „Við viljum fyrirbyggja að næringarefni, bakteríur eða önnur mengun berist í vatnið eða grunnvatnið í kringum það. Markmiðið er líka að einfalda og skýra málin fyrir eigendum sumarbústaðanna. Margir vita ekki nákvæmlega hvernig fráveitan hjá þeim er, hvað má fara í rotþró, hvað má ekki fara þangað eða hvaða lausn hentar best á þeirra lóð. Við viljum hjálpa fólki að fá skýrar upplýsingar og velja lausn sem virkar, í stað þess að þetta sé óljóst og flókið. Þetta er hluti af stærra verkefni, „LIFE ICEWATER“, sem snýst um að bæta vatnsgæði, auka þekkingu og samræma stjórnsýslu í vatnamálum á Íslandi,“ segir Sigrún.



Sigrún Guðmundsdóttir.

### 600 frístundahús

Á verndarsvæði Þingvallavatns eru um 600 frístundahús. Heilbrigðiseftirlitið byrjaði á þeim eignum sem eru næst vatninu, það er innan 50 metra frá vatnsbakka, því þar eru aðstæður viðkvæmastar og kröfurnar strangastar. Það eru um það bil 100 eignir. „Viðbrögðin hafa heilt yfir verið góð hjá eigendum frístundahúsanna, en auðvitað er þetta mál sem vekur spurningar. Fólk spyr eðlilega: Hvað þarf ég að gera? Hvað kostar þetta? Hversu langan tíma hef ég? Get ég nýtt eitthvað af því sem fyrir er? Það eru allt mjög eðlilegar spurningar. Við finnum samt að flestir skilja tilganginn þegar málið er útskýrt. Þetta er ekki gert til að íþyngja fólki að óþörfu, heldur til að vernda einstakt vatn sem okkur öllum þykir vænt um,“ segir Sigrún.

### Upplýsingafundur með eigendum

Staðan núna á verkefninu er sú að starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins eru í kortlagningu og eftirfylgni. Búið er að stækka hringinn og sumarhúsaeigendur sem eru með eignir 50-100 metra frá vatnsbakkanum hafa einnig fengið bréf. Það eru um 100 eignir í viðbót. Þar er einnig óskað eftir upplýsingum um ástand fráveitumannvirkja og eftir atvikum hvaða úrbætur eru áformaðar. „Það er sem sagt búið að kalla eftir upplýsingum frá lóðarhöfum og halda upplýsingafund með eigendum sem eru næst vatnsbakka Þingvallavatns. Næstu skref eru að klára að safna upplýsingum, fara yfir hvaða fráveitulausnir eru til staðar og meta hvar úrbóta er þörf. Síðan verður eigendum leiðbeint um hvað þarf að gera í hverju tilviki. Sumir þurfa hugsanlega aðeins að gera minni lagfæringar, aðrir þurfa að uppfæra búnaðinn meira. Þetta verður ekki leyst með einni allsherjarlausn fyrir alla, heldur þarf að skoða aðstæður hverrar fráveitu fyrir sig. Við viljum vinna þetta í samtali við eigendur og sveitarfélögin þannig að ferlið verði eins skýrt og sanngjarnt og hægt er,“ segir Sigrún.

### Ánægð með verkefnið

Sigrún segist vera ánægð með hvernig verkefnið hefur gengið. „Já, já, almennt er ég ánægð með hvernig þetta hefur farið af stað. Það hefur verið mikilvægast að koma samtalinu af stað og fá fólk til að skrá upplýsingar um sína fráveitu. Auðvitað má þátttakan alltaf vera meiri og þetta er stórt verkefni. Það tekur tíma að ná til allra, sérstaklega þar sem um er að ræða marga eigendur, ólíkar aðstæður og misgamlan búnað. En mér finnst við vera að komast á réttan stað: að ræða þetta á opinn og praktískan hátt, frekar en að málið sé óljóst eða liggi í loftinu,“ segir Sigrún.

### Heimsminjaskrá UNESCO

Sigrún leggur áherslu á að verkefnið við Þingvallavatn sé sameiginlegt verkefni, vatnið sé ekki bara vatn fyrir þá sem eiga bústað við það. Það sé náttúruperla á landsvísu og í raun alþjóðlega einstakt svæði. Þingvellir eru á heimsminjaskrá UNESCO sem einstakt menningarlandslag og Þingvallavatn sjálft hefur mikla sérstöðu vegna lífríkis, jarðfræði og vatnsgæða. „Við viljum nálgast þetta fyrst og fremst í góðri samvinnu með fræðslu, yfirsýn og skýrum leiðbeiningum. En á sama tíma verðum við að taka fráveitumálin alvarlega. Góð fráveita er ekki bara tæknilegt atriði. Hún skiptir máli fyrir heilnæmi, náttúruvernd og framtíð vatnsins,“ segir Sigrún og bætir strax við: „Lagalega byggir verkefnið á sérreglum um verndun Þingvallavatns og kröfu um að tekið sé mið af landgerð, nálægð við vatnið og aðstæðum á hverjum stað þegar fráveitulausnir eru metnar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur jafnframt birt leiðbeiningar á heimasíðu sinni, hsl.is, þar sem kemur fram að við tilteknar aðstæður, meðal annars innan 50 metra frá vatnsbakka, sé hægt að nota þurrsalerni eða brennslusalerni sem losa ekkert svartvatn í fráveitukerfi eða hreinsistöðvar sem uppfylla ákveðin skilyrði um hreinsun. /mhh

can-am®

# OUTLANDER 1000 XT-P

**Það al öflugasta í alla staði**

TVEIR INNBYGGÐIR FARANGURSKASSAR

1.588KG SPIL
STÁL STUÐARAR




ROTAX 1000 MÓTOR
101 HESTAFL

30 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
FOX PODIUM DEMPARAR

LAUS TIL AFGREIÐSLU Í JÚLÍ

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Norðurlöndin:

# Efla samstarf um fæðuöryggi

**Norðurlöndin hafa ákveðið að styrkja sameiginlegt fæðuöryggi á tímum aukinnar óvissu í alþjóðamálum.**

Þetta var ákveðið á fundi norrænu ráðherranefndarinnar í Færeyjum 10. júní síðastliðinn þar sem samstarfið var formgert. Hanna Katrín Friðriksdóttir atvinnuvegaráðherra sótti fundinn. Samstarfið kemur í framhaldi af Karlstad-yfirlýsingunni sem matvælaráðherrar Norðurlandanna samþykktu árið 2024 um að styrkja samstarf ríkjanna um fæðuöryggi og áfallaþol.



Áhyggjur eru af fæðuöryggi um allan heim í ljósi loftslagsbreytinga og óstöðugleika í alþjóðastjórnmálum. Þó að Ísland standi vel þegar kemur að hreinu vatni, aðgengilegum flutningskerfum og sé með öflugan sjávarútveg er Ísland háð innflutningi á lykilhráefnum til matvæla- og fóðurframleiðslu vegna legu landsins og loftslags þess. Í samantekt atvinnuvegaráðuneytisins um stöðu fæðuöryggis á Íslandi 2025 kemur fram að meira en 95% af kornvörum, ávöxtum, jurtaolíum og verulegur hluti grænmetis er innfluttur, sem og mörg lykilhráefni eins og kornfóður, áburður, olía og lyf. Þessi staða gerir Ísland viðkvæmt fyrir ytri áföllum.

Markmið samstarfsins er að tryggja öruggara matvælaframboð á Norðurlöndunum. Þetta verður meðal annars gert með því að tryggja þekkingarmiðlun og samræmingu milli landa. Samstarfið mun samanstanda af sérfræðingum með sérþekkingu á matvælaframboði og neyðarviðbúnaði þjóðanna. Verkefnið mun taka mið af sameiginlegum áskorunum og landsbundnum mun á aðfangakeðjum og framleiðslukerfum ríkjanna. Fyrsta verkefnið í þessu nýja samstarfi verður að skapa þriggja ára vinnuáætlun með tilteknum samstarfssviðum. Framtakið mun efla norrænt samstarf um leið og það mun fylla upp í mikilvægt svæðisbundið skarð á milli ESB og NATO. Markmiðið er að þetta verði fastur hluti af norrænu samstarfi frá og með árinu 2028. */kró*

VIG Vélsmiðja Ingvars Guðna




VIG framleiðir vandaðar og traustar þvottasnúrur fyrir íslenskar aðstæður. VIG þvottasnúrurnar liggja samsíða og snúningurinn tryggir að það blæs alltaf rétt í þvottinn.

VIG afhendir þvottasnúrurnar með öllum boltum, snúrum, smurefni og undirstöðu í jörðina.

Vélsmiðja Ingvars Guðna
VIG
Tanga · 801 Selfoss
Sími 486 1810 · Fax 486 1820
www.vig.is · vig@vig.is




Kvennasögusafn Íslands:

# Kalla eftir skjalasöfnum bóndakvenna

**Kvennasögusafn Íslands varðveitir um 400 einkaskjalasöfn og var stofnað sem grasrótarsafn árið 1975 með það að markmiði að leiðrétta hlut kvenna í sögunni. Skjalasöfn einstaklinga, félagasamtaka og stofnana eru til varðveislu á Kvennasögusafni og úr hinum ýmsu kimum þjóðfélagsins. Mikil vöntun er þó á skjalasöfnum bóndakvenna.**


Rakel Adolphsdóttir.

Kvennasögusafnið safnar fjölbreyttum gögnum. „Félagasamtök kvenna eru stór hluti safnsins. Þar eru fagfélög, kvenréttindafélög, einhver stéttarfélög eins og Ljósmæðrafélagið og svo kvenfélög og félög eiginkvenna sem eru skemmtileg,“ segir Rakel Adolphsdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands. Einnig er mikið af skjölum tengdum kvennafrídeginum og eru þau mikið skoðuð. Rakel útskýrir að þau safni einnig einkaskjölum stakra kvenna og eru þau mikilvægar heimildir um lífið á Íslandi í gegnum tíðina.

### Vantar bóndakonur

Rakel vinnur að því að búa til lista yfir atvinnuheiti kvenna. „Margar konur voru titlaðar margt í einu og báru fjölbreytta starfstitla. Þær voru rithöfundar, kennarar, skólastjórar, þingkonur og húsmæður. Yngri kynslóðir eru oft hissa á að kona hafi verið gítarkennari árið 1920 en auðvitað sinntu konur fjölbreyttum störfum.“ Þó að listinn yfir starfsheitin sé orðinn langur þá er Kvennasögusafnið ekki með neitt skjalasafn bóndakonu. „Við erum með heimildir um bóndakonur og stök bréf og gögn en við erum ekki með dagbækur bóndakvenna, sendibréf eða hugleiðingar þeirra. Það vantar algjörlega,“ segir Rakel.

„Nýlega fengum við skjalasafn Sigríðar Árnadóttur sem var kennari en foreldrar hennar voru bændur og fengum við þar einhver gögn og heimildir um móður hennar,“ segir Rakel og útskýrir að móðir Sigríðar hafi þó alltaf verið titluð „húsfreyja“ í gögnunum þó að hún hafi líka verið bóndi og hafi unnið jafnt á bænum við mann sinn. „Konur sem tóku að sér fjölbreytt störf voru gjarnan titlaðar húsfreyjur og þannig gleymist oft hvað þær voru í fjölbreyttri vinnu,“ segir Rakel. Konur gengu gjarnan í karlastörf og það sérstaklega í sveitum, en þær voru bæði í heyskap, sáu um saumaskap og skepnuhald.

„Í skjalasafni Sigríðar má líka finna heimildir um þýska verkakonu sem kom til þeirra 1949 og var hjá þeim í stutta stund. Við erum með einhver gögn þessara þýsku verkakvenna sem unnu í landbúnaði og settust jafnvel að á Íslandi í framhaldi af því,“ segir Rakel en bætir við að það væri þó mjög gaman að fá fleiri heimildir um þetta landbúnaðarverkafólk og líf þess á Íslandi.

### Hvaða gögn eru varðveitt?

„Við viljum auðvitað fá sem mest,“ segir Rakel. Kvennasögusafnið leggur áherslu á að varðveita handskrifuð og vélrituð gögn. „Við viljum fá alls konar, líka ástarbréf. Við viljum fá dagbækur og sendibréf en það eru ótrúlega dýrmætar heimildir ef fólk er tilbúið til að láta slíkt af hendi. Við viljum einnig fá skírteini, eins og heiðursskírteini, ráðningarsamninga, skjöl um landbúnaðarverkafólk, jafnvel gögn eða bréf um landdeilur, tækjaskipti eða blöð um kaup og sölu en þau varpa svo miklu ljósi á starfsemi og lifnaðarhætti.“ Rakel bendir á að það sé vel hugsað um gögnin og þau séu aðgengileg öllum. Ef þess er óskað er einnig hægt að loka skjalasöfnum svo að þau séu ekki opin almenningi heldur eingöngu opin í rannsóknaraðgangi.

„Gögn eins og matreiðslubækur með handskrifuðum uppskriftum eru alltaf dásamleg eða heimilisbókhaldsbækur eða matseðlar. Það er gaman að sjá hvað var að gerast inni á heimilum og á stórum búum þar sem var til dæmis alltaf matur á borðum, hvað var verið að elda og búa til,“ segir Rakel. Hún segir að því meira sem fólk kemur með því betra og tekur fram að fólk þurfi ekki að flokka gögnin sjálft heldur sjái Kvennasögusafnið um það.

### Sjónarhorn bóndakvenna mikilvægt

„Það er gríðarlega mikilvægt að fá sjónarhorn bóndakvenna,“ segir Rakel. „Þær voru oft ekki titlaðar bændur og fengu þá ekki sömu réttindi, fríðindi og til dæmis lífeyri eins og bændur. Þetta varð stundum fátækragildra þegar konur urðu ekkjur. Rauðsokkahreyfingin talaði mikið um þetta. Margir héldu að þær væru bara að berjast fyrir háskólamenntuðum konum en þær voru með ráðstefnur og viðburði með bóndakonum og á kvennafrídeginum voru þær meðal annars að vekja athygli á að störf bóndakvenna væru ekki metin að verðleikum.“







Myndir / Frá Kvennasögusafni úr skjalasafni Sigríðar Árnadóttur (1907–1998) kennara. Tilvísun: KSS 2025/18.

### Þyrfti að kortleggja skjöl bóndakvenna

Rakel segir að kannski stafi vöntun á skjalasöfnum bóndakvenna á Kvennasögusafni af því að gögnin skili sér ekki til Reykjavíkur úr sveitum en segir það mikilvægt að fá fleiri skjalasöfn af landsbyggðinni inn. „Á Kvennasögusafni er verið að skoða og varðveita hvað konur lögðu fram til samfélagsins og því er mikilvægt að fá konur alls staðar að úr samfélaginu.“ Þá bendir hún á að það eigi almennt eftir að kortleggja skjalasöfn bóndakvenna á Íslandi. „Ég vona að það séu fleiri skjalasöfn bóndakvenna varðveitt á héraðsskjalasöfnunum,“ segir Rakel. „Það vantar betra yfirlit yfir það hvað er varðveitt á öllu landinu.“

Gögn og heimildir bóndakvenna eru oft inni í skjalasöfnum eiginmanna þeirra og er það einnig ástæða þess að það getur reynst erfitt að finna þær. Rakel vonar að það sé meira varðveitt af gögnum kvenna úr sveitum en augljóst er vegna þessa. „Við erum til dæmis að reyna að passa að setja nöfn beggja aðila á skjalasöfnin svo þessar konur finnist.“

### Verðmætar heimildir

Rakel hvetur fólk til að koma með þessi gögn á Kvennasögusafnið eða fara með þau á héraðsskjalasöfnin frekar en að henda gersemum í ruslið. „Það er misskilningur að fólk þurfi að vera frægt til að það sé þess virði að varðveita bréf og dagbækur þeirra. Það er alls ekki þannig, það er mikilvægt að fá sem fjölbreyttasta flóru af fólki til að endurspegla samfélagið.“

Ef lesendur telja sig eiga gögn sem gætu átt heima á Kvennasögusafninu er hægt að hafa samband á kvennasogusafn@landsbokasafn.is. */kró*

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

## KUHN hey- og jarðvinnutæki til afgreiðslu strax



Hnífatætarar 1,20 - 6,20 m




Rótherfi /Pinnatætarar 1,20 - 8,0 m

**Yfirgripsmikil vörulína KUHN tryggir að allir finna vél sem er sniðin að þeirra þörfum**



Diskasláttuvélar 1,6 – 9,90 m



Heyþyrlur 4,20 – 17,20 m

## Vertu klár – veldu KUHN



Múgavélar 3,20 – 14,70 m



FBP 3135 – Sparið allt að 30% í plastnotkun

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

## Vægi vísitölu á matar- og drykkjarvörum - 2025




## Vægi verðmætis á innfluttum matvælum - 2025




Heimild: Hagstofa Íslands

# Hvaða áhrif gæti afnám tollverndar haft á matarkörfuna?

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is

**Neytendur á Íslandi hafa löngum horft til annarra Evrópulanda þegar kemur að verðsamanburði á nauðsynjavörum og hefur þá sérstaklega hátt verð á matarkörfunni vakið upp ýmsar vangaveltur.**

Bent hefur verið á ýmsa áhrifaþætti hér á landi sem heldur vöruverði hærra en í öðrum Evrópulöndum svo sem hár flutningskostnaður og meiri kaupmáttur en einnig hefur því verið haldið fram að stór þáttur í háu matarverði hér á landi sé vegna hárrar tollverndar. Af þeim sökum væri hægt að reikna með að matvælaverð gæti lækkað verulega við inngöngu Íslands í ESB þar sem tollar myndu þá falla niður á matvæli. Þegar rýnt er betur í verðsamanburð milli landa er hins vegar alls ekki einhlítt samhengi milli hærra vöruverðs hér á landi og tollverndar.

Um 15% af útgjöldum heimila er varið í matarinnkaup að meðaltali samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Þannig má sjá að innkaup neytenda á kjöti, mjólk, ostum, eggjum og grænmeti vegur um 38% af matarkörfu neytenda en þetta eru þeir flokkar sem eru að einhverju leyti háðir tollvernd en mismikið eftir einstaka vörum.

Ef við skoðum svo vægi verðmætis á innfluttum matvælum þá má sjá í gögnum Hagstofunnar að flutt voru inn matar- og drykkjarvörur fyrir samtals 96,2 milljarða króna árið 2025. Þar af var 19% verðmætis í kjötafurðum, mjólk, ostum, eggjum og grænmeti sem þýðir jafnframt að ríflega 80% verðmætis sem flutt var inn árið 2025 var án tollverndar.

Það væri því nærtækt að rýna í verðsamanburð milli Íslands og annarra Evrópulanda, bæði á þeim 80% matvörum sem nú þegar eru fluttar inn án tolla sem og þeim vörum sem fluttar eru inn með tollum.

Á dönsku neytendavefsíðunni prej.dk er hægt að skoða verð á ýmsum matvælum og til samanburðar má skoða íslensku neytendavefsíðuna neytandinn.is og einnig vefsíðu Krónunnar. Þannig má fljótt komast á raun um að það getur reynst snúið að sjá skýrt orsakasamhengi milli verðlags á Íslandi og Danmörku út frá tollvernd.

Verð á kjúklingi, nautgripa- og svínakjöti sem og eggjum er talsvert hærra á Íslandi en í Danmörku enda grípur tollverndin þar enn þá inn. Þannig er verð á kjúklingabringum um tvöfalt hærra á Íslandi en í Danmörku en verð á heilum kjúklingi er um 55% hærra á Íslandi en í Danmörku. Verð á nautgripahakki er 51% hærra á Íslandi en í Danmörku og verð á skinku 52% hærra. En verð á lambalæri er svipað í Danmörku og á Íslandi. Þá er verð á eggjum 51% hærra í Danmörku en á Íslandi.

Þegar við skoðum hins vegar þær vörur sem eru án tolla þá má segja að verðmunur milli Danmerkur og Íslands sé alls konar. Verð á drykkjarvörum var þannig í sumum tilvikum hagstæðara hér á landi en í Danmörku en ýmsar korn- og deigvörur voru mun hærra verðlagðar hér á landi en í Danmörku. Þannig var verð á Tortilla hveitikökum 74% hærra á Íslandi en í Danmörku. Þá var verð á bönunum 37% hærra á Íslandi en í Danmörku.

Hafa þarf þann fyrirvara á að hér voru teknar handahófskenndar stikkprufur á ýmsum matvörum til að bera saman verð milli Danmerkur og Íslands. Það gefur hins vegar ákveðna vísbendingu um hversu snúið það getur reynst að draga skýra ályktun af því hve mikil lækkun yrði á matarverði til neytenda ef tollar yrðu felldir niður á þeim tæplega 20% verðmætum sem nú eru fluttar inn til Íslands. Það sést vel á þeim verðmun sem enn er á ýmsum þeim vörum sem nú eru fluttar inn án tolla.

En eitt er víst að ef tollar yrðu felldir á matvæli þá hefði það afdrifarík áhrif á rekstrargrundvöll bænda.

## Verðmunur á ýmsum vörum í Danmörku og á Íslandi

| | DK-Prej | | Neytandinn og Krónan | Verðmunur í ISK |
|---|---|---|---|---|
| | DKK | ISK | ISK | |
| Haframjöl, OTA Solgryn, 950 g | 15 | 289 | 419 | 45% |
| Tortilla hveitikökur, 370 g | 11 | 206 | 359 | 74% |
| Próteindrykkur Barebells, 330 ml | 16 | 308 | 380 | 23% |
| Coca-Cola, 500 ml | 17 | 328 | 210 | -36% |
| Monster orkudrykkur, 500 ml | 14 | 270 | 246 | -9% |
| Banani, pr. stk. | 3 | 48 | 66 | 37% |
| Egg, pr. 10 stk. | 25 | 482 | 725 | 51% |
| Kjúklingur, heill, pr. kg | 36 | 694 | 1.075 | 55% |
| Kjúklingabringur, pr. kg | 85 | 1.638 | 3.299 | 101% |
| Nautgripahakk, pr. kg | 100 | 1.924 | 2.899 | 51% |
| Skinka, pr. kg | 167 | 3.217 | 4.883 | 52% |
| Lambalæri, pr. kg | 162 | 3.119 | 2.998 | -4% |

**Gengisskráning miðast við 19. júní 2026, 1 DKK = 19,265 ISK**

Heimild: prej.dk, neytandinn.is og kronan.is

ÞRÝSTIAUKDÆLA

Hámarks hitastig< 60°C
Max flæði 95L/mín
Max hæð 58m

- Þrýstiauka dæla 0,75kw
- Afköst 57 l/min við 3 bör 0,75 kw afl
- Inntak/úrtak 1"
- Soggeta 8 metrar
- Hraðastýrð eftir þrýsting
- Innbyggður einstefnuloki
- Hljóðvist við afköst 45 dpa (hærra við sogdælingu)



Verð 96.248.kr m/vsk

Vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - Skemmuvegur 48


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

## Náttúruvernd:

# Fuglum og fiðrildum fækkar









**Stofnar fugla og fiðrilda hafa farið hnignandi frá árinu 2000. Þetta kemur fram í skýrslu Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, sem metur reglulega árangur og framvindu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.**

Heimsmarkmið 15: *Líf á landi* snýr að því að vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Vísitala algengra fugla (e. Common Bird Index) og vísitala graslendis fiðrilda (e. Grassland Butterfly Index) eru notaðar til að fylgjast með líffræðilegum fjölbreytileika.

### Vísitala fugla og fiðrilda

Tölur frá 2000-2024 sýna að allir stofnar algengra fugla hafa hnignað um 15,1% frá árinu 2000 innan Evrópusambandsins. Stofnar varpfugla á landi, spörfugla og mófugla, (e. Farmland Birds) hafa minnkað um 32,1% en stofnar varpfugla í skógum, það eru einnig tegundir spörfugla, hafa frá 2010 byrjað að stækka lítillega.

Vísitala fiðrilda fylgist með 17 tegundum graslendis fiðrilda og þar er áætlað að fiðrildastofnar hafi minnkað um 36,5% frá árinu 2000 til 2024. Fiðrildi þykja góð vísitegund þegar kemur að því að meta líffræðilegan fjölbreytileika. Þau eru viðkvæm fyrir umhverfisbreytingum og búa við fjölbreytt skilyrði. Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um stöðu heimsmarkmiðs 15 kemur fram að fiðrildastofninn minnkaði um 50,4% á milli áranna 1991 og 2023 sem gefur til kynna alvarlega hnignun lífræðilegs fjölbreytileika í graslendi. Þessi hnignun var mest fram til ársins 2007 en eftir það hefur vísitalan lækkað hægar þó hún lækki enn stöðugt.

### Helstu orsakavaldar

Fækkun fugla má rekja til þaulræktunar sem hefur haft náttúruleg búsvæði og varpsvæði af fuglum. Notkun íðefna í landbúnaði, líkt og skordýraeitur, og breyttar tímasetningar og verklag á plægingu korns hefur truflað varp fugla og minnkað fæðuframboð þeirra, þar er fækkun skordýra stór þáttur. Aðrir orsakavaldar þess að fuglastofnar hafa ekki náð sér á strik eru búsvæðatap vegna breytinga á landnotkun, uppbrot lands, nytjaskógrækt, þéttbýlisþróun, loftslagsmál og ólögleg veiði.

Helstu ástæður þess að fiðrildum hefur fækkað eru breytingar í dreifbýli, þá aðallega venga þaulræktunar graslendis og ofauðgunar niturs á friðlýstum svæðum, þá aðallega í Vestur-Evrópu. Nitur sem fellur úr andrúmsloftinu í land eða vatn breytir efnafræði jarðvegsins sem hefur þau áhrif að líffræðilegur fjölbreytileiki minnkar. Annars staðar í Evrópu eru yfirgefin beitilönd ógn. Þegar land er yfirgefið getur það leitt til þess að gróðurfar breytist og þar með vistkerfið. Auknar og lengri hitabylgjur og þurrkar vegna loftslagshlýnunar hafa einnig haft áhrif á þessa hnignun síðasta áratuginn.

Á meðan fiðrildum fækkar í dreifbýli hafa fiðrildastofnar í þéttbýli í Evrópu verið stöðugir, sem bendir mögulega til þess að garðar og græn svæði í þéttbýli séu að verða fiðrildavænni svæði. Samkvæmt skýrslunni er þó mikilvægt að rannsaka stöðu fiðrilda í þéttbýli nánar til að öðlast skýrari sýn á framtíðina þar sem rannsóknum semur ekki um niðurstöður. /kró




## Þróunarfé búgreina:

# 67,5 milljónum úthlutað

**Alls hlutu 25 verkefni styrki úr Þróunarfé búgreina upp á 67,5 milljónir króna. Flestir styrkir fóru til verkefna sem snéru að sauðfjárrækt en hæsti styrkurinn fór til verkefnis í garðyrkju.**



Verkefni í sauðfjárrækt hlutu samtals 20,2 milljónir króna. Mynd / Zosia Szopka

Tíu verkefni í sauðfjárrækt hlutu samtals 20,2 milljónir króna, sex verkefni í nautgriparækt hlutu samtals 14,8 milljónir króna, eitt verkefni í hrossarækt fékk styrk upp á 2,4 milljónir króna og eitt verkefni í garðyrkju hlaut styrk sem nam 30 milljónum króna. Þróunarfé búgreina er ætlað að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greinunum. Atvinnuvegaráðherra úthlutar styrknum og fagráð búgreina leggur faglegt mat á umsóknir en meðmæli þess eru forsenda styrkveitinga ráðuneytisins.

Verkefnin sem hlutu styrkveitingu voru fjölbreytt og sneru til að mynda að rannsóknum, fundarhöldum og fræðslu. Í nautgriparækt var það meðal annars verkefni sem sneri að fósturvísaflutningum í íslenskum kúm sem hlaut styrk. Verkefni um hámörkun á magni og gæðum uppskeru með notkun fjölrása-fjarkönnunarmynda og verkefni um áhrif brennisteins, magnesíums og kalsíums í áburði á uppskeru og efnainnihald fóðurs fengu styrk í bæði nautgriparækt og sauðfjárrækt. Rannsókn á umhverfissmiti á riðubæ, afkvæmarannsóknir á hrútum og frumrannsókn á eðli og erfðum kollótta og gula litarins í sauðfé voru meðal þeirra verkefna sem fengu styrk í sauðfjárrækt. Í hrossarækt rann styrkurinn til verkefnis um afnæmingu hesta með sumarexem og í garðyrkju var það ráðgjöf erlenda garðyrkjuráðunauta.

Verkefnin voru á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands, Tilraunastöðvar Háskólans Keldna og Karólínu Elísabetardóttur, bónda og frumkvöðuls. /kró

# EYLÍF Active **JOINTS**



„Ég mæli með Active **JOINTS** af heilum hug fyrir öll þau sem finna fyrir einhvers konar óþægindum í liðum“

***Guðrún Sigríður Jakobsdóttir***




„Óþægindin í hnjánum eru nánast farin með Active **JOINTS**“

***Stefán Ingi Óskarsson***

## Active **JOINTS** fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

Hrein íslensk gæðahráefni,
framleitt á Grenivík

Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Krónunni, Fjarðarkaupum og Heilsuhúsinu.



# Stórlandbúnaður fer illa með býflugur

**Býflugnabændur í Bandaríkjunum glötuðu á síðasta ári rúmlega 60% býflugnabúa sinna og er það eitt stærsta skrásetta býflugnatap þarlendis.**

Fækkun býflugna stafar af fjölbreyttum vandamálum tengdum loftslagsvá, líkt og hitasveiflum og búsvæðatapi, en stórlandbúnaður til matvælaframleiðslu spilar einnig stóran þátt.

Býflugan er minnsti en einna mikilvægasti verktakinn í landbúnaði. Býflugnarækt sem snýr að frjóvgun korns, fræja, ávaxta og grænmetis er burðarstólpi ræktunar þessara matvæla og talið er að þriðjungur allra nytjaplantna í heiminum sé frjóvgaður af býflugum.

Í Bandaríkjunum frjógva býflugur rúmlega 130 tegundir ávaxta, grænmetis og hneta. Býflugurnar eru fluttar í bílförmum milli akra þvert yfir landið og fylgja manngerðum tímaáætlunum. Þeim eru gefin fæðubótarefni í miklu magni til að auka framleiðni, jafnvel þegar búin eru einna veikust, líkt og í febrúarmánuði þegar þarf að frjóvga möndlutré. Þessi vinnuskilyrði hafa skaðleg áhrif á flugurnar og reynir sömuleiðis á býflugnabændur.

Hin ýmsu íðefni eru notuð í stórlandbúnaði og þó að mörg þeirra séu ekki merkt eitruð býflugum þá eru þau næstum banvæn. Efni líkt og sveppaeyðar og skordýraeitur sem inniheldur óvirk efni (e. inert pesticide), sem hafa hingað til ekki verið talin hættuleg býflugum, geta stöðvað eðlilegan vöxt býflugna, truflað æxlun þeirra og atferli við fæðuleit. Rannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á að efni líkt og sveppaeyðirinn Pristine geti skaðað minni býflugna.

Í stærri verkefnum, eins og frjóvgun möndlutrjáa í Kaliforníu, koma um 95% býflugnaræktenda til ríkisins með rúmlega tvær milljónir býflugna. Þetta er arðbært en áhættusamt þar sem meiri líkur eru á að hópar blandist og smitist þannig af varroa-mítlum, sníkjudýrum sem bera með sér banvæna sjúkdóma. Mikill niðurskurður hefur orðið á rannsóknum tengdum landbúnaði undir ríkisstjórn Trumps. Nú stefnir ráðuneytið á að loka Beltsville-býflugnarannsóknarstöðinni í Maryland-ríki en sú stofnun hefur verið leiðandi í rannsóknum og sjúkdómavörnum býflugna í rúm 90 ár.

Fækkun býflugna hefur víðtæk áhrif og matvælaiðnaður og stórlandbúnaður verða að styðja við bak býflugnaræktar og skapa öruggari skilyrði með því að endurskoða merkingar á íðefnum, styðja við rannsóknir og skapa fleiri náttúruverndarsvæði. An býflugnanna fellur ræktunarkerfið um sjálft sig og með því matvælakerfin sem við stólum á. */ kró*

# Holdétandi maðkar í bandarískum búpeningi

**Sníkjudýr sem hefur ekki fundist í Bandaríkjunum í um 60 ár er komið aftur.**

Þar er á ferð fluga sem ber latneska heitið *Cochliomyia hominivorax*, og hefur á íslensku verið nefnd skrúfufluga (e. New World Screwworm). Hún verpir eingöngu í lifandi hold, oftast nær í opin sár, bæði dýra og manna. Þegar lirfur flugunnar klekjast út éta þær holdið í kringum sárið sem leiðir til frekari sára og sýkinga. Hún getur reynst búfénaði banvæn. Tilfelli hafa greinst í dýrum í bæði Texas og Nýju-Mexíkó.





### Tólf tilfelli á tveimur vikum

Samkvæmt Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna (USDA) hafa greinst 12 tilfelli skrúfuflugu í húsdýrum í tveimur ríkjum síðan 3. júní síðastliðinn. 11 tilfelli hafa greinst í Texas og eitt í Nýju-Mexíkó. Flugan hefur aðallega fundist í kúm og nautgripum en einnig í hundi, geit og kind. Engin tilfelli hafa greinst í villtum dýrum.

Að sögn USDA þarf ekki að óttast um matvöru þar sem flugan leggst aðeins á lifandi dýr, ekki kjöt eða ávexti. Bændur og dýraeigendur í Bandaríkjunum eru beðnir um að fylgjast vel með sárum dýra og láta strax vita ef einkenni koma upp, líkt og vond lykt, útferð eða greinileg hreyfing maðka í holdi.

### Ófrjóar flugur sem vörn



Skrúfuflugan er þekkt í Mexíkó og Suður- og Mið-Ameríku. Í lok sjötta áratugar síðustu aldar stóðu Bandaríkjamenn í stórtækum aðgerðum gegn flugunni sem herjaði þá á landbúnað víða í Suðurríkjum og Miðvesturríkjum landsins. Herferðin gekk út á að rækta ófrjóar karlkyns skrúfuflugur og sleppa þeim lausum í stórum hópum. Vegna þess að kvenkyns skrúfuflugan hefur mök við karlflugu aðeins einu sinni á ævinni og það reynist ómögulegt fyrir hana að greina á milli frjórra og ófrjórra einstaklinga stundar hún þessi einu mök án þess að fjölga sér. Aðferðin bar árangur og var fluguna ekki að finna norðan Panamaskurðarins frá árinu 2004.

### Viðbrögð og varnir

Þar sem tilfelli greinast er sett upp 20 kílómetra radíussvæði þar sem gildir sóttkví, eftirlit er hert og takmarkanir gilda á tilflutningi dýra, ófrjóum flugum er sleppt og þar til gerðar flugnagildrur eru settar upp. Síðustu ár hefur flugan verið í sókn og hefur ófrjóum flugum verið sleppt þar sem stök tilfelli hafa greinst bæði í Mið-Ameríku og Mexíkó. Milljónum flugna hefur nú þegar verið sleppt í Zavala-héraðinu í Texas þar sem tvö tilfelli greindust nýlega með átta kílómetra millibili. Bandaríkin og Mexíkó hafa lokað á allan innflutning dýra á milli sinna landamæra og hefur Kanada sett tímabundið bann á flutning búfénaðar frá Texas. Hestar og kýr sem hafa verið í Texas innan við 21 dag fá ekki að koma inn í landið.

Flugurnar geta valdið miklu tjóni á landbúnaði og leitt til fjárhagstjóns bænda bæði ef dauðsföll verða á dýrum og vegna mikils sjúkrakostnaðar. Samkvæmt fréttamiðli Guardian er vöntun á mannskap og sérfræðingum vegna uppsagna ríkisstjórnar Trumps á starfsfólki innan Landbúnaðareftirlits Bandaríkjanna. Þetta hefur hægt mjög á viðbúnaði og eykur líkurnar á frekari útbreiðslu sníkjudýrsins, sérstaklega í sumar þar sem flugan sæmir sér vel í hita. */ kró*


Feneyjar, Flórens
& Róm
11. – 19. október 2026
Fararstjórn: Einar Garibaldi Eiríksson
Verð 499.900 kr. á mann í tvíbýli
Í þessari ferð heimsækjum við „hina heilögu þrenningu“ listaborga á Ítalíu. Hér njótum við ódauðlegra listaverka í heillandi umhverfi og kynnumst margslungnum töfrum borganna. Í Feneyjum látum við okkur líða um iðandi stræti og heillumst af íburðarmiklum byggingum. Í Flórens vitna söfnin og ríkmannleg torgin um gengna snillinga og engin borg í heiminum er eins rík af fornminjum og hin töfrandi Róm.
bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík
Framúrskarandi fyrirtæki 2025

Noregur:

# Uppnám í jarðarberjaræktun

**Skæður sveppasjúkdómur er kominn upp í jarðarberjaræktun í Noregi og vekur upp miklar áhyggjur. Stærsti jarðarberjaframleiðandinn þar í landi er meðal þeirra sem varð fyrir sjúkdómnum en hann hefur selt plöntur til fleiri bænda.**

Erfitt er að eiga við sjúkdóminn sem leggst á rætur plantnanna og tekur gjarnan tíma að uppgötva. Hann getur eyðilagt uppskeru og setið í jarðveginum í allt að 15 ár. Rætur jarðarberjaplantna eiga að vera ljósar á litinn en verða brúnar eða rauðleitar í gegn séu plöntur sýktar.

Í svari Þórhildar Ísberg, leiðandi sérfræðings í plöntueftirliti hjá Matvælastofnun, segir að flestar jarðarberjaplöntur sem fluttar eru inn til Íslands komi frá Hollandi. Hún segir téðan sjúkdóm (Phytophtora fragariae) vera á skaðvaldalista reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum sem bannað er að flytja inn. „Allar plöntur eru fluttar inn á plöntuheilbrigðisvottorði sem vottar að varan uppfylli skilyrði reglugerðar,“ segir Þórhildur.

Engin meðferð er til við sjúkdómnum og aðgerðir hjá norsku jarðarberjabændunum miðast að því að takmarka smitið og hvíla sýkt svæði. Mögulegt er að rækta aðrar tegundir þar sem sjúkdómurinn leggst ekki á. Í viðtali við Danmarks Radio, segir Andreas Andersen, sem er jarðarberjaræktandi, að smitið hafi mögulega komið frá Hollandi eða Þýskalandi en geti líka hafa borist á milli akra með landbúnaðartækjum, bílum eða skófatnaði. Hann áréttar að nauðsynlegt sé að þvo bæði ökutæki og skóbúnað þegar farið er á milli akra. Sama gildir hér á



**Jarðarber sem bíða þess að roðna í íslenskri sumarsól.** Mynd / eks

Íslandi þegar farið er á milli bæja og gróðrastöðva til að forðast mögulegt smit á hvers kyns plöntusjúkdómum. */eks*



STEINSMIÐJA AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is



# VIÐHALDSFRÍIR GARÐBEKKIR

**Granít 130cm um 140kg**





















***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***
***Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri***

## Áburðarmál:

# Gullgerðarlist í öllum sveitum



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Segja má að bændur um land allt stundi gullgerðarlist og umbreyti úrgangi úr búrekstri sínum í dýrmætan áburð. Munur er þó á milli búgreina hvað varðar nýtingu og hringrás næringarefna. Tilbúinn innfluttur áburður er enn ein af undirstöðum íslensks landbúnaðar á sama tíma og mikið fellur til af lífrænu efni sem hægt er að nýta til áburðargerðar og gæti gert bændur minna háða innflutningi tilbúins áburðar. Landbúnaður er einn af hornsteinum fæðuöryggis þjóðarinnar og aðgerðir sem lúta að aukinni nýtingu innlends áburðar hefðu jákvæð áhrif á fæðuöryggi, sjálfbærni og náttúruvernd.**

Landeldi er nýjasta búgreinin og þar fellur til gríðarlegt magn af nýtanlegu efni. Farvegi vantar fyrir hliðarstraumana en bændur í Færeyjum hafa minnkað notkun sína á tilbúnum innfluttum áburði um allt að 40% en þeir nota nánast allir áburð unninn úr fiskeldismykju. Á Íslandi er einnig framleitt fiski- og þörungamjöl í miklu magni en það er ekki notað til áburðar nema í örlitlu magni, heldur flutt út.



Heyskapur í fullum gangi í uppsveitum Árnessýslu um miðjan júní. Myndir / eks

### Orkumiklir hliðarstraumar

„Niðurstöður gefa til kynna að heildarmagn NPK næringarefna í lífrænum úrgangi sem fellur til á Íslandi er í svipuðu magni og í innfluttum tilbúnum áburði en magn niturs er þó töluvert lægra," segir í frétt frá Matís um *Greiningu á magni lífrænna áburðarefna á Íslandi og tækifæri til aukinnar nýtingar,* sem unnin var af Matís og birt í lok árs 2023. Þar segir einnig að „í ljósi þess að verð á tilbúnum áburði hefur tvöfaldast milli ára, að um takmarkaðar auðlindir er að ræða og óumhverfisvæna framleiðslu hans, þá er lífrænn úrgangur og vinnsla hliðarafurða orðnar enn mikilvægari auðlindir sem vert er að nýta í auknum mæli." Hægt miðar í aukningu á innlendri áburðarframleiðslu og verð á tilbúnum efnaáburði heldur áfram að hækka. Lokun Hormússundsins í Persaflóanum afhjúpaði fallvaltleika matvælaframleiðslu heimsins en við botn flóans er um þriðjungur þess áburðar framleiddur sem er notaður til að framleiða um helming alls matar í heiminum. Nýstofnuðum samráðshópi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra er falið að skoða ráðstöfunarleiðir fyrir lífrænan úrgang

### Ónýttir hliðarstraumar

Samkvæmt svörum frá formönnum búgreinadeilda Bændasamtaka Íslands við fyrirspurn um nýtingu hliðarstrauma má sjá að hluti þeirra er þegar vel nýttur á bæjum. Það gildir einna helst um hvers kyns búfjáráburð.

Innviði vantar til nýtingar dýrahræja sem nú er bannað að urða. Sama gildir um plöntuleifar úr garðyrkjunni þó í heildarsamhenginu sé það óverulegt magn, eða vel innan við 5000 tonn á ári.

Mykja og slóg úr landeldi og fiskveiðum á sjó eru dæmi um hliðarstrauma sem enn eru lítið nýttir. Fiskeldismykja sem fellur til nú er aðeins nýtt í landgræðslu en getur verið hráefni í áburð til landbúnaðar. Samkvæmt framleiðsluspám fjögurra stærstu landeldisfyrirtækjanna mun magn fiskeldismykju aukast úr 6.290 tonnum árið 2026 í allt að 70.000 tonn árið 2031, sé miðað við 30% þurrefni.

„Stærstur hluti slógs úr hvítfiskafla fer í sjóinn ár hvert og ekki er ólíklegt að um 40 þúsund tonn fari fyrir borð," segir í skýrslu um greiningu á magni lífrænna áburðarefna á Íslandi sem kom út árið 2022. Þar segir einnig að „meiri ávinningur er að vinna slóg til fóðurgerðar samanborið við áburð en með auknum kostnaði tilbúins áburðar gæti verðmunurinn minnkað". Sá aukni kostnaður er að raungerast einmitt núna.

Hér mætti telja fleiri uppsprettur lífræns efnis sem nýta mætti til áburðarvinnslu, svo sem það sem fellur til við grisjun skóga, nýtingu svartvatns og 10.000 tonn af hreinu timbri (ekki upprunavottuðu) sem Sorpa tekur árlega á móti, kurlar og flytur út til endurvinnslu.

### Magn fiskeldismykju mun tífaldast

Landeldi er vaxandi atvinnugrein á Íslandi en hefur lengi verið stunduð í litlum mæli. Stærðargráða landeldis í dag er meiri en nokkurs staðar í heiminum samkvæmt upplýsingum frá Lárusi Ásgeirssyni, formanni búgreinar landeldis hjá Bændasamtökum Íslands. Stór fyrirtæki á borð við Samherja, Laxey og First Water hafa þegar hafið sölu á fiski, en enn á eftir að finna farvegi fyrir hliðarstrauma greinarinnar.

Meðal landeldisbænda er vilji til að framleiða lífrænan áburð, lífgas og/eða lífkol, enda mikilvægt fyrir framleiðendur að stuðla að hringrásarkerfi svo framleiðslan laði að fjárfesta, sé arðbær og umhverfisvæn. „Alla innviði vantar til að safna verulegu magni af fiskeldismykju, og eru margvíslegar aðgerðir í gangi til að undirbyggja þá vegferð svo og finna heppilegasta vinnsluferlið fyrir fiskmykju," segir Lárus. Starfsleyfi fyrirtækja í landeldi er af þessum sökum óuppfyllt og nauðsynlegt að koma á slíkum innviðum. Landeldisbændur óska eftir góðu samstarfi við alla hagaðila og hafa óskað eftir svigrúmi og skilningi frá yfirvöldum á meðan langtímalausnir eru þróaðar og innleiddar.

Sigert Eggertsson er sauðfjárbóndi og formaður systursamtaka Bændasamtakanna í Færeyjum. Hann notar áburð frá FÖRKA, sem er lífgasver í Færeyjum sem framleiðir áburð úr m.a. fiskeldismykju. Í viðtali við hann á heimasíðu Terraforming LIFE segir hann að flestir bændur í Færeyjum noti áburðinn frá FÖRKA og að hann hafi reynst vel. Sjálfur sé hann þegar búinn að minnka notkun á tilbúnum áburði um 40% og stefni á frekari minnkun.

Í stöðuskjali um bætta nýtingu lífbrjótanlegra efna í landgræðslu og landbúnaði sem unnin er af EFLU og gefin út af matvælaráðuneytinu segir um nýtingu fiskeldismykju til landbúnaðar á Norðurlöndunum að vert sé að „fylgjast grannt með magni þungmálma og lyfjaleyfa í seyrunni sem geta í sumum tilvikum safnast upp í jarðvegi".

### Lífkolagerð

Lífkol verða til þegar lífrænt efni er brennt í súrefnissnauðu umhverfi við háan hita. Kolaagnirnar eru gljúpar og hafa því sérstaklega stórt yfirborð. Þær brotna seint niður en binda næringarsölt svo sem nitursambönd og draga þannig úr útskolun þeirra úr jarðveginum og eru eins konar geymslustaður næringarefna sem eru plöntum aðgengileg. Lífkol bæta þannig nýtingu næringarefna sem eru í jarðveginum. Sökum byggingar




### Áburðarnotkun hjá Akur Organic

Akur Organic er rekið af tvennum hjónum sem einnig eru sauðfjárbændur í Þistilfirði. Til áburðar í lífrænt vottaðri gulrótarræktun nota þau loðnumjöl frá fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja í Þórshöfn í akra sína, sem er staðsett um 20 km frá þeim. „Þetta er ákveðin sérstaða, neytendur kunna að meta vöruna," segir Jóhannes Ingi Árnason gulrótar- og sauðfjárbóndi.

Þau bera 1000-1200 kg af loðnumjöli á hektarann og nota ekki annan áburð.

Samkvæmt reglum um lífrænan landbúnað stunda þau skiptiræktun og rækta hveiti í ökrum sem eru í hvíld, sem svo er plægt ofan í jarðveginn til að bæta næringarefnum í jarðveginn og styrkja jarðvegsbygginguna.

sinnar eru þau skjól fyrir örverur sem þjóna lykilhlutverki í moldinni.

Lífkol er einnig hægt að nota sem íblöndunarefni í fóður fyrir búfénað, í votheysverkun, til að bæta gerjun og eyða lykt í haughúsum og til vatnshreinsunar í fiskeldi. Þar sem kalka þarf jarðveg vegna lágs sýrustigs geta lífkol komið í staðinn þar sem þau eru basísk og hækka sýrustig jarðvegs séu þau plægð niður í hann. Lífkol eru ekki framleidd á Íslandi en á því kann að verða breyting á komandi árum.

### Fiskimjöl og þörungamjöl flutt út

Fiskimjöl er dýrt miðað við tilbúinn innfluttan áburð en ljóst að nóg er framleitt af því á Íslandi. Fiskimjöl er sérstaklega ríkt af köfnunarefni og brotnar auðveldlega niður. Kristinn Lárusson, vinnslustjóri fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja í Þórshöfn, segir hana framleiða um 3800 tonn af fiskimjöli á ári. Það er að mestu makríl- og síldarmjöl undanfarin ár en einnig loðnumjöl. Loðnumjölið er hægt að nota í lífræna ræktun þar sem það er ekki úr deilistofni. Mjölið er að langmestu leyti flutt út til frekari vinnslu og fóðurs í fiskeldi.

Þörungamjöl er ríkt af steinefnum og snefilefnum. Slík efni eru ekki eiginleg næringarefni en eru plöntum engu að síður nauðsynleg til vaxtar og þroska líkt og mannslíkamanum og gott að nota með öðrum áburðargjöfum. Þörungamjöl er framleitt í Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum við Breiðafjörð. Mjölið er lífrænt vottað og unnið úr klóþangi og hrossaþara. Framleidd eru um 5.-6.000 tonn af þang- og þaramjöli á ári. Það er nánast allt flutt út. „Ef eftirspurnin væri til staðar þá væri það snilld, það er gríðarlegur vöxtur í notkun á vaxtaraukandi efnum erlendis sem styrkja einnig ónæmiskerfi plantna," segir Vésteinn Tryggvason, skrifstofustjóri Þörungaverksmiðjunnar. Mjölið frá Reykhólum er meðal annars nýtt til áburðar í Bandaríkjunum en nánast ekkert í ræktun á Íslandi. „Við höfum hingað til verið að selja íslenskum kaupendum á lægra verði." Þaramjöli er venjulega blandað í jarðveg, það er ríkt af stein- og snefilefnum en þangmjölið hefur vaxtarhvetjandi eiginleika.

### Ný reglugerð um áburðarvörur í vinnslu

Óvissa ríkir um reglur um áburð og gera þarf áhættumat á ýmsum efnum sem falla til, svo sem fiskeldismykju og endurmat á þeim áhættuflokkum dýrahræja sem þegar eru skilgreindir. Í febrúar á þessu ári var sagt frá því í blaðinu að „samkvæmt nýjustu tölum Umhverfis- og orkustofnunar fóru á árinu 2024 um 84% dýrahræja ólöglega til urðunar, en um 16% fóru lögformlega leið til brennslu". Þar kom einnig fram að stjórnvöld hafi nú gert ráð fyrir tímabundnu fjárframlagi fyrir árin 2026–2028 til að bjóða út og fjármagna rekstrarkostnað á samræmdu söfnunarkerfi fyrir dýraleifar.

Í svari frá atvinnuvegaráðuneytinu segir að unnið sé að drögum nýrrar reglugerðar um áburðarvörur, „þar sem er m.a. fjallað um öryggi áburðarvara úr lífrænum hráefnum sem ætlaðar eru innlendum markaði". Reglugerðin hefur ekki verið birt í samráðsgátt.

Garðyrkjan er nú á fimm ára aðlögunartímabili á meðan aðrar lausnir finnast, en mesta garðyrkjuframleiðsla landsins er í þéttri byggð í uppsveitum Árnessýslu á meðan bændur í dreifðari byggðum geta sett sinn úrgang út fyrir hús til niðurbrots. Óljóst er hvað verður að því tímabili loknu en vilji er meðal garðyrkjubænda til að nýta úrgang úr framleiðslu sinni betur í samstarfi við aðrar búgreinar, svo sem kúabændur.



**Hulda Brynjólfsdóttir, bóndi á Tyrfingsstöðum, með moltuvendið sem notað er til að keyra yfir moltuhauginn og hræra í honum.**

Möguleikar hafa verið skoðaðir á stofnun lífgasvers á svæðinu sem reynist óhagkvæm, segir Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar BÍ. Stofnun lítilla lífgasvera á kúabúunum er í skoðun, þangað sem garðyrkjubændur myndu skila sínum úrgangi en nokkrir aðilar hafa farið til Belgíu í rannsóknarferð til að skoða slíka möguleika. „Við stofnuðum fyrirtækið Lífgas ehf., nokkrir garðyrkjubændur og sveitarfélagið Bláskógabyggð, og erum í alls konar þróunarvinnu. Nýjustu hugmyndirnar eru að skoða möguleika á að hakka garðyrkjuúrganginn og setja beint í mykjuhauga og dreifa með mykjunni. „Ef úrgangurinn er hakkaður byrjar hann að gerjast í mykjunni og þetta finnst okkur einföld og spennandi aðgerð og kostnaðurinn nánast enginn." Aðrir möguleikar eru í skoðun, svo sem að vera með sameiginlega moltugerð garðyrkjubænda en úrgangur úr garðyrkju er vatnsmikill sem er áskorun en hann er öruggur. „Það þarf að finna hagkvæma leið til að nýta þetta, ef landeldisbændur myndu til dæmis reisa lífgasver í Ölfusi og sjá hag sinn í að sækja úrgang hingað þá er það lausn líka."

### Innflutt aðföng undirstaðan

Ísland er ekki sjálfbært nema að mjög takmörkuðu leyti hvað varðar fæðuöryggi. Matvælaframleiðsla á Íslandi er að miklu leyti háð innfluttum aðföngum, svo sem sáðvöru, frjóvguðum eggjum, kjarnfóðri, plöntuvarnarefnum, umbúðum og áburði.

Matvælastofnun (MAST) sinnir eftirliti með áburði og gefur árlega út áburðareftirlit. Skýrsla ársins 2025 hefur ekki verið birt. Tölur um innflutning á tilbúnum áburði og jarðvegsbætandi efnum sýna að á árinu 2024 voru flutt inn um 55 þúsund tonn, 2023 rúm 42 þúsund tonn og árið 2022 rúm 50 þúsund tonn.

Algengasta aðferðin til áburðargjafar er að nota tilbúinn innfluttan áburð í bland við það sem til fellur á hverjum bæ, svo sem húsdýraáburð. Innfluttur tilbúinn áburður er samsettur með næringarþörf plantna í huga og er því þægilegur í notkun. Ræktandi getur vitað nákvæmlega hver áburðarþörfin er og keypt inn og dreift samkvæmt henni. Tilbúinn áburður leysist fljótt upp og verður aðgengilegur plöntum en hann skolast jafnframt auðveldlega úr jarðveginum og getur borist út í nærliggjandi vatn og mengað það líkt og margar þjóðir glíma við.

### Orkufrek og mengandi framleiðsla

Framleiðsla tilbúins áburðar er bæði gríðarlega orkufrek og mengandi. Ástæða þess að mikið er framleitt af köfnunarefnisríkum tilbúnum áburði við Persaflóann er að framleiðslan er háð jarðgasi og jarðefnaeldsneyti sem er þar í ríkulegum mæli.

Fosfór og kalíum eru unnin úr náttúrulegum námum sem eru takmarkaðar auðlindir. Steinefni, svo sem fosfatgrýti, eru mulin og efnafræðilega hreinsuð. Helstu fosfórnámur heims eru á Kólaskaga í Rússlandi, í Kína, Marokkó og Bandaríkjunum. Stríð Rússlands í Úkraínu og viðskiptaþvinganir á Rússland hafa áhrif á innflutning auk þess sem kolefnisfótspor framleiðslu og flutnings tilbúins áburðar er mikið.


**Moltuhaugurinn á Tyrfingsstöðum. Í honum er gamalt hey, undirburður, hænsnaskítur, trjáklippur og annað lífrænt efni sem fellur til í nærumhverfinu.**

> „Þetta er ákveðin sérstaða, neytendur kunna að meta vöruna ...

Ólíkt olíugeiranum hefur áburðargeiri heimsins engar alþjóðlegar samræmdar birgðir.

### Stór tímamót í augsýn

Íslenskt tæknifyrirtæki, Atmonia ehf., á uppruna sinn í rannsóknum í efna- og eðlisfræði í Háskóla Íslands og er nú langt komið með þróun búnaðar sem framleiðir ammóníak úr lofti, vatni og rafmagni og miðar að umhverfisvænni framleiðslu köfnunarefnisáburðar. Tæknin byggir á rafgreiningu og er umhverfisvæn. Aðferðin krefst mikils rafmagns og er því hentug á Íslandi þar sem aðgengi að endurnýjanlegum orkugjöfum er mikið.

„Grunnhugmyndin snýst um að formbreyta niturgasi, sem myndar um 80 prósent af andrúmsloftinu, í fast og nýtanlegt form köfnunarefnis — eða ammoníak," eins og sagt var frá í blaðinu í október 2025 í viðtali við Helgu Dögg Flosadóttur, framkvæmdastjóra Atmonia. Þar kemur fram að fyrirtækið stefnir á að framleiða fyrsta framleiðslubúnaðinn í fullri stærð á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir að þessi stórmerka uppfinning muni geta fullnægt þörfum landbúnaðar á Íslandi um köfnunarefnisáburð og gert innflutning hans óþarfan, sem verða stór tímamót ef fer sem horfir. Í upphafi var gert ráð fyrir að hvert býli gæti haft sína framleiðslu í búnaði á stærð við þvottavél en hagkvæmara virðist að stækka einingarnar í gámastærð og samnýta í nærsamfélagi bænda.

Ammóníak er eitt mest framleidda efni heims og um 1% af koltvísýringslosun heims stafar frá framleiðslu þess og lausnin því mikilvægt skref í átt að sjálfbærari og umhverfisvænni áburðarframleiðslu.

*-Framhald á síðu 22*





Beitarstýring á Tyrfingsstöðum. Kýr og kálfar eru daglega rekin í nýtt beitarhólf og fá þar fjölbreytt fæði og traðka um leið næringarefni ofan í jarðveginn.
Mynd / Hulda Brynjólfsdóttir

Maður sá aldrei pening, núna eigum við pening ...

### Áburðarþörf og áburðargjöf

Áburðarþörf og áburðargjöf þarf að samhæfa óháð því hvaða aðferð til þess er beitt. Öll ræktun í mold er háð því að plöntur hafi aðgengi að þeim næringarefnum sem þær þurfa og það er undir bændum komið að færa þau í jarðveginn.

Næringarþörf plantna er misjöfn og mismikil eftir tegundum, en þær eiga lykilnæringarefni til vaxtar og þroska sameiginleg. Bændur þurfa að huga að samsetningu áburðar, hvort sem er tilbúins eða úr lífrænum efnum, eftir því hvað er verið að rækta. Aðalnæringarefni plantna eru köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K). Önnur helstu næringarefni eru magnesíum (Mg), kalsíum (Ca) og brennisteinn (S). Helstu stein- og snefilefni eru járn (Fe), mangan (Mn), sink (Zn), kopar (Cu), bór (B) og mólybden (Mo). Öll þessi efni finnast í mismiklu magni í lífrænu efni.

Kúabændur nota það sem fellur til af kúamykju á býlum sínum, hún hefur enda löngum verið talinn verðmætur áburður. Mykjan er vatnsmikil og ekki aðskilin vatni sem notað er við þrif og því þarf mikið magn af henni til að ná viðunandi magni næringarefna í ræktun. Sama gildir um sauðatað og skít úr hrossa-, svína-, geita-, og alifuglarækt sem alla jafna er nýttur á tún, akra og til landbóta. Í skýrslu Matís um uppruna og kortlagningu lífræns úrgangs á Íslandi frá árinu 2022 er þó bent á að eiginlegur uppruni húsdýraáburðar er að stærstu leyti úr innfluttum tilbúnum áburði og kjarnfóðri.

Til eru fornar aðferðir sem eru markvisst notaðar í lífrænum og auðgandi landbúnaði og byggja meðal annars á skiptiræktun, beitarstýringu og nýtingu ýmis konar lífræns efnis. Aðferðirnar má einnig nota að hluta og aðlaga að hefðbundnum landbúnaði.

Í einræktun er vistkerfið fábreytt, jarðvegsbyggingin lélegri og þörf fyrir áburð meiri. Það að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni vistkerfis styrkir viðnámsþrótt jarðvegs og plantna og heilbrigði.

### Aukin afköst og meiri sveppamassi

Sveppamassi er næringarríkur áburðargjafi, góður fyrir jarðvegsbyggingu og ber ekki með sér illgresisfræ. Hann er að uppistöðunni gerður úr mómold, hálmi og hænsnaskít.

„Við komum til með að ná aðeins meiri afköstum og meiri massa þar af leiðandi á næstu misserum," segir Ævar Eyfjörð Sigurðsson, bústjóri Flúðasveppa. Um það bil 5.500–6.000 $m^3$ falla til á ári af sveppamassa sem notaður er við ræktun matsveppa. „Við hjá Flúðasveppum og Flúðajörfa nýtum um helming hans sjálf í ræktun á byggi, hveiti, strandreyri, spergilkáli og gulrótum. Um fjórðungur fer til annarra bænda til ýmissar ræktunar. Afgangurinn er nýttur í moldarframleiðslu hjá okkur." Sveppamassinn og moldarblöndurnar eru einnig seldar í lausu magni og stórsekkjum til bænda og frístundaræktenda sem sækja efnið til þeirra.

## Áburðarnotkun á Tyrfingsstöðum

Búskapur á Tyrfingsstöðum snýst um að efla og bæta jarðveginn og nýta sömu aðferðir og náttúran. Þar er framleitt lambakjöt, nautakjöt, svínakjöt, egg og ull úr eigin vinnslu. „Áskorunin við íslenskar aðstæður eru stutt vaxtartímabil, svöl sumur og umhleypingar. Við notum jórturdýr til að auðga jarðveginn, þéttleika beitar og beitarstýringu. Við beitum hjörðinni sem telur 112 gripi á lítið svæði í einu og færum þá daglega og lokum á eftir þeim. Kýrnar éta allan gróðurinn, sem hefur þá jafnt tækifæri á að vaxa upp aftur. Þær skilja eftir skít og hland og traðka niður það sem er eftir. Traðkið verður því jafnt og veldur því að allt fer betur niður í jarðveginn. Ensím leysast út í gróðurinn þegar kýr bítur gras, beit hefur því örvandi áhrif á grasvöxt ólíkt því þegar það er slegið. Hænur eru látnar ganga á eftir hjörðinni sem bæði róta í jarðveginum og skilja eftir sig skít."

Undirburður, hænsnaskítur, gamalt hey, trjáklippur og annar lífrænn úrgangur sem fellur til eða aðgengi er að úr nærumhverfi er safnað í langan haug og blandað saman með moltuvendi, eins konar hrærivél sem keyrð er yfir hauginn. Haugurinn jarðgerist og er látinn vetrast áður en honum er dreift á túnin. „Okkar reynsla er að hænsnaskíturinn er hvað öflugastur en við kaupum líka kjötmjöl og berum þessi efni á saman eða til skiptis með moltunni."

„Þetta er ekki meiri vinna en í hefðbundnum landbúnaði, en hún er öðruvísi. Hún er miklu skemmtilegri því við getum verið svo mikið með skepnunum. Við erum minna í traktornum og meira á fæti. Við sjáum betur hvernig ástandið er á kúnum þegar við sjáum þær labba fram hjá okkur inn í næsta beitarhólf, svo dýraeftirlit er meira." Aðspurð um bókhaldið segir Hulda þau hafa byrjað í hefðbundnum búskap. Þá hafi þau keypt áburð og greitt fyrir hann að hausti þegar innleggið fyrir kindurnar og nautin kom. „Maður sá aldrei pening, núna eigum við pening."




### Sláturúrgangur

Orkugerðin á Selfossi tekur á móti framleiðsluleifum frá sláturhúsum og kjötvinnslum í hráefnismóttöku verksmiðjunnar og vinnur úr því kjötmjöl sem hægt er að nota sem áburðargjafa í ræktun sem ekki er ætluð til manneldis. Það er auðugt af köfnunarefni.

Orkugerðinni varð heimilt að auka framleiðslugetu sína í vinnslu á 14.000 tonnum af hráefni á ári í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir móttöku og meðhöndlun á lífrænum úrgangi þar sem reglur um urðun á honum hafa verið hertar. Röð frávika voru skráð við starfsleyfi Orkugerðarinnar við reglubundið eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar, úrbótaáætlun lögð fram og verða úrbætur teknar út í eftirliti ársins 2026.

„Bændur nota þau úrræði sem eru í boði fyrir hvert svæði," sagði Jón Magnús Jónsson, formaður búgreinadeildar alifuglaræktenda, en stærstur hluti framleiðslunnar er á starfssvæði Orkugerðarinnar. Á öðrum svæðum er í sumum tilfellum aðeins brennsla eða urðun í boði.

### Grænáburður, skiptiræktun og beitarstýring

Svokallaður grænáburður eða þekjuræktun er nýtt í lífrænum og auðgandi landbúnaði sem hluti af skiptiræktun en getur nýst í hefðbundnum landbúnaði. Þá eru akrar hvíldir til skiptis og í þeim ræktað til dæmis hveiti, bygg, smárar eða belgjurtir sem binda köfnunarefni úr andrúmsloftinu. Í sumarlok er akurinn sleginn og plægður svo sprettan blandast við jarðveginn og færir í hann auknar trefjar og köfnunarefni, eða beitt er á hann. Þar sem loftslag er hlýrra er sáð í akrana í árslok eða ársbyrjun og plægt að vori. Á Íslandi er sumartíðin of stutt til þess og aðferðin krefst aðlögunar og hvíldarakra.

„Eitt grundvallaratriðið er að jarðvegurinn sé aldrei opinn," segir Hulda Brynjólfsdóttir, sem er bóndi á Tyrfingsstöðum. Þau fengu ráðleggingar frá bandarískum sérfræðingi í auðgandi landbúnaði sem setti saman fræblöndu úr þeim fræjum sem fáanleg voru á Íslandi og af plöntum sem styðja hver aðra. Blöndunni er sáð og samanstendur af logasmára, rauðsmára, næpum, ertum, byggi, höfrum, hveiti, rýgresi og repju. „Aðferðin hefur gert það að verkum að beitartíminn er lengri og gjafatíminn er styttri, við gefum líka öðruvísi en áður og er fóðurnýting miklu betri og notkun á heyi úr rúllum hefur minnkað um meira en helming."

Mikil þekking er til staðar í landinu á fjölbreyttum búskaparháttum. Skýr dæmi eru um að með beitarstýringu og vel þekktum aðferðum auðgandi landbúnaðar megi auka nyt af landi og stækka bústofn án þess að auka við land. „Draumurinn væri að fleiri bændur tækju upp viðlíka aðferðir. Við viljum gjarnan, ef einhver hefur áhuga, ræða þetta við aðra bændur," segir Hulda. „Þegar maður sér muninn þá er ljóst að þetta er leiðin."

# Velja íslenskt, lífrænt heilhveiti í baksturinn

– Bakarísþjóðin mikla



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Fleiri bakarar landsins velja lífræna heilhveitið frá Vallanesi í bakaríin sín.**

Uppskera ársins á heilhveiti í Vallanesi var fjögur tonn á hektara árið 2025 sem þykir mjög gott. Síðasta góða ár var 2021 en bændur þar á bæ halda ræktun ótrauðir áfram. Villt, hrátt, kraftmikið og sætt eru meðal eiginleika íslenska heilhveitisins segja bakararnir.

### Góður orðstír berst út

„Ég held að fólk fatti ekki alveg hvað þetta er virðingarvert starf sem er í gangi á Vallanesi, að rækta hveiti sem er erfitt og flókið og í þokkabót lífrænt, sem er alveg magnað. Og alveg galið að velja eitthvað annað,“ segir Ari Hermannsson, einn eigenda 280 bakarís á Klapparstíg en hann lærði í Brauð & Co. „Þeir störtuðu smá bylgju af bakaríum sem er virkilega skemmtilegt.“

Sigurður Máni Helguson, framkvæmdastjóri Brauð & Co., segir „heilhveitið frá Vallanesi endurspegla íslenska náttúru, það er villt og hrátt, það gefur mikinn kraft í súrinn okkar. Við viljum helst alltaf versla í nærumhverfinu, en förum fram á að það fylgi þeim gildum sem við stöndum fyrir, og það er helst að það sé lífrænt.“ Hann segir einu undanþáguna sem þeir gera vera íslenska smjörið, „það væri frábært ef það væri lífrænt. Ef við getum verslað hjá lífrænum bændum, þá gerum við það,“ segir hann. Sigurður nefnir einnig rabarbararæktun sem vöntun sé á en þeir nota mikinn rabarbara, hann sé enda gott hráefni. Þeir kaupa allan þann rabarbara sem þeir komast í en vilja um leið að fleiri geti notið hans.

Um íslenska heilhveitið frá Vallanesi segir Jón Anton Bergsson, yfirbakari í Brauð & Co., að þeim finnist mikilvægt að styðja íslenska framleiðslu en einnig að þau séu ánægð með að hráefnið sé lífrænt vottað. „Við höfum verið ánægð með gæðin og það hefur reynst okkur vel, sérstaklega síðasta uppskera. Við höfum ekki séð ástæðu til að breyta. Við höfum einnig byrjað að nota heilkornið frá þeim, sem við sjóðum upp í graut og notum sem viðbót í brauðin okkar.“



Ari með nýbrotin brauð á leið í seinni lyftingu. Mynd / eks



Hveitiakrar á Vallanesi sumarið 2025. Mynd / Aðsend



Jón Anton Bergsson, yfirbakari Brauð & Co. Mynd / Brauð & Co.

### Íslenska heilhveitið er sætt

„Í takti við að við erum á Íslandi og erfitt að rækta, sem mér finnst dálítið rómantískt, þá erum við alltaf að laga okkur að hráefninu, sem er ekki alltaf eins. Það er partur af því að vinna með flott og lífrænt hráefni,“ segir Ari. „Mér finnst íslenska heilhveitið vera svo bragðgott, það er aðeins sætara en það sem við höfum prófað erlendis frá og er áhugaverður eiginleiki, alveg dásamlegt hveiti.“ Ari segir bræðurna í Brauðhúsinu í Grímsbæ, þar sem nú hafa orðið eigendaskipti, hafa verið frumkvöðla í þessum efnum og notað heilhveitið frá Vallanesi í brauðin sín og gert tilraunir með að nota það einvörðungu líka.

„Það er gott að velja íslenskt hráefni og spara flutninginn yfir hafið og allt það sem fylgir því að flytja inn. Við erum þá alltaf með ferskt malað eftir pöntun,“ segir Ari. „Í raun er hægt að nota íslenska heilhveitið eins og hvert annað heilhveiti, þetta er flott vara og jafnvel flottari en þetta innflutta. Við erum búin að vera að prófa okkur áfram með að skipta því alveg út fyrir innflutt heilhveiti og það kemur mjög vel út,“ segir Ari en í 280 nota þau innflutt, lífrænt hvítt hveiti á móti þar sem þarf.



Nýbökuð brauð í 280 bakarii. Mynd / 208 bakarí

### Tígulegir akrar

Í Vallanesi fer fram fullvinnsla á lífrænu heilhveitikorni og byggi, ræktun, þurrkun, mölun, völsun, vinnsla og pökkun. „Bygg er norðlægasta korntegundin, sú tegund sem þú getur ræktað með þokkalegu öryggi á Íslandi, allt annað er lotterí. Yfirleitt er heilhveiti of grænt og þá hefur það enga bökunareiginleika, en það hafa komið tvö ár þar sem við ræktuðum bökunarhæft heilhveiti, fyrst 2021 og svo síðasta sumar sem var enn betra,“ segir Eymundur Magnússon, bóndi í Vallanesi.

Eymundur segir stráið þurfa að ná að verða hvítt alveg niður í jörð svo það sé fullþroskað, þá er það búið að taka upp alla þá næringu sem það getur. „Það er uník að fá það svona vel þroskað, þetta er svo tígulegt.“

Eymundur hefur verið að sá fyrir hveiti í þrjá hektara og uppskeran verið frá því að vera nær engin og upp í 12 tonn árið 2025. „Fjögur tonn á hektara telst meira að segja gott í byggi.“ Árlega eru uppskorin á bilinu 80–100 tonn af byggi í Vallanesi.

Eymundur útilokar ekki að til séu harðgerðari yrki en heldur ótrauður áfram með það yrki sem hann er með og eráttar um leið að í allri ræktun sé fólgin áhætta. „Við erum að rækta sömu tegundir og eru ræktaðar í Evrópu, þurfum ekki að spá í kynbætur, þetta eru yfirleitt finnsk afbrigði, sem eru kuldaþolin, en maður getur ekki satsað á heilhveitið eins og byggið.“

Hann segir ræktunarskilyrðin vera ólík á milli landshluta. „Skógræktin hefur bætt ræktunarskilyrðin hér og skýlir ökrunum okkar. Það sem er umfram á Suðurlandi er lengri sumartími, það er oft hægt að sá fyrr þar. Það hefur til dæmis tekist að rækta hafra á Sandhóli, sem mér hefur ekki tekist hér.“

Eymundur kallar eftir aukinni meðvitund neytenda um íslenska framleiðslu. „Ef menn vilja styðja við íslenska framleiðslu og sjálfbærni, þá verða þeir að taka eftir því sem er framleitt hér. Við Ólafur á Þorvaldseyri höfum staðið saman á sýningum og verið alveg að rifna úr monti yfir því að geta ræktað hveiti, svo kemur kúnninn og segist vera búinn að nota íslenskt heilhveiti í mörg ár, og það lekur úr okkur loftið, neytendur eru stundum ekki meira upplýstir en þetta,“ segir Eymundur og glottir í kampinn.

„Ég er bullandi hlutdrægur en mér finnst vanta meiri áherslu á að það er verið að framleiða íslenskt korn, af því að það er verið að framleiða gæðavöru. En það er gaman að sjá að svona ungur strákur sjái gildið í því að nota íslenskt heilhveiti,“ segir Eymundur um áhuga Ara í 280 bakaríi, sem hann hefur ljóslega miklar mætur á.




DYNJANDI
allt fyrir öryggið

TILBOÐ
899.000,- m/vsk*
*Gildir út júní 2026

Áreiðanleg loftpressa frá hinum virta framleiðanda ELGi. Kemur með þurrkara sem getur náð daggarmarki + 3°C og 270 l loftkút með tímastilltu dreni.
Stærð í mm: L: 1825 x B: 773 x H: 1405
5 ára ábyrgð með þjónustusamning.

- Loftpressa 5,5 kW
- Afkastageta 650 l/mín
- Þurrkari + 3°C
- 270 l loftkútur
- Hámarksþrýstingur 10 bar
- Hljóðstyrkur aðeins 64 dB (A)
- Þriggja fasa / 400 V

Fáanleg með matvælavottaðri olíu og í öðrum stærðum.
Einnig hægt að ná ISO 8573-1 gæðastaðli 1:4:1 með tveimur þrýstiloftssíum.

Dynjandi ehf. | Skeifunni 3 | 108 Reykjavík | Sími 588 5080 | dynjandi.is | hafsteinn@dynjandi.is


Þakklæðningar
H. HAUKSSON
Finnsk framleiðsla • 30 ára reynsla á Íslandi • CE vottuð framleiðsla
GREENCOAT
Bárujárn
Verð kr. 3.460 m2 með vsk.
GREENCOAT
Stallað stál
Verð kr. 3.900 m2 með vsk.
GREENCOAT
Trapisustál
Verð kr. 3.460 m2 með vsk.
Fjölbreytt litaúrval!
H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is
WECKMAN
MADE IN FINLAND


MHG VERSLUN
KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ
Tyrolit FGE280
Gólfslípivél
Slípiflötur 28cm
Tyrolit DME22SU
Kjarnaborstandur
Hám. borunardýpt 160mm
Tyrolit FSG513P
Malbikssög - bensínknúin
500mm blað
Sögunardýpt 19,5cm
Tyrolit VCE2400
Iðnaðarryksuga 2,4 kW
Hönnuð fyrir gólfslípun
TYROLIT
Tyrolit FSE811
Gólfsög - rafknúin
Sögunardýpt 32cm
Tyrolit TS40 Precut
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 16,5cm
Tyrolit Ringsaw TR40
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 30cm
Tyrolit steinsagarblöð
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is

# Leggja áherslu á veitingastarfsemi og afþreyingu við hleðslustöðvar

Björn Teitsson
bjorn.teitsson@gmail.com



**Orkusalar leggja sífellt meiri metnað við að gera „hleðslustopp“ rafbílaeigenda skemmtileg með því að samtvinna þau við þjónustu og afþreyingu. Þetta segja viðmælendur Bændablaðsins, sem leggja allir áherslu á að það eigi ekki að vera kvöð að stöðva til að hlaða rafbíla, þvert á móti eigi það að vera tilhlökkunarefni á lengri ferðalögum um landið. Þjónusta og afþreying verður sífellt fjölbreyttari og betri við hleðslustöðvar, sem veitir vegfarendum ærið tilefni til að nema staðar og njóta lífsins á meðan beðið er eftir að hleðslu lýkur.**

Tækninni fleygir fram og það sama á við um innviðauppbyggingu orkuskipta fyrir samgöngur á landi. Fyrir rétt um áratug var heildarfjöldi rafbíla á Íslandi um 1000 en síðan hefur margt breyst. Á síðustu sex árum eru rafbílar stöðugt efstir í hlutfalli nýskráninga og fór tala nýskráðra rafmagnsbíla til að mynda yfir 10 þúsund á árinu 2023, sem var síðasta árið sem boðið var upp á skattaívilnun vegna kaupa á nýjum rafbílum. Síðan þá hafa rafbílar, þrátt fyrir ögn dræmri sölu, verið efstir í flokki nýskráninga. Það er ekki síst hin mikla og öra innviðauppbygging um allt land sem hefur haft mikið að segja þegar kemur að rafbílum – og hvort það sé raunhæft fyrir fólk, á landsbyggðinni sérstaklega, að nýta sér rafbíl frekar en bíl sem er knúinn jarðefnaeldsneyti.




**Árið 2015 var heildarfjöldi hreinorkubíla á Íslandi rétt um 1000 en þeim hefur fjölgað ört síðasta hálfa áratuginn. Nú eru hreinorkubílar iðulega í efsta sæti á vinsældalista nýskráðra bíla.** Heimild: Samgöngustofa.



### Stoppa þótt ég þurfi þess ekki

Fáir hafa fylgst jafn vel með rafbílavæðingunni á Íslandi og Sigurður Ingi Friðleifsson, fyrst sem framkvæmdastjóri Orkuseturs en í dag starfar hann sem sviðsstjóri orkuskipta og orkunýtni hjá Umhverfis- og orkustofnun. „Breytingarnar sem hafa orðið bara á síðustu fimm árum eru ótrúlega miklar og tækniframfarirnar eru örar og merkjanlegar.“ Sigurður er sjálfur rafbílaeigandi og þarf, starfs síns vegna, að aka reglulega milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Hann bendir á að nú sé svo komið að margir rafbílar hafi það mikla drægni að í rauninni sé ekki nauðsynlegt að stöðva á leiðinni, tæknin sé orðin það þróuð að margir bílar komist auðveldlega milli Akureyrar og Reykjavíkur á einni hleðslu. „Bæði hafa orðið miklar framfarir þegar kemur að rafhlöðunni sjálfri þegar kemur að stærðarhagkvæmni og orkunýtni. Þá er einnig hleðsluhraðinn orðinn skemmri í tíma og stutt þangað til að full hleðsla kemur til með að nást á svipuðum tíma og það tekur að fylla fólksbíl af jarðefnaeldsneyti.“ En þrátt fyrir þetta telur Sigurður mikilvægt og sjálfsagt að stoppa á lengri ferðum. Það er einfaldlega hollt og gott að teygja úr sér og fá blóðið af stað, gott að seðja hungrið eða nýta salernið. Svo er líka öryggisatriði að stoppa á lengri ferðalögum. „Mér finnst sjálfsagt mál að stoppa á leiðinni til að hlaða og finnst persónulega betra að vera með góða hleðslu þegar ég kem á áfangastað. En svo er þetta líka öryggisatriði og lífsgæðaatriði. Það skiptir máli að vera ferskur við aksturinn og nú er oftar en ekki hægt að velja úr fjölda áningarstaða sem bjóða upp á alls konar veitingar og þjónustu, sem er vel.“

### Vinna markvisst með umhverfi, afþreyingu og veitingar

Tinna Jóhannsdóttir er forstöðumaður markaðsmála og sjálfbærni hjá Orku náttúrunnar (ON). Hún segir það vera hreinar línur að reyna að koma til móts við viðskiptavini, í fyrsta lagi með því að þétta net hraðhleðslustöðva við þjóðveginn og á landsbyggðinni yfir höfuð, en ekki síður með vali á staðsetningum stöðvanna svo þær bjóði upp á skemmtilega upplifun. „Við höfum haft að leiðarljósi þá hugmynd að fólk ætti ekki að vera stoppa til að hlaða, heldur frekar að hlaða á meðan það stoppar. Að staðsetningin sé í nánum tengslum við t.d. veitingasölu, leiktæki fyrir börn eða við útsýnisstaði eða innan í grænni náttúru, við sundlaugar eða bókasöfn, í grunninn reynum við að finna staði þar sem fólk getur dvalið um stundarkorn og notið lífsins.“ En hefur þetta verið stefnan lengi, og verður hún til langframa? „Við höfum verið með góða stefnu í þessum málum frá því um 2023 langar mig að segja. Við erum til dæmis búin að hanna svokallaða hleðslugarða, meðal annars í Öskjuhlíð og á Borgarnesi, og þá reynum við að hanna umhverfið þannig að það sé huggulegt, að þar séu bekkir til að setjast niður, þar er trampólín fyrir krakkana og mylluspil og margt fleira, í raun að þetta sé alls ekki eins og tíðkaðist fyrir nokkrum árum, þar sem hleðslustöðvar voru oftar en ekki við hliðina á ruslageymslum á bensínstöðvum.“

## Víðigerði sigraði með yfirburðum

Bændablaðið freistaði þess að spyrja matgæðinga á hinu geysifjölmenna Facebook-svæði „Matartips“, hvar væri best að nema staðar á löngum ferðalögum til að hlaða rafbíla á lengri ferðalögum. Nokkrir staðir fengu tilnefningu, en þar á meðal má nefna hinn sögufræga Staðarskála, Flókalund í Vatnsfirði og Friðheima í Reykholti. Langflest atkvæði fékk þó veitingastaðurinn North West í Víðigerði í Vestur-Húnavatnssýslu, sem var áður og um árabil ein vinsælasta vegasjoppa landsins. Á veitingastaðnum í dag er klassískur matseðill með vönduðum skyndibita sem viðskiptavinir kunna greinilega vel að meta.

### Sjoppan lifir góðu lífi á landsbyggðinni

Magnús Hafliðason, framkvæmdastjóri N1, tekur í svipaðan streng en áréttar að N1 sé einstakri stöðu þar sem fyrirtækið heldur sjálft úti sínum bensín- eða orkustöðvum sem innihalda jafnan verslun, veitingastað, viðhaldsþjónustu fyrir bifreiðar og oftar en ekki afþreyingu fyrir börn. „Það sem við höfum verið að gera er að byggja upp hraðhleðslunetið okkar í kringum þjónustustöðvarnar sem við búum að um land allt. Þess er heldur ekki langt að bíða að hægt verði að aka hringinn í kringum landið án þess að hlaða hjá öðrum aðila en N1. Að okkar mati vinna þessir hlutir náið saman, að bjóða upp á góða þjónustu, hvort sem það er stutt stopp til að fara á salernið, fá sér kaffi eða til að eiga lengri dvöl með máltíð.“ N1 hafi byggt upp sterkar miðstöðvar þjónustu og hraðhleðslu víða um land. „Til að mynda í Borgarnesi, á Blönduósi, Staðarskála, Ísafirði, Egilsstöðum og erum að fara í uppbyggingu á Leirunni á Akureyri og víðar. Það er allt annað upp á teningnum núna, heldur en fyrir ekki svo löngu þar sem þú varst neyddur til að sitja á einhverju bílaplani þar sem var kannski ekkert.“ Bjóða orkuskiptin þá mögulega upp á tækifæri til að stimpla vegasjoppuna í íslenskri menningu enn frekar í sessi? „Vegasjoppan lifir í fyrsta lagi góðu lífi víða á landsbyggðinni og er oft lykilþáttur á leið fólks um landið. Það er okkar mat að fólk kunni vel að meta að geta hlaðið bílinn á áreiðanlegum hraðhleðslustöðvum á meðan það nýtir sér aðra þjónustu á staðnum. Til að ferðast lengri vegalengdir á Íslandi þarf nefnilega að huga að fleiri atriðum en bílnum sjálfum. Við þurfum að næra okkur sjálf, viðra krakkana, fara á klósettið. Allt það sem fylgir þessum klassísku ferðalögum sem við kunnum að meta.“

## Engin ástæða til að banna nýskráningar jarðefnaeldsneytisbíla 2030

Margir muna sjálfsagt eftir markmiðum Íslands sem eru útlistuð í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem var uppfærð 2024 sem snúa að bílum sem eru knúnir jarðefnaeldsneyti. Í einföldu máli var sett fram markmið um að „óheimilt yrði að nýskrá bensín- og dísilbíla á Íslandi árið 2030 en í skoðun er að flýta þessari tímalínu um tvö ár.“ Sigurður Ingi Friðleifsson segir að þarna sé ekki um stórt vandamál að ræða. Eigendur bensín- eða dísilbíla þurfi ekki að örvænta. „Í fyrsta lagi er ekki um að ræða bann við að eiga slíka bíla. Í öðru lagi er ekki búið að lögfesta þetta markmið og í þriðja lagi er þetta einfaldlega ein þeirra áskorana sem markaðurinn kemur til með að leysa. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, að fólk þurfi raunverulega á jarðefnaeldsneytisbílum að halda finnst mér sjálfsagt að skoða það. Það er einfaldlega mun hagkvæmara fyrir okkur sem þjóð að aka um á hreinorkubílum, ekki síst til að bólusetja bílaflotann gagnvart aðstæðum sem geta komið upp í heiminum sem við höfum enga stjórn á – eins og sýndi sig til dæmis þegar Hormuz-sundi var lokað með tilheyrandi verðhækkunum á eldsneyti.“

Jarðvegsþjöppur
frá Ammann

Mikið úrval af þjöppum á lager með rafmagnsmótor, dísil eða bensínmótor

Wendel




Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is


Husqvarna
Há Verslun er með umboð fyrir
Husqvarna Construction
á Íslandi
• Eigum jarðvegsþjöppur
á lager uppí 500 kg
• Þjónustuverkstæði
og varahlutir
ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5
Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max
Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata
Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm
Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is
Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar,
slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5


OPIÐ FYRIR
TILNEFNINGAR
Hvaða fyrirtæki
vilt þú tilnefna?
NÝSKÖPUNARVERÐLAUN
ÍSLANDS
Nýsköpunarverðlaun Íslands eru veitt fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr í
þróun nýrrar vöru eða þjónustu, sem byggð er á rannsóknar- og nýsköpunarstarfi
og sem náð hefur eftirtektarverðum árangri á markaði.
Skannaðu og sendu okkur tilnefningu
Tilkynnt verður um handhafa verðlaunanna á
Nýsköpunarþingi í Grósku þann 29. október 2026.
Nánar um Nýsköpunarverðlaun Íslands á rannis.is
Nýsköpunarsjóðurinn Kría
Hugverkastofan
Íslandsstofa
rannís

# Blað brotið í sögu kvenna

## – Fyrsti kvenbólstrari landsins tekin tali


Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Íslensk húsgagnabólstrun á sér ríka sögu sem teygir þræði sína frá strípuðum timburgrindum, fjöðrum og hrosshárum til litríkra áklæða. Þótt fagið virðist ef til vill hversdagslegt, fela gæðahúsgögn á íslenskum heimilum í sér listilegt handverk sem á rætur að rekja rúma öld aftur í tímann. Þar réðu karlmenn ríkjum þar til ung kona ákvað að breyta sögunni.**

Löngu áður en bólstrun varð að viðurkenndri stétt hérlendis voru setbekkir og önnur húsgögn einangruð með því sem til féll – gæruskinni, þurrkuðum mosa, vaðmáli, dún og hrosshári. Í raun öllu sem tryggt gat lágmarksþægindi og var þar með frumstætt form bólstrunar með notagildið í fyrirrúmi fremur en fegurð.


Sveinstykki Guðbjargar prýðir enn heimili hennar í dag.


Prófdómararnir veittu Guðbjörgu fyrstu einkunn og hrós fyrir vönduð vinnubrögð.


KJÖRHÚSGÖGN
Selfossi.

Dagstofusett
Sófaborð
Húsbóndastólar
Skrifborðsstólar
Skrifborð á vegg
Bókahillur
Blómaborð m. ljósi
Símastólar

Hjónarúm
Svefnsófar, 2ja m.
Svefnsófar, 1ns m.
Svefnbekkir útdregnir
m. lausum bakpúðum
Svefnbekkir
m. tekkgöflum
kommóður

KJÖRHÚSGÖGN
Sigurbjörn E. Einarsson
húsgagnabólstrari Tryggvagötu 8, S


„ÞEIR vildu svo sem gera eitthvað úr þessu í prófnefndinni, en ég sagðist að bara vera manneskja," sagði fyrsta konan, sem tekið hefur sveinspróf í húsgagnabólstrun, Guðbjörg Katrín, þegar blaðamaður Mbl. innti hana eftir viðbrögðum.
„Mér finnst það ekkert merkilegt, þótt kona verði bólstrari, og eiginlega er það furðulegt að konur skuli ekki hafa lært þessa iðn, hún er upplögð fyrir okkur. Þetta er ekki mikil erfiðisvinna."

„...þeir héldu ég væri bara í hárgreiðslu eins og hinar"

### Stoppuð húsgögn og staðbundin kunnátta

Undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu breyttist neysluhegðun landsmanna töluvert. Farið var að flytja inn bólstruð húsgögn, helst flokkuð í stássstofu-, borðstofu- og svefnherbergishúsgögn og skapaði þessi breyting bráða þörf á staðbundinni kunnáttu viðhalds og viðgerða þessa munaðar.

Fyrir um hundrað árum hóf húsgagnabólstrarinn Ólafur Daðason nám sitt, fyrstur Íslendinga til að ljúka formlegu sveinsprófi í iðninni hérlendis. Meistari hans, Kristinn Sverrisson, hafði lært bólstrun hjá dönskum bólstrurum, og var einn þeirra sem stofnuðu Meistarafélag bólstrara (nú Félag húsgagnabólstrara) í aprílmánuði árið 1928. Ólafur segir svo frá í grein Morgunblaðsins árið 1998 að samkvæmt samningi hafi hann hafið nám „sem húsgagnamiður við stoppuð húsgögn“ enda iðnin nefnd húsgagnabólstrun nokkru síðar. Hann hafi, sem slíkur, sinnt ýmsum verkefnum – meðal annars verið látinn sauma og hengja upp tjöld fyrir gluggana á gömlu símstöðinni í Pósthússtræti. Ástæðan hafi verið að símastúlkurnar fengju óhóflega athygli og þá truflun vegfarenda og þótti rétt að hylja þær sem best var á kosið.

Nú jæja, um miðbik síðustu aldar, 1950-1975 var íslensk húsgagnaframleiðsla í miklum blóma eða allt þar til innflutningur húsgagna var gefinn frjáls. Í dag þekkjum við enn ýmislegt sem var hannað á þessum tíma – má þar nefna stólinn Skötu eftir Halldór Hjálmarsson, fyrsta formbeygða stólinn hérlendis og talinn sá elsti sem hefur farið í fjöldaframleiðslu. Sindri er annar vel þekktur stóll, hannaður af Ásgeiri Einarssyni árið 1962, klæddur íslenskri gæru. Fyrirtæki á borð við Sólóhúsgögn (1960) og GÁ Húsgögn (1975) þóttu móðins og halda enn velli, en á þessum árum samanstóð húsgagnaiðnaðurinn hérlendis af fjölmörgum smáum og meðalstórum fyrirtækjum og þegar mest var, árið 1972, hátt í 300 fyrirtæki.

### Litla stúlkan á verkstæðinu

Ekki má gleyma Kjörhúsgögnum á Selfossi. Haustið 1965 birtir hús- gagnabólstrarinn Sigurbjörn Einar Einarsson auglýsingu í Alþýðublaðinu.
Sigurbjörn var kunnur handverksmaður sem rak húsgagnaverslunina og verkstæðið Kjörhúsgögn á Selfossi ásamt konu sinni, frú Guðrúnu Lúðvíksdóttur. Í versluninni mátti fá ýmislegt sem hugann kunni að girnast,
en m.a. eru talin upp dagstofusett, sófaborð og húsbóndastólar, hjónarúm, bókahillur og blómaborð með ljósi.

Um þetta leyti bjuggu þau hjónin ásamt börnunum sínum sex á Kvistum í Ölfusinu og voru þar að auki með svolítinn búrekstur. Næstyngsta barnið, smávaxin brúneyg stúlka að nafni Guðbjörg Katrín, var afar hænd að föður sínum og þótti hvergi betra að vera en með honum á verkstæðinu.

„Ég hef sennilega ekki verið orðin tveggja ára þegar ég fór að fara með honum á verkstæðið heilu og hálfu dagana,“ segir Guðbjörg. „Ég dáist nú að honum pabba að hafa haft mig þarna hjá sér, en hann var óskaplega þolinmóður og færði mig bara til eftir hentugleik á dívönunum og sófunum sem hann var að vinna. Svo leyfði hann mér nú stundum að prufa, taka í nálina og toga upp og gaf mér nagla og nælur og spotta til að dunda mér við.“

Þau feðginin áttu dýrmætar stundir saman og var Sigurbjörn óþreytandi við að kenna litlu stúlkunni sinni handtökin eftir því sem hún eltist. „Það er svo áhugavert,“ segir Guðbjörg, pabbi sagði kannski ... „svona gerum hérna og svona þarna ... að þegar ég fór sjálf að nema bólstrarann þá rifjaðist þetta upp fyrir mér allt saman og það þótti mér vænt um.“

Hjónin Sigurbjörn og Guðrún opnuðu Kjörhúsgögn þann 5. maí 1965 og minnist Guðbjörg þess að hafa þóst vera veik þann dag, komast ekki í skólann en eindregið mæta á opnun verslunarinnar. „Það gekk eftir,“ segir Guðbjörg, „og þar var ég meira og minna með annan fótinn á bak við búðarborðið en hinn á verkstæðinu, alveg þar til að faðir minn lést árið 1994 og Kjörhúsgögnum var lokað. Ég var ellefu ára þetta fyrsta sumar og stóð vaktina eins og herforingi, enda var manni treyst fyrir öllu eins og fullorðinni manneskju. Hið sama var með tvö elstu börnin mín, Ólaf og Sirru, sem ung stóðu fyrir aftan afgreiðsluborðið á milli þess sem þau þeyttust með víxla í bankann – það er nauðsynlegt að leyfa börnum að finna að þeim er treyst.“

### „Strákarnir í Iðnskólanum“

Þegar kom að framhaldsnámi hóf Guðbjörg nám í húsgagnabólstrun í Iðnskólanum í Reykjavík árin 1971-1973, tók þar fyrstu tvo bekkina og lærði tækniteiknun. Hún hafði á sama tíma kynnst tilvonandi eiginmanni sínum, Sigurði Óla Guðbjörnssyni, og þau áttu von á elsta barninu, Ólafi Jens, sem fæddist um sumarið 1973. Guðbjörg lét þó ekki deigan síga, hélt náminu áfram og kláraði þriðja og fjórða bekkinn í Iðnskólanum á Selfossi.

„Þar sem ég lauk námsferlinum hér á Selfossi sömdu skólastjórinn og pabbi um að pabbi yrði teiknikennarinn minn. Annars hefði það ekki gengið upp. Skólastjóranum fannst þetta reyndar mjög spennandi hugmynd úr því að þetta leystist svona og kom í ljós á skólaslitunum að ég var fyrsti og eini bólstrarinn sem hann útskrifaði á sínum langa ferli. Það var annars ofboðslega gaman hjá „okkur strákunum“ í Iðnskólanum,“ segir Guðbjörg sem minnist blaðagreinar í Morgunblaðinu frá árinu 1976 – viðtals við hana með fyrirsögninni *„... þeir héldu að ég væri bara í hárgreiðslu eins og hinar ...“* Þetta var nú ekki alveg þannig. Þeir vissu alveg hvar þeir höfðu mig, strákarnir – en ég þekkti aðeins þann sem skrifaði greinina, hann spurði mig að þessu og fékk víst rosalega dónalegt nei – og greip það því á lofti. Það hafði sko aldrei hvarflað að þessari brussu að ætla í hárgreiðslu,“ segir Guðbjörg hlæjandi.

### Nákvæmni, þolinmæði og rík formskynjun

Enda kom að því, árið 1976, að þessi hörkuduglega unga kona braut blað í íslenskri iðnaðarsögu, með sveinspróf í húsgagnabólstrun upp á vasann, fyrsti kvenkyns bólstrari landsins, og einmitt einnig fyrsti húsgagnabólstrarinn sem útskrifast austan fjalls.

„Prófdómararnir lögðu áherslu á sveinstykkið auðvitað, en einnig þurfti ég að taka hraðapróf,“ segir Guðbjörg. Það var stykki á borð við rúmgafl þar sem þurfti að setja hnappa og gæta þess að allt væri rétt útreiknað, svaka útreikningur sem ég náði á tilsettum tíma, orðin svolítið sveitt! Þetta var lengi notað sem sýningarstykki við kennslu en hvar það er niðurkomið í dag veit ég ekki.“




Hálfri öld eftir að Guðbjörg sló síðasta hamarshöggið sem nemandi, var stóllinn gerður upp og vinnubrögðin sem hún tileinkaði sér á verkstæðinu hjá föður sínum leyna sér ekki. Berglind Hafsteinsdóttir hjá Bólsturlist á Selfossi tók verkið að sér og þótti dýrmætt að vera beðin um að gera upp sveinstykki fyrsta kvenbólstrara Íslands.





Sveinstykkið fimmtíu ára gamalt á leið í yfirhalningu. Myndir / Aðsendar

Sveinstykkið, hægindastól, þurfti að hanna og teikna í fullri stærð upp á stór blöð en Guðbjörg var svo heppin að mannsefnið hennar, hann Sigurður, var handlaginn og tók að sér að smíða sveinstykkið. Fór svo að hún hlaut fyrstu einkunn fyrir og var sérstaklega tekið eftir vandvirkni og þá vel gerðum blindsaumi.

Á tímum þar sem kynjaskipting í iðnnámi var nánast algjör, furðuðu margir sig á ákvörðun Guðbjargar að vilja gerast bólstrari – sem réttilega bendir á að það að hafa auga fyrir smáatriðum og handverki eigi ekkert skylt við kynferði. Fagfólk í bólstrun þurfi fyrst og fremst á nákvæmni, þolinmæði og ríkri formskynjun að halda – eiginleikum sem megi finna hjá konum jafnt sem körlum. Hún tekur fram að bindingarnar og bólstrunin sem slík geti verið svolítið erfið enda margir bólstrarar sem fari í þumalputtunum. Einnig sé oft verið að vinna með þungan grip sem velta þarf á alla kanta, setja upp á búkka og vera með í alls lags stellingum allan daginn og því gott að hafa svolitla krafta í kögglum.

Guðbjörg er sjálf hrifnust af gamla íslenska handverkinu og segir það bera af öðru. „Ég vil hvetja ungar stúlkur alveg eindregið til þess að fara í þetta nám. Það er list að taka við illa förnu húsgagni, rífa af því og laga – og svo ofboðslega góð tilfinning þegar maður hefur gert það að góðum hlut. Einbeitingin oft á við heilun,“ lýkur hún máli sínu. Sveinstykkið prýðir enn heimili Guðbjargar, en fyrir um ári fékk hún bólstarann Berglindi Hafsteinsdóttur á verkstæðinu Bólsturlist á Selfossi til að taka hann í gegn fyrir sig.

**Áfram stelpur!**

Til að setja áfanga Guðbjargar í samhengi verður að líta til þess að hún fékk sveinsprófið aðeins tæpu ári eftir fyrsta kvennafrídaginn sem fór fram þann 24. október 1975. Á þeim tíma ríkti gríðarleg vakning og krafa um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Þó ásetningur hennar um að gerast bólstrari hafi ekki verið bein uppreisn í þágu jafnréttis opnaði Guðbjörg Katrín Sigurbjörnsdóttir dyrnar fyrir komandi kynslóðir kvenna í bólstrun. Í dag er staðan sú að fjölmargar konur starfa við fagið á Íslandi, reka eigin verkstæði og leiða hagsmunasamtök stéttarinnar.

Þegar við virðum fyrir okkur fallega bólstraðan, klassískan íslenskan stól, er hollt að minnast þess að þar liggur ekki aðeins rík handverkshefð, heldur einnig sagan um unga konu á Selfossi sem ruddi brautina og gerbreytti íslenskri iðnsögu.





Skínandi fínn með Sonax

Vefverslunin er opin allan sólahringinn

N1

440 1000 | n1.is



Það er komið sumar!





Gróðurhús.

Þessi gróðurhús henta vel íslenskum aðstæðum.
Gerð úr sterkum ál prófílum og með 4mm holplasti.
Tvær stærðir:
3,10 x 2,38 m: Verð kr. 190.000
4,30 x 2,38 m: Verð kr. 235.000

Útdraganlegt þak.

Álgrind 4m. á breidd og 3m. út, með 8mm holplasti í þaki.
Tilvalið á pallinn eða yfir heita pottinn.
3x3 m: Verð kr. 270,000 / 4x3 m: Verð kr. 295.000

Þægilegur stóll
Verð kr. 45.000



Upplýsingar hjá SMH Gróðurhúsum
S. 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.

SMH Gróðurhús Relaxation Zone

Veggpottar stórir - kr. 2.500
Veggpottar litlir - kr. 1.000





Jarðaberja-pottar
43 cm breiðir
20 cm djúpir.
Jarðaberjaturn-
6 pottar
og grunnur rúmar
24 plöntur
Verð kr. 9.000

# „Ég er mjög sjálflægur, það er helsti gallinn við mig“

**„Þetta er gott fyrir geðheilsuna, að vasast í öllu sem fylgir því að vera með sauðfé, það er engin spurning, en kindur geta líka alveg farið með geðslagið í manni. Ég hef þurft að fara í þrjóskukeppni við sumar þeirra, sú glíma getur tekið á,“ segir Sigurbjörn Árni Arngrímsson, landsfrægur íþróttalýsandi, skólameistari á Laugum í Reykjadal og sauðfjárbóndi í Álftagerði III í Mývatnssveit.**

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khkkristin@gmail.com



Búskapinn stundar Sigurbjörn Árni í hjáverkum og í félagi með konu sinni, Gunnhildi Hinriksdóttur, og bróður sínum, Þórhalli Geir, eða Gilla, eins og hann er kallaður. Gilli var að störfum í fjárhúsinu þegar blaðamann bar að garði, en skömmu síðar kom Sigurbjörn ríðandi í hlað ásamt börnum sínum, Arneyju, Hinriki og Guðmundi ,og tengdadótturinni, Guðrúnu. Var þó nokkur ferð á mannskapnum.

„Þessi hestur hefur verið lítið hreyfður svo hann var spenntur og viljugur, snerti vart jörðina,“ segir Sigurbjörn um reiðskjótann sem hann sat, Mánastein. Vel viðraði til útreiða í vorblíðunni og sauðburður langt kominn þegar Sigurbjörn var sóttur heim, aðeins níu óbornar af rúmlega hundrað kindum og vika eftir af maímánuði.

„Ég svampaði snemma og valdi sæðingahrúta með riðuverndandi gen, en sum þeirra lamba voru mjög stór við burð og sex lömb náðust ekki lifandi vegna stærðar. Hrúturinn Skörðungur var sérstaklega erfiður, eitt lambið undan honum var 5,8 kíló við burð, það gengur illa fyrir gemling að bera slíku lambi, ég ætlaði aldrei að ná því út og það lifði ekki af. Sama má segja um einlembing hjá fimm vetra kind, við náðum honum ekki lifandi. Ég fékk tvílembinga undan Skörðungi sem voru fjögur og hálft kíló hvor, en það slapp og þeir eru skemmtilega móbotnóttir, með T137 á öðru geninu,“ segir Sigurbjörn og bætir við að kynjahalli hafi verið mikill þetta vorið í lambahópnum.

„Af þrjátíu og einu sæðingalambi fengum við tuttugu og fimm hrúta en aðeins sex gimbrar. Það gera áttatíu prósent hrúta, en í lambahjörðinni allri eru yfir sextíu prósent hrútar, við höfum fengið aðeins 58 gimbralömb af þeim 152 lömbum sem komin eru.“

### Þá gat ég ekki barið alla áfram

Sigurbjörn, Gunnhildur og Gilli tóku við sauðfjárbúskapnum þegar faðir Sigurbjörns og Gilla lést árið 2020. Sigurbjörn er fljótur til svars þegar hann er spurður að því hvernig samvinnan gangi, hvort hún sé átakalaus.

„Nei, nei, þetta er ekki átakalaust. Ég er frekastur og Gunnhildur gerir það sem henni sýnist, burtséð frá því hvað ég segi. Hún er miklu harðari en ég í því að lóga, ég hef stundum komið gimbrum undan sem ég tími ekki að farga vegna litarins. Svo hleypur Gilli í kringum þetta og sér um daglega hirðingu á veturna, en vinnur að öðru leyti í sundlauginni á Laugum. Hann er ofboðslega flinkur vélamaður og er reykingameistarinn á bænum, sér um að taðreykja okkar kjöt og silung. Við pössum upp á að dreifa álaginu í þessu sauðburðarstússi, en öllum fannst gott þegar ég var í krabbameinsmeðferðinni, því þá gat ég ekki barið alla áfram,“ segir Sigurbjörn sem sér alfarið um bókhald búskapsins, enda hefur hann mikinn áhuga á bókhaldi og tölum. Hann rennir sér í tölfræði í árangri við að koma upp riðuverndandi gripum í hjörðinni.

„Núna eru 49,1 prósent af stofninum með verndandi gen eða mögulega verndandi gen, en þegar þetta var skoðað hjá okkur 2021 þá voru 17 prósent með áhættu gen, þetta rauða. Þá fundust hér tvær kindur í okkar hundrað kinda hópi sem reyndust vera með mögulega verndandi gen AHQ. Önnur þeirra er forystuærin Hetta, mikil uppáhalds kind hjá mér sem er af forystustofni afa míns, Geirs Kristjánssonar. Í fyrravor fengum við tvær gimbrar undan Hettu, önnur var arfhrein AHQ og hún var sett á, hún Krúna, en hélt því miður ekki núna. Hina gimbrina sem var með AHQ á öðru geninu, gaf ég frænku okkar á Grímsstöðum, þeirri sem gaf okkur móður Hettu á sínum tíma.“



Hrossin voru nokkuð ágeng í haganum. Sigurbjörn heldur um tveggja vetra tryppi, hryssuna Von, sem hann bindur mestar vonir við. Hann ýtir fimm vetra Feng niður og fyrir aftan er hin veturgamla Stjarna. Myndir / Kristín Heiða

### Hefðum þurft fleiri gimbrar til að velja úr

Sigurbjörn segir að faðir hans hafi skorið tvisvar niður sitt fé, fyrst þegar hann fékk heilablóðfall árið 1986, en þá skar hann niður tvo þriðju af stofninum.

„Hann skar aftur niður tvo þriðju þegar hann varð sjötugur og eflaust hefur hann skorið út eitthvað af því fé sem var með verndandi gen, því riða kom upp á tveimur bæjum í Álftagerði í kringum 1980 og mikill samgangur fjár, en við sluppum við hana. Þetta hefur gengið vel hjá okkur þremur, í fyrra völdum við allar lífgimbrar með verndandi eða mögulega verndandi gen, utan eina. Haustið 2022 settum við á fimm gimbrar sem voru með AHQ og árið 2023 voru fjórar slíkar í ásetningsgimbrunum og ein með ARR, auk tveggja ARR hrúta. Þetta hefur því í raun byggst upp síðustu tvö ár. Núna notuðum við nánast einvörðungu sæðishrúta með bæði genin verndandi eða mögulega verndandi gegn riðu, þetta eru þeir Brútus, Bryti, Flói, Skörðungur, Boli og Gígur. Við erum líka komin með tvo eigin hrúta sem eru ARR/AHQ og keyptum einn sem er C151/AHQ. Allt ætti þetta að flýta fyrir og við væntum þess að mörg okkar lamba núna séu með tvö gen sem eru verndandi eða mögulega verndandi. Við hefðum þurft fleiri gimbrar þetta vorið til að velja úr til ásetnings á komandi hausti, en við verðum með helling af tveggja gena hrútum og ég þarf að komast að því hvort ég megi selja þá inn á önnur svæði. Hér hefur verið garnaveikisvæði, en við losnum undan þeirri skilgreiningu á þessu ári eða næsta.“

### Nálgast Hettu með samningaspjalli

Ekkert vantar upp á orkuna hjá Sigurbirni, hann er kvikur og viðbragðsfljótur, við stökkvum upp í pallbíl til að freista þess að nálgast uppáhaldskindina, Hettu, til myndatöku, en hún var úti á túni spölkorn frá bænum ásamt öðrum lambám. Þar var hún með tvö móbotnótt lömb undir sér og henni fylgdi líka Krúna, veturgamla gelda dóttir hennar sem er hrein forystukind, en Sigurbjörn keyrði með Hettu út á Tjörnes til að halda henni undir forystuhrútinn Númer eitt, sem er með AHQ á öðru geni. Útkoman var hin háreista Krúna. Sporléttur með köggla í vasa arkar Sigurbjörn til Hettu og nálgast hana með samningaspjalli, biður hana að fyrirgefa sér hversu hratt hann reið fram hjá henni skömmu áður.

„Þegar Hetta kom í heiminn voru þær þrjár systur, þrílembingar. Panda, systir hennar, var mórauð, sokkótt, með hvítan haus og mórautt í kringum augun. Hún var miklu efnilegri en Hetta, en folaldshryssa sló hana svo hún kjálkabrotnaði og við þurftum að lóga henni. Þriðja systirin kom dauð úr burði, á afturlöppunum, hún var alveg mórauð með smá krúnu og fjóra sokka.“

> „Ég verð að hafa eitthvað að gera utan vinnu, þess vegna er ég að vasast í þessum sauðfjárbúskap. Mig langar ekkert að liggja marineraður í rauðvíni á Spáni í frítíma mínum ...

### Alveg sturlað góð hryssa

Sigurbjörn, Gilli og Gunnhildur eru með 39 hross, þar af einn graðhest sem heitir Logi frá Álftagerði, en Gígja, móðir þeirra bræðra, á hann.

„Hann er undan Hrannari frá Flugumýri og Bremsu frá Álftagerði sem er með 8,72 í aðaleinkunn, alveg sturlað góð hryssa og síðasta merin sem pabbi ræktaði. Logi verður vonandi sýndur í sumar, en ef hann verður ekki nógu góður graðhestur þá verður hann geggjaður reiðhestur, hann er rólegur og þægilegur. Ég bind mestar vonir við hryssuna Von, hún er afrakstur þess að ég fékk að halda Hremsu hennar mömmu og skellti henni undir Fróða frá Flugumýri,“ segir Sigurbjörn sem einnig rekur hestaleiguna Safaríhesta í Álftagerði ásamt Gunnhildi og Gilla.

„Pabbi stofnaði hestaleiguna 1997, en þegar ég kom heim frá Bandaríkjunum 2008 stofnuðum við sjö saman, foreldrar mínir og við systkinin fimm, fljótlega samlagsfélag um hestaleiguna. Pabbi var kennari í fullri vinnu með búskapnum, enda eru engin laun í sauðfjárbúskap, þetta er í raun bara hobbí, nema hestaleigan gerir það að við þurfum ekki að borga mikið með búskapnum. Við höfum ráðið fólk yfir sumarið til að fara með ferðamenn sem hingað koma í klukkutíma eða tveggja tíma reiðtúra. Í júlí og ágúst er mest að gera, þá fáum við um 900 manns á 60 dögum, það eru 15 á dag að meðaltali. Heilmiklir



Krúna þiggur mola úr lófa Sigurbjörns, en Hetta, móðir hennar, lætur síður tala sig til, stendur hugsi hjá með móbotnótta tvílembingana sína. Krúna og Hetta eru forystukindur og í miklu uppáhaldi hjá Sigurbirni.





Gilli (t.v.) og Sigurbjörn hjálpast að við að hella vatni úr tunnum í baðkar úti við tún, sem þeir síðan ausa í dalla innan girðingar svo lambærnar hafi nóg að drekka.

snúningar eru í kringum hestaleiguna, girða, færa, járna, draga undan og alls konar maus, svo það veitir ekki af aukamannskap.“

### Þurftu að taka lambféð inn á hús

Sigurbjörn hefur eftir gömlum körlum í sveitinni að þegar fjalldrapinn sé sprunginn út, þá sé kominn tími til að sleppa tvílembum á úthagann.

„Það var um þetta leyti í fyrra, í lok maí, því þá var vorið ofboðslega gott og gróður tók snemma við sér. Reyndar fengum við þá júníhret annað sumarið í röð, en hretið var svo svakalegt árið á undan, 2024, að við trúðum ekki að aftur kæmi annað eins. Sú varð því miður raunin og þurftum við að taka allt lambfé inn í fjóra daga í júní fyrra,“ segir Sigurbjörn, sem varð fyrir því nokkrum dögum eftir heimsókn blaðamanns í Mývatnssveit að þriðja hretið skall á og þurftu þau í Álftagerði að taka lambféð inn á hús í sólarhring og stór hluti þeirra var inni í tvo sólarhringa. Þau misstu eina kind í því hreti, hún fór afvelta á túninu.

### Eitthvað fyrir stafni

Sigurbjörn býr ásamt fjölskyldu sinni að Laugum, þar sem hann starfar sem skólameistari, en stefnan er að flytja í haust á gamla heimili ömmu hans og afa í Álftagerði III.

„Við Gunnhildur keyptum jörðina, bústofninn og húsið fyrir síðustu áramót, og ég sé fyrir mér að eftir einhver ár starfi ég einvörðungu sem bóndi hér í Álftagerði. Við Gunnhildur erum bæði í fullu starfi, ég sem skólameistari og hún sem verkefnastjóri hjá Þingeyjarsveit, en ég verð að hafa eitthvað að gera utan vinnu, þess vegna er ég að vasast í þessum sauðfjárbúskap. Mig langar ekkert að liggja marineraður í rauðvíni á Spáni í frítíma mínum. Áður en ég fór út í sauðfjárbúskap þá stakk ég upp allan kerfilinn í kringum mig á Laugum, sem var svakalegt átak, ég var í klukkutíma með hvern fermetra. Ég bara verð að hafa eitthvað fyrir stafni,“segir Sigurbjörn og tekur fram að hann sé fyrst og fremst skólameistari, síðan bóndi.

„Ég er í svo mörgu og ég er mjög sjálflægur, það er helsti gallinn við mig. Mér finnst ég hafa svo margt að segja og ég hlusta ekki nóg á aðra, ég er of upptekinn af sjálfum mér. Ég held ég sé svolítið eigingjarn, en ég vildi að ég væri betri en ég er.“









Sauðfjárbændurnir Herdís Leifsdóttir og Emil Freyr Emilsson hafa lagt um árabil lagt mesta áherslu á kynbætur í sinni sauðfjárrækt. Helsta afurðin þeirra eru lömb sem seld eru til lífs og notuð til kynbóta hjá öðrum bændum. Myndin er tekin í Mávahlíð, þaðan sem Herdís er upprunnin, en í bakgrunni sést jörðin Tunga þar sem þau eru með sína sauðfjárrækt í dag. Myndir / ál

# Með ástríðu fyrir kynbótum á sauðfé

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Herdís Leifsdóttir og Emil Freyr Emilsson stunda sauðfjárrækt þar sem helsta áherslan er kynbætur sauðfjárstofnsins og sala á gimbrum og hrútum til lífs. Þau kenna sig við Mávahlíð á Snæfellsnesi, en þar er Herdís uppalin og sauðfjárhjörðin upprunnin þar. Eftir að jörðin var seld héldu þau eftir 15 kindum og fengu aðstöðu fyrir þær í Tungu, sem er steinsnar frá. Það sem átti að vera lítið áhugamál vatt fljótlega upp á sig og telur stofninn núna 95 ær á vetrarfóðrum.**

Bærinn Mávahlíð er af mörgum kunnur sem hafa áhuga á sauðfjárrækt, en þar bjuggu áður bræðurnir Leifur og Þorsteinn Ágústssynir, sem náðu árangri í kynbótum þannig að eftir var tekið. Frá bændunum fóru nokkrir hrútar á sæðingarstöð og hlutu þeir oft verðlaun á hrútasýningum. Leifur var faðir Herdísar og fékk hún áhuga á sauðfjárrækt í gegnum hann.

Þorsteinn lést árið 2009 og þegar Leifur veiktist skömmu síðar fluttist hann ásamt eiginkonu sinni, Huldu Maggý Magnúsdóttur, til Ólafsvíkur. Herdís og Emil bjuggu þá í Ólafsvík, sem er í tólf kílómetra akstursfjarlægð frá Mávahlíð. Eignarhaldið á Mávahlíð var mjög dreift og voru allir aðilar sammála um að best væri að setja jörðina á sölu um þetta leyti, en hún var loks seld árið 2016.

Herdís og Emil völdu fimmtán afbragðsgóðar ær úr mjög góðum sauðfjárstofni Leifs árið 2009 og hafa síðan þá fengið að hýsa þær í fjárhúsum vinafólks síns í Tungu, sem er skammt frá Mávahlíð. Í góðu samstarfi við nýja eigendur Mávahlíðar fá bændurnir áfram að nýta tún og beit á jörðinni.

**Notuðu 20 hrúta í fyrra**

„Fyrst var þetta helst til gamans, en við fórum í það strax að láta dæma og stiga öll lömbin eins og pabbi og Steini höfðu gert,“ segir Herdís. „Pabbi hafði alltaf haldið upp á ættbókhald sem kom sér vel við ræktunarstarfið.“ Emil og Herdís eiga fjögur börn á aldrinum sex til sextán ára sem taka þátt í daglegum störfum í búskapnum ásamt því sem öll fjölskyldan tekur þátt í að skipuleggja kynbótastarfið.

„Við byrjum að undirbúa fengitímann í október, en það eru miklar pælingar sem liggja að baki því hvaða hrút við pörum við hverja einustu kind,“ segir Herdís. „Í síðustu fengitíð notuðum við rúmlega 20 mismunandi hrúta fyrir 95 kindur,“ bætir hún við.

## Góð samvinna í Tungu

„Samstarfið í Tungu hefur gengið mjög vel,“ segir Emil. Ábúandinn í Tungu, Sigurður K. Gylfason, á um 40 kindur í húsunum og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, bættist fyrir nokkrum árum í hópinn og á rúmlega tíu kindur. Alla jafna sér hver og einn um að fóðra sínar kindur sjálfur, en samstarfið gefur færi á að þau leysi hvert annað af ef þess þarf. „Þetta fyrirkomulag gengur frábærlega, en hvert okkar er sjálfstæður innleggjandi. Við vinnum saman í sauðburði, heyskap, smölun og á öðrum álagspunktum,“ segir Emil.

Inni í þeirri tölu eru þeirra eigin hrútar og sæðingahrútar. Þar að auki hefur skapast öflugt samstarf meðal bænda í nágrenninu þar sem skipst er á hrútum til þess að bæta stofninn hjá hver öðrum. „Við viljum fjölbreytt erfðaefni, því að ef einhver einn hrútur kemur illa út þá er tjónið af því minna því að hann er ekki notaður á margar ær.“

Aðspurð hvað þau hafa í huga þegar hrútar eru valdir svara hjónin að stigagjöf lambanna og löng ættarsaga sauðfjárstofnsins gefi þeim upplýsingar um hvaða eiginleika þurfi að bæta hverju sinni. „Ef það þarf að hífa upp einhverja eiginleika í lömbum sem koma undan tiltekinni kind þá veljum við hrút sérstaklega til þess. Mjólkurlagni er samt sem áður einn mikilvægasti eiginleikinn til þess að kindurnar gefi af sér væn lömb. Við höfum náð mikilli kynfestu í stofninn, en góðu eiginleikarnir eru orðnir mjög ríkjandi og margar kindur skila af sér góðum lömbum, sama hvað,“ segir Herdís.

„Eins pössum við upp á að forðast skyldleikaræktun og þess



Fjárhúsin í Tungu.





Eignin er 213,6 fm. og með 22.989 fm. leigulóð.
Byggt um 1960.
Eignin stendur nálægt þjóðveginum og gefur marga möguleika til atvinnustarfsemi, s.s. þjónustu eða ferðatengdrar starfsemi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 869-6993.

Tilboð óskast fyrir 15. júlí nk. og skulu send á bjorn@megin.is

> Við byrjum að undirbúa fengitímann í október, en það eru miklar pælingar sem liggja að baki því hvaða hrút við pörum við hverja einustu kind ...



Herdís og Emil ásamt börnunum sínum, Emblu Marínu, Freyju Naomi, Benóný Ísak og Ronju Rós. Myndin er tekin í fjárhúsunum í Tungu þar sem þau deila aðstöðu með tveimur öðrum sauðfjárræktendum.

## Bloggað um sauðfjárrækt

Herdís hefur haldið úti bloggsíðu frá árinu 2009, en hún er með slóðina 123.is/isak. „Þetta er að vissu leyti eins og dagbókin mín. Þarna er mikið af myndum og upplýsingum sem mér finnst gott að geta leitað í, bæði um börnin og sauðfjárræktina, þó svo að það séu örugglega fleiri myndir af kindum þarna inni. Eins eru margar upplýsingar um hrútasýningar hérna á svæðinu og oft eru þetta gögn sem eru hvergi annars staðar aðgengileg.“
Aðspurð segir Herdís að vefslóðin vísi í nafn Benónýs Ísaks, elsta sonar þeirra hjóna. „Þetta átti fyrst að vera blogg um börnin, en breyttist síðan í rollusíðu,“ segir Herdís.

## Konur í landbúnaði

Sameinuðu þjóðirnar hafa tilnefnt 2026 sem ár kvenna í landbúnaði. Aðspurð hvernig hún sér stöðu kvenna í starfsgreininni svarar Herdís: „Mér finnst staðan í dag vera nokkuð góð, en ég man eftir mömmu minni sem var bara í heimilisstörfum og að sinna börnunum á meðan karlarnir unnu úti. Núna eru tímarnir breyttir þannig að við hjónin göngum jafnt í öll störf.“



Fjölskyldan leggur ekki aðeins áherslu á að rækta sauðfé sem gefur væn lömb, heldur reyna þau líka að gera allar kindur gæfar. Sumar eru það spakar að þær sækjast eftir klappi þegar bændurnir nálgast þær á miðju sumri.

vegna sæðum við mikið til þess að fá inn nýtt blóð og taka inn verndandi arfgerðir gegn riðu. Við höfum tekið erfðasýni úr öllum stofninum okkar og á sínum tíma fundust kindur með C151 og H154, sem eru mögulega verndandi arfgerðir. Við sendum frá okkur hrútinn Máv á sæðingarstöð og er hann með aðra af þessum eftirsóttu arfgerðum. Hann er fæddur 2015 og var verðlaunaður árið 2018 fyrir að vera besti lambafaðirinn,“ segir Herdís.

Til viðbótar hafa hjónin sent frá sér einn svartan kollóttan hrút á sæðingarstöð sem var með ARR arfgerðina sem veitir vörn gegn riðu og til stóð að senda þann þriðja sem var golsubotnóttur, en hann var bráðkvaddur sama dag og átti að sækja hann.

### Líflömb helsta afurðin

„Ég er mjög harður þegar kemur að því að velja ásetningslömb,“ segir Emil. „Lömbin þurfa að vera helst með 33-34 millimetra þykka bakvöðva og að fá minnst 18,5 í einkunn fyrir læri. Við getum oft verið ósammála, en það er gaman að geta rökrætt um hvernig við viljum hafa hlutina.“

„Einhvern tímann valdi ég kind til ásetnings sem Emil var algjörlega á móti, en svo sannaði hún sig og þá hlakkaði í mér að hafa rétt fyrir mér,“ segir Herdís glettin. „Krakkarnir taka þátt í þessu líka og hafa mikinn áhuga á að velta fyrir sér ræktuninni,“ bætir hún við.

„Áherslurnar í okkar búskap eru kynbætur og líflambasala,“ segir Emil. „Í þessu samhengi má því segja að lambakjötið sé hálfgerð aukaafurð.“ Á hverju ári koma að jafnaði 150 lömb og áætla bændurnir að minna en 40 prósent af lömbunum fari í sláturhús, á meðan restin er seld sem líflömb eða nýtt sem ásetningur í þeirra eigin hjörð.

„Það er gaman að geta fylgst með hvað verður um lömbin sem eru seld til lífs,“ segir Herdís. „Þau sem kaupa af okkur senda gjarnan upplýsingar um hvernig þau standa sig. Við höfum selt bændum um allt land og mjög oft koma sömu aðilarnir oftar en einu sinni. Ósjaldan byrjar fólk að panta hjá okkur lömb í desember eða janúar sem eru svo afhent að hausti. Ég er dugleg við að deila myndum af lömbum á bloggsíðunni minni á vorin og þá tekur fólk oft frá og hefur svo samband um haustið og spyr hvort lambið sé ásetningshæft og hvort ég vilji selja það.“

Herdís bætir við að þau hafi lagt sig fram við að rækta upp spakan fjárstofn sem er þægilegur í umgengni. „Þetta er eftirsótt hjá fólki sem kaupir af okkur líflömb, en þau eru yfirleitt gæf. Þegar við erum búin að velja líflömb á haustin eru stelpurnar okkar mjög duglegar í því að spekja þau. Sumar kindur eru það spakar að ég get gengið að þeim úti í móa og þær koma til mín til þess að fá klapp,“ segir hún.

Hjónin segja aðeins meira upp úr því að hafa að selja líflömb en að senda þau í sláturhús. Munurinn á hagnaði sé hins vegar ekki stórvægilegur þar sem þau leggja út fyrir holdastigun og greiningu á erfðaefni fyrir sölu.

### Alltaf eitthvað spennandi í vændum

„Því miður er ekki mikið upp úr þessu að hafa, en allt í kringum sauðfjárræktina er orðið dýrt, eins og að kaupa rúlluplast og áburð,“ segir Emil, en samhliða því að vera í búskap eru hjónin bæði útivinnandi. „Þegar kemur að peningum þá lifir maður ekki einhverju stórkostlegu lífi bara á því að vera sauðfjárbóndi. Hugsunin var aldrei að græða mikið á þessu, heldur var þetta fyrst bara áhugamál sem er orðið býsna stórt núna. Svo er það bara skemmtileg viðbót þegar það gengur svona vel og knýr það okkur enn frekar áfram.“

> Það sem mér finnst gott við sauðfjárrækt er að allan ársins hring er eitthvað spennandi í vændum sem hægt er að hlakka til ...“

„Sauðfjárræktin veitir okkur mikla ánægju og er skemmtileg,“ bætir Herdís við. „Okkar ástríða er þarna og það eru alltaf gæðastundir þegar við förum í fjárhúsin. Það sem mér finnst gott við sauðfjárrækt er að allan ársins hring er eitthvað spennandi í vændum sem hægt er að hlakka til. Á haustin er smölun og þá er gaman að sjá hvernig lömbin koma út. Svo er alltaf áhugavert að raða niður hrútunum á fengitímanum. Því næst er tilhlökkun að láta fósturtelja og svo er það sauðburðurinn á vorin.“

Við eigum fjögur börn og tvær eldri stelpurnar eru komnar með gríðarlegan áhuga á sauðfjárræktinni, en þær eru 15 og 13 ára. Frá fæðingu hafa börnin verið vön því að vera í barnastól í jötunni, en þar sem Emil er sjómaður varð ég oft að taka þau með mér í fjárhúsin,“ segir Herdís. „Það er dýrmætt fyrir fjölskylduna að eiga sameiginlegt áhugamál í sauðfjárræktinni.“

# Fólk hefur áhuga á fólki

**Landinn hefur verið á dagskrá RÚV frá því í október 2010 og frá upphafi hefur ritstjóri þáttarins verið Gísli Einarsson. Í samtali segir Gísli markmið Landans vera að varpa ljósi á hið mikla líf sem er á landsbyggðinni, en af nógu sé að taka og sér hann ekki fram á að viðfangsefnin og sögurnar gangi til þurrðar. Gísli er handhafi Landstólpans í ár, sem er samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar.**



**Gísli Einarsson, ritstjóri Landans, segir alltaf mikið að gerast á landsbyggðinni og aldrei skort á efnistökum. Myndin er tekin á Sturlureykjum í Borgarfirði þann 16. júní þar sem Gísli brá sér á hestbak í keppnisklæðnaði. Innslagið verður birt í fyrsta þætti Landans á komandi vetri.** Myndir / ál

Aðspurður hvað Gísli telji að sé ástæða þess að Landinn er enn þá vinsæll eftir sextán ár svarar hann: „Fólk hefur áhuga á fólki, en við erum að tala við venjulegt fólk sem er oft og tíðum að gera óvenjulega hluti. Eins hefur hjálpað að þetta hefur alltaf verið öflugur hópur sem hefur komið að gerð þáttanna, en ég er alls ekki einn á bak við Landann,“ segir Gísli. Í vetur verða umsjónarmennirnir fjórir og myndatökumennirnir fimm. Á bak við hvert innslag er yfirleitt tveggja manna teymi umsjónarmanns og myndatökumans, sem jafnframt sér um að klippa efnið.

„Fólk hefur komið og farið, eins og gengur, en alltaf þegar það kemur nýtt fólk kemur það með nýjar hugmyndir sem hefur hjálpað okkur að halda okkur ferskum. Eitt af því sem hefur hjálpað til við að gera þáttinn langlífan er að við höfum ekki verið með þröngan ramma og það er pláss í Landanum fyrir flest sem okkur dettur í hug, en það sem er hvað fyrirferðarmest er atvinnulíf, nýsköpun og menning.“

### Alltaf nóg af efni

Gísli segir markmiðið að í hverjum þætti sé fjölbreytni bæði í efnisvali og landshlutum. „Draumaþátturinn er með eitt innslag að norðan, annað að austan, vestan og svo framvegis, með jöfnu hlutfalli af körlum og konum og bæði með ungu fólki og eldra fólki og allt þar á milli með sem fjölbreyttust efnistök. Við viljum ekki vera með tvo tónlistarmenn eða tvo kúabændur í sama þættinum.

Við leitum fanga víða, en við skoðum fundargerðir sveitarfélaga, fylgjumst með úthlutun styrkja og við fáum mikið af ábendingum. Eins skoðum við héraðsfréttamiðla og Bændablaðið, en reynum að fjalla um efnið á annan hátt eða að finna nýjan vinkil. Ef okkur finnst vera farið að halla á ákveðin landsvæði eða bæjarfélög leitum við sérstaklega að viðfangsefnum þar. Það sem hefur komið okkur mest á óvart í gegnum tíðina er hvað það er mikið að gerast og alltaf nóg af efni,“ segir Gísli.

Hann telur að frá upphafi hafi verið gerð um 2.800 til 3.000 innslög í Landann. Aðspurður segir Gísli mjög misjafnt hversu langur tími líður á milli þess hvenær innslög eru tekin upp og hvenær þau eru birt. Sumrin eru vel nýtt til efnisöflunar, enda auðvelt að komast yfir og bjart stóran hluta sólarhringsins. „Oft er það síðasta sem við tökum svokallað kynningarinnslag sem við gerum yfirleitt í sömu vikunni. Þá reynum við að eiga alltaf eitthvað efni á lager þannig að við getum valið saman það sem passar.“

Gísli telur að um þriðjungur starfsins felist í efnisöflun á vettvangi. „Svo tekur tíma að finna efni og vinna úr því sem við höfum tekið upp. Það er misjafnt hversu mikill tími fer í hvert innslag, en þetta getur verið frá tveimur tímum upp í nokkra daga.“

### Einn stofnenda Skessuhorns

Aðspurður segir Gísli röð tilviljana hafa ráðið því að hann gerðist dagskrárgerðarmaður í sjónvarpi. „Ég hef lengi haft áhuga á blaðaútgáfu og var á sínum tíma að sjá um auglýsingar og skrifa pistla í Borgfirðing, sem var héraðsfréttablað á sínum tíma. Ég sótti þrisvar um ritstjórastarfið þar en fékk aldrei.

Þegar Borgfirðingur lagði upp laupana var gefið út í smá tíma blað sem hét Vesturlandspósturinn af fyrirtæki fyrir sunnan. Ég var ritstjóri þar í tæpt ár, en það fór því miður illa fyrir því blaði. Þetta gaf mér hins vegar góða reynslu og 1998 stofnuðum við Magnús Magnússon saman Skessuhorn, sem hann á og ritstýrir í dag.

Eftir að við vorum búnir að vera með Skessuhorn í eitt ár höfðum við samband við Ríkisútvarpið, en okkur fannst það ekki sinna fréttum af Vesturlandi. Úr varð að við fórum að gera eina og eina útvarpsfrétt og árið 2000 sömdum við jafnframt við fréttastofu sjónvarpsins þar sem við vorum verktakar við fréttaöflun.

Úr þessu leiddist ég út í þáttagerð með Út og suður sem hófst 2003 og var ég með þann þátt í sjö ár. Árið 2004 var ég kominn alveg inn á RÚV og hætti á Skessuhorni,“ segir Gísli. Vorið 2010 kom sú hugmynd að gera svokallaðan magasínþátt þar sem efnistökin væru helst sótt af landsbyggðinni og úr því varð Landinn sem kom fyrst á dagskrá haustið sama ár.

### Vill efla ímynd ólíkra svæða

Þegar Gísli er spurður hvernig hann sjái fyrir sér framtíð Landans segir hann: „Það veltur á áhuga áhorfenda, en ef okkur tekst að halda áhuga þeirra áfram er framtíðin björt. Á meðan við stöndum okkur í því að skaffa skemmtilegar sögur og áhugavert efni held ég að fólk haldi áfram að horfa.“ Hann vonast til þess að Landinn hafi hjálpað til við að efla ímynd ólíkra svæða á landsbyggðinni og sjálfsmynd fólksins sem þar býr. „Það er svo margt sem fólk getur verið stolt af sem við höfum verið að benda á. Við fáum mikið af einlægum viðbrögðum frá fólki og við skynjum að fólki finnist þátturinn skipta máli, sem gefur okkur mjög mikið.“

Gísli er handhafi Landstólpans, sem er samfélagsviðurkenning sem Byggðastofnun veitir þeim sem hafa eflt landsbyggðina. Aðspurður um viðbrögð við þessari viðurkenningu segist Gísli bæði vera hissa og þakklátur. „Þetta er gríðarlegur heiður, því að það eru miklir landstólpar sem hafa fengið þetta áður. Það er frábært að fá viðurkenningu fyrir að gera það sem maður hefur yndi af.“

/ál

VATNSVIRKINN



LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ



- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

Verð 633.020.kr m/vsk

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

## Hátíðahöld & skemmtanir

### – Næstu tvær vikur ...

Nú er ekki seinna vænna en að fara að leggja línurnar fyrir sumarið en í næstu blöðum birtist yfirlit yfir helstu skemmtanir og húllumhæ ... Hér má sjá brot af því sem er á döfinni næstu tvær vikurnar, þó næsta víst sé að ekki komist allt á lista.

**25. júní Hvalasafnið á Húsavík** Hin árlega hvalaráðstefna Hvalasafnsins fer fram þann 25. júní á Stéttinni og nú hefur dagskráin litið dagsins ljós. Fjöldi fróðlegra erinda sem verður gaman að heyra. Að þessu sinni er ráðstefnan unnin í samstarfi við aðra ráðstefnu sem nefnist Whales and Humans.
**25.–27. júní Brákarhátíð** Hin sívinsæla sumarhátíð Borgarness, Brákarhátíðin, verður haldin hátíðleg og mikið um að vera að venju.



**26.–27. júní Jónsmessan á Eyrarbakka** Mikil fjölskylduskemmtun verður haldin á Eyrarbakka. Á föstudeginum verður m.a. Jónsmessuboltí/kíló kl. 16.45 bak við Húsið, pylsur og drykkir í boði að lokinni keppni. fjölskyldubingó kl. 19 í Samkomuhúsinu Stað, Bifreiðaklúbbur Suðurlands keyrir í gegnum þorpið í miklu stuði kl. 20 og lýkur deginum með Kahoot í Rauða húsinu kl. 22. Á laugardagsmorgun býður Skógræktarfélag Eyrarbakka til morgunverðar í Hallskoti og um hádegi, kl. 12 verður setning Jónsmessu í Sjóminjasafninu, Túngötu 59 og Brúðubíllinn mætir á svæðið. Á milli kl. 13–15 verða mikil hátíðahöld við Garðstún, Fangaverk frá Litla-Hrauni verða með markað á Kirkjutorgi, kl 13:30 býður Rauða húsið upp á kjötsúpu fyrir þá sem koma með eigið ílát og í kjölfarið verða opin hús á svæðinu fram eftir degi. Deginum lýkur með Jónsmessuballi í Rauða húsinu á laugardagskvöldið þar sem hljómsveitin Moskvít og Grétar Lárus Matthíasson halda uppi stuði. Opið fram á rauða nótt og stemming eftir því! Aldurstakmark 20 ára, miðaverð 2.500 kr. ps. Frítt að veiða í Ölfusárósi fyrir landi Eyrarbakka dagana 26.–28. júní 2026.



**27. júní Rabarbarahátíð á Blönduósi** verður haldin í gamla bænum á Blönduósi og einkennist af fjölskylduvænni stemningu og líflegri þátttöku gesta ... en yfir daginn verður m.a. boðið upp á kokteilanámskeið þar sem rabarbarinn verður í aðalhlutverki.





Líf og fjör á humarhátíð Hornafjarðar. Mynd / Aðsend

**HUMARHÁTÍÐIN – BÆJARHÁTÍÐ Á HÖFN Í HORNAFIRÐI fer fram dagana 25.–28. júní** og hefst með brekkusöng og uppistandi í höndum Birnu Rúnar á fimmtudeginum. Árlegt súpurölt fer fram daginn eftir þegar bæjarbúar bjóða fólki heim í súpu og í kjölfarið fara fram tónlistaratriði, m.a. með tónlistarmanninum Birni. Laugardagurinn verður mikill gleðidagur, til að mynda verður haldið meistaramót Hornafjarðarmanna, kassabílarallí, Leikhópurinn Lotta með sýningu, Krakkakviss með Mikael Kaaber og svo má sjá Íþróttaálfinum bregða fyrir. Þá um kvöldið er svo pallapartí um bæinn, tónlistarveisla í Tjaldinu þar sem hornfirskar hljómsveitir troða upp og Sandra Barilli verður með karókípartí sem upphitun fyrir stórdansleik kvöldsins með Færibandinu. Á sunnudeginum má svo til dæmis taka þátt á humarhátíðarmóti í golfi, hlýða á humarhátíðamessu í Bjarnaneskirkju eða taka þátt í sögugöngu um Höfn.




# Hátíðahöld og skemmtanir – framhald

**26.–28. júní** Sumartónlistarhátíðin Hverafuglar er ný hátíð í Hveragerði sem leggur áherslu á samtímatónlist og heilmikil dagskrá verður í boði. Setningin fer fram í Blómaborg á föstudeginum klukkan 17. Morguninn eftir, kl. 11, verður haldið áfram í Hveragerðiskirkju og hefst lokadagurinn á tónleikum í sundlauginni Laugaskarði. Frekari upplýsingar má finna á www.hverafugl.com.

## Júlí

**1.–5. júlí Þjóðlagahátíðin á Siglufirði** fer fram fyrstu dagana i júlí, en listrænn stjórnandi hennar er Gunnsteinn Ólafsson, sími 6926030, gol@ismennt.is

**1.–5. júlí Írskir dagar á Akranesi fara fram með pompi og prakt - MÆTA!**

**2.–5. júlí Goslokahátíð Vestmannaeyja** þar sem endalokum eldgossins á Heimaey 1973 er fagnað ár hvert. Barnadagskrá verður fjölbreytt og má þar nefna Goslokahlaup, Jón Jónsson, Sólon og Dimmu dúsk og BMX brós í boði Ísfélagsins og sundlaugarpartí með SZK. Auk þess verða leikir og fjör í miðbænum í boði og/eða með þátttöku fyrirtækja og félagasamtaka. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Vestmannaeyjabæjar og á samfélagsmiðlum en dagskráin er enn í mótun.

**2.–5. júlí Heim í Búðardal** Bæjarhátíðin vinsæla í Búðardal býður gestum sínum upp á þétta dagskrá en þann 4. júlí fer svo fram skottsala á planinu við Stjórnsýsluhúsið.

**4. júlí Bryggjuhátíð Stokkseyrar** verður haldin með pompi og prakt – Leikhópurinn Lotta skemmtir yngri kynslóðinni, hringekja, hoppukastalar og ýmis skemmtun verður í boði fram að kvöldi. Þá taka við BMX brós, Kristmundur Axel, Brenna og Andri Þór trúbador þannig að enginn verður svikinn af alvöru gleði!

**9.–12. júlí Grill- og tónlistarfestivalið Kótilettan** fer fram á Selfossi, en í bland við tónleikahald hefur hún fest sig í sessi sem ein stærsta grillveisla landsins. Skipa íslenskir matvælaframleiðendur stóran sess á hátíðinni og um að gera að bragða á íslensku kjöti, grænmeti og öðru góðgæti og kynna sér heitustu grillin á markaðnum í dag. Fram koma ma. Retro Stefson, Siggu Beinteins, Eirík Hauksson, Herra Hnetusmjör, Kristmund Axel, Aron Can, 12:00, Issa, GDRN, Tónhyl Akademía o.fl. Stuð sem enginn má missa af og miðar á festivalið fljótir að seljast upp. www.kotilettan.is











Við framleiðsluna er korn sett í bakka og látið spíra. Mynd / Hydroponicschina


Kornið er látið spíra þar sem bæði ljós og vökvunarkerfi sjá um að halda umhverfinu réttu. Mynd / HydroGreen.

# Fóðurframleiðsla í gámum!



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com


Það er alþekkt framleiðsluaðferð í ylræktinni að vera með plöntur í lóðréttri ræktun, þ.e. nýta hæð húsa eða bygginga og framleiða þannig plönturnar. En að framleiða fóður fyrir nautgripi, eða annað búfé, með þeim hætti er þó nýlunda en hefur á undanförnum árum aukist ár frá ári víða um heim. Mest er þó enn um tilraunaframleiðslu að ræða en þó eru til nokkur stór framleiðslukerfi í bæði Kína og Mið-Austurlöndum.

**Ekki hefðbundið fóður**

Þessi fóðurframleiðsla byggir á því að korn, t.d. maís, hveiti eða bygg, er látið spíra við stýrðar umhverfisaðstæður. Kornið er sett í þar til gerða bakka þar sem er engin mold. Svo sér sérstakur vökvunarbúnaður um að úða kornið með áburðarbættu vatni, svo það fari að spíra og samhliða notkun á þar til gerðum ljóstvistaljósum (LED) fer kornið að taka við sér. Á nokkrum dögum stinga blöðin sér upp úr korninu og tekur þetta ferli venjulega á milli sex og níu daga. Þá er uppskeran tekin og samanstendur þá af rótum, sprotum og afgangskorni sem ekki spíraði. Allt fært beint til nautgripanna, nú eða annars búfjár.







Algengasta aðferðin er að nota gamla skipagáma og breyta þeim í fóðurframleiðslustöðvar.

**Breyta gámum í fóðurstöðvar**

Fóðurframleiðsla í gámum er líklega algengasta form þessarar fóðurframleiðslu, en þá hefur hefðbundnum stálgámum verið breytt í fóðurframleiðslustöðvar, þar sem allt ræktunarferlið er sett í gott framleiðslukerfi.

Á degi hverjum getur einn 40 feta gámur framleitt 500-1.000 kg af fóðri með 15-20% þurrefni. Sé tekið meðaltal af því og uppskeran umreiknuð yfir í fóðrunarvirði fyrir geldneyti í vexti þá ætti einn gámur, að viðbættri gjöf á kjarnfóðri, að geta staðið undir þetta 25-30 gripum.

**Góð auðlindanýting**

Einn af áhugaverðustu þáttunum við þetta fóðurframleiðsluform er auðlindanýting þess, en í samanburði við hefðbundna fóðurframleiðslu geta þessi kerfi dregið verulega úr vatnsnotkun.

Í mörgum tilfellum minnkar vatnsnotkunin um allt að 80 til 95 prósent en þar sem vökvun er afar lítið notuð við fóðurframleiðslu á Íslandi þá eiga þessi rök ekki beint við hérlendar aðstæður.

Þó eru nokkur bú hér á landi farin að nota vökvunarkerfi og ef notkun þeirra verður almennari á komandi árum, vegna tíðari þurrka, kann að vera að þessi rök eigi betur upp á pallborðið síðar meir en nú um stundir. Þá byggir kerfið vissulega á því að framleiða fóður í gámi og þar með er landþörf bænda miklu minni fyrir vikið.

Að lokum má nefna, með auðlindanýtingu í huga, að kerfið er afar stöðugt og traust og því verða ekki uppskerubrestir ef rétt er staðið að málum. Stöðugleiki í framleiðslu er auðvitað lykilatriði sem skiptir máli þegar fóður er annars vegar.

**Sama fóðrið**

Sé litið á rannsóknir á fóðrunargildi fóðurframleiðslu úr gámum þá benda niðurstöðurnar til þess að vel megi skipta út hefðbundnu fóðri með svona fóðurtegund.

Við spírunarferlið eykst ensímavirkni, sem brýtur niður flókin efnasambönd og eykur aðgengi meltingarkerfisins að næringarefnum og þar með getur það bætt nýtingu fóðursins.

Þó hafa ekki fundist marktæk



Fóðrið samanstendur af rótum, sprotum og afgangskorni sem ekki spíraði. Mynd / Smartfodderfarms.



Kýr að éta fóður sem kom úr fóðurframleiðslugámi. Mynd / Impacttechindia.

áhrif á mjólkurframleiðslu, þ.e. ekki til aukningar, svo hin bætta nýting er ekki mikil ef einhver er. Sumar rannsóknir hafa sýnt fram á bætt gæði mjólkur, þar á meðal hærra fituinnihald og betri næringarefni í heildina, en áhrifin á mjólkurframleiðsluna sjálfa eru þó breytileg og ætla má því að í raun og veru eigi bændur að líta á þetta fóður með sömu augum og annað fóður.

### Kostnaður

Sé horft til kostnaðar við svona fóðurframleiðslu þarf að horfa á aðstæður og má ætla að eins og staðan er í dag, á Íslandi, þá verði erfitt að framleiða fóðrið með hagnaði.

Þetta er þó háð aðstæðum enda er fræðilega séð hægt að framleiða fóður í búfé án þess að eiga land nema rétt undir búfjárhúsið og gámana utan við það. Hvort það myndi svo borga sig er eitthvað sem þarf að skoða en snögg skoðun á veraldarvefnum bendir til þess að fullbúið kerfi í einum gámi kosti í kringum 10-20 milljónir króna!

Þá á eftir að greiða fyrir rekstrarkostnaðinn svo dæmi sé tekið en kerfið notar auðvitað töluvert rafmagn. Á móti kemur svo mögulegur sparnaður við tækjakaup fyrir heyskap og annað slíkt. Án þess að prófa þetta kerfi í raun, við íslenskar aðstæður, er í raun ómögulegt að segja fyrir um mögulega hagkvæmni svona kerfis.

### Tækifæri?

Ólíkt hefðbundnum fóðurkerfum er enginn jarðvegur notaður við þessa framleiðslu og þar sem allur vaxtarferillinn fer fram innandyra, í stýrðu umhverfi, gerir þetta bændum kleift að framleiða allt árið um kring óháð veðurskilyrðum eða árstíðabundnum breytingum.

Það má vera að þetta form við fóðurframleiðslu sé mögulega ekki það fyrsta sem bændur á Íslandi horfa til, enda hugsað meira fyrir aðstæður þar sem knappt er um land eða aðstæður þannig að erfitt er að rækta undir berum himni.

Það geta þó fylgt svona framleiðslu möguleg tækifæri enda um ferskt fóður að ræða allt árið um kring, eitthvað sem ekki er hægt að vera með á Íslandi í dag.

Að geta grænfóðrað allt árið um kring er því mögulegt sóknarfæri fyrir bændur sem vilja setja á markað sérstaklega framleitt kjöt eða aðrar sérvörur, en hvort markaðurinn vilji slíkt er svo allt annað mál.












## Reimar 1662742-0105

Fæddur 14. apríl 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Eir-ET IS1662742-0021
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Horgen Erie NO74029
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Maiken av Grani NO102576
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. Horgen Bror NO55754
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Horgen Soria NO27377
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. First-Boyd fra Li NO74033
Fmm. NO30796
Mmm. Kari av Grani NO100428

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Reimar er afburða vel gerður með ákaflega mikla brjóstbreidd, vöðvafylltar herðar og góð bakhold. Malir eru langar, beinar og vel fylltar, læri breið með góðri dýpt og mikilli fyllingu. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Reimar

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 4 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 8 |
| Herðabreidd | 9 | 9 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 8 |
| Innri læri | 9 | 7 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 7 |
| Lærafylling | 9 | 9 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 8 |
| Framfótastaða | 8 | 8 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 5 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 32 kg. Við 200 daga aldur vó hann 310 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 568 kg og hafði því vaxið um 1.333 g/dag frá fæðingu. Reimar hefur frá fæðingu sýnt mikla og góða vaxtargetu. Reimar ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 76,2 mm, ómfita: 5,5 mm.



## Styr 1662742-0109

Fæddur 20. apríl 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Hovin Sokrates NO74119
M. Rauðka IS1662742-0057
Ff. Kid av Vølstad NO74068
Mf. Laurens av Krogedal NO74075
Fm. Hovin Ingrid NO102503
Mm. Fóstra-ET IS1662742-0008
Fff. Lawsons General G1730 AUVLYG1730
Mff. Horgen Erie NO74029
Ffm. Hannah av Vølstad NO36502
Mfm. 1897 av Krogedal NO31897
Fmf. Hovin Håvard NO58998
Mmf. Li's Great Tigre NO74309
Fmm. Hovin Helen NO37884
Mmm. Lara av Høystad NO49943

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Styr er mjög vel gerður gripur, brjóstbreiður og boldjúpur með holdugar herðar. Bakið er breitt og vel vöðvað og malirnar breiðar, fremur langar og holdfylltar. Lærahold eru góð, lærvöðvi alldjúpur og fylling góð Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Styr

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 6 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 7 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 8 |
| Herðabreidd | 9 | 8 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 8 |
| Innri læri | 9 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 7 |
| Lærafylling | 9 | 7 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 5 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 8 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 35 kg. Við 200 daga aldur vó hann 340 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 566 kg og hafði því vaxið um 1.341 g/dag frá fæðingu. Styr hefur ævinlega sýnt góða vaxtargetu. Styr ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 76,2 mm, ómfita: 5,5 mm.

# Angus-holdanaut frá NautÍs fædd 2025



Guðmundur Jóhannesson.

Á árinu 2025 fæddist áttundi árgangur Angus-holdagripa á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti. Hér á eftir fer kynning á þeim nautum sem fæddust á því ári. Þessir gripir eru tilkomnir með sæðingu hreinræktaðra Angus-kúa með innfluttu sæði úr Hovin Milorg NO74080, Li's Roll in One NO74108, Li's Super Nugget NO74116 og Hovin Sokrates NO74119. Hér eru því á ferð hreinræktaðir úrvalsgripir. Á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti eru gerðar miklar kröfur hvað smitvarnir varðar og hafa þessir gripir nú lokið einangrun og fengið grænt ljós hvað snertir sæðistöku og dreifingu sæðis sem og sölu frá stöðinni.

Holdanautakynið Aberdeen Angus er óþarft að kynna enda kjötgæði þess rómuð og kjötnýting mjög góð. Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð. Það hentar því vel í t.d. blendingsrækt þar sem burðarerfiðleikar eru fremur fátíðir.

Nautgriparæktarmiðstöð Íslands (NautÍs) hefur frá upphafi lagt sérstaka áherslu á góða dætraeiginleika þeirra nauta sem notuð hafa verið þar til uppbyggingar á Angus-holdagripastofni hérlendis. Má þar nefna létta burði og kjötgæði að ógleymdum mæðraeiginleikum þó áhersla á kjötgæðaeiginleika hafi aukist með tímanum. Á undanförnum árum hafa því verið notuð naut eins og Li's Great Tigre NO74039, First Boyd fra Li NO74033, Hovin Hauk NO74043, Horgen Erie NO74029, Emil av Lillebakken NO74028, Jens av Grani NO74061, Laurens av Krogedal, Ivar fra Li NO74047, Kid av Vølstad NO74068, Manitu av Høystad NO74081 og Hovin Milorg NO74080. Í fyrra fæddust svo tvö naut og þrjár kvígur undan Hovin Milorg, þrjú naut og fjórar kvígur undan Li's Roll in One, fjögur naut undan Li's Super Nugget og þrjú naut og þrjár kvígur undan Hovin Sokrates.

**Feður nautanna**

**Hovin Milorg NO74080,** f. 9. janúar 2017 hjá Espen Krogstad á Nedre Hovin í Tyristrand í Buskerud-fylki. Bærinn er skammt frá vatninu Tyrifjorden, norðaustur af Osló. Faðir Hovin Milorg er First Boyd fra Li NO74033 og hann er því samfeðra Draumi-ET 18402. Móðirin ber það skemmtilega heiti, fyrir okkur hérlendis, Hovin Island NO100000 og er dóttir Hovin Gneis NO60591 sem aftur er hálfbróðir Stóra-Tígurs eða Li's Great Tigre NO74039. Hann var svo, eins og margir muna, faðir Vísis-ET 18400, Týs-ET 18401, Baldurs-ET 18403 og Bætis-ET 18404 auk margra af kúnum í fyrsta árgangi Angus-gripa hjá NautÍs.

Hovin Milorg er naut sem gefur mikinn vöxt og góða fituflokkun en holdfyllingarflokkun um meðallag og mæðraeiginleikar eru síðri en margra þeirra nauta sem hafa verið notaðir hjá NautÍs áður. Þá er fæðingarþungi kálfa nokkuð mikill en burður þó auðveldur. Það má því segja að meginstyrkur Hovin Milorg liggi í mikilli vaxtargetu.

**Li's Roll in One NO74108,** f. 15. janúar 2021 hjá Steinar Schanke, Li í Luster við Sognefjord í Noregi. Steinar er vel þekktur Angus-ræktandi í Noregi en frá honum komu t.d. Li's Great Tigre, First-Boyd, Ivar og Irving frá Li. Fyrir áhugasama þá birtist viðtal við Steinar í 1. tölublaði Buskap 2017.

*-Framhald á síðu 40*



## Narfi 1662742-0113

Fæddur 25. apríl 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Li's Super Nugget NO74116
M. Lúra IS1662742-0062
Ff. Millah Murray Nugget N266 AUNMMN266
Mf. Laurens av Krogedal NO74075
Fm. Li's Nillie NO104153
Mm. Assa-ET IS1662742-0018
Fff. Ascot Hallmark H147 AUQQFH147
Mff. Horgen Erie NO74029
Ffm. Millah Murray Honey H159 AUNMMH159
Mfm. 1897 av Krogedal NO31897
Fmf. Li's Solid Gold NO62942
Mmf. Hovin Hauk NO74043
Fmm. Li's Lilly Limited NO101321
Mmm. Mose av Grani NO102588

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Narfi er mjög vel gerður, brjósbreiður og boldjúpur með góða herðafyllingu og úrvals bakhold. Malirnar eru breiðar, beinar og vel vöðvaðar, lærahold mikil, mikil dýpt og úrvalsgóð fylling. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Narfi

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 6 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 8 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 8 |
| Herðabreidd | 9 | 8 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 8 |
| Innri læri | 9 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 8 |
| Lærafylling | 9 | 9 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 8 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 40 kg. Við 200 daga aldur vó hann 330 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 584 kg og hafði því vaxið um 1.384 g/dag frá fæðingu. Narfi hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu. Narfi ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 72,5 mm, ómfita: 7,3 mm.



## Serkur 1662742-0116

Fæddur 6. maí 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Hovin Sokrates NO74119
M. Lína IS1662742-0067
Ff. Kid av Vølstad NO74068
Mf. Laurens av Krogedal NO74075
Fm. Hovin Ingrid NO102503
Mm. Fóstra-ET IS1662742-0008
Fff. Lawsons General G1730 AUVLYG1730
Mff. Horgen Erie NO74029
Ffm. Hannah av Vølstad NO36502
Mfm. 1897 av Krogedal NO31897
Fmf. Hovin Håvard NO58998
Mmf. Li's Great Tigre NO74309
Fmm. Hovin Helen NO37884
Mmm. Lara av Høystad NO49943

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Serkur er vel gerður gripur með mikla brjóstbreidd og breiðar herðar. Bakið er ákfalega breitt og vöðvað, malirnar langar, fremur breiðar og vöðvaðar en halarót aðeins há. Lærin eru vel vöðvuð, lærvöðvi ákaflega djúpur og fylling góð. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Serkur er aðeins örgeðja gagnvart ókunnugum.

### Línulegt mat: Serkur

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 7 |
| Herðabreidd | 9 | 8 |
| Spjaldbreidd | 9 | 9 |
| Lærabreidd | 8 | 7 |
| Innri læri | 9 | 7 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 9 |
| Lærafylling | 9 | 8 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 7 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 31 kg. Við 200 daga aldur vó hann 310 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 548 kg og hafði því vaxið um 1.361 g/dag frá fæðingu. Serkur hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu. Serkur ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 71,8 mm, ómfita: 7,7 mm.



## Náli 1662742-0120

Fæddur 9. júní 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Li's Super Nugget NO74116
M. Erla-ET IS1662742-0037
Ff. Millah Murray Nugget N266 AUNMMN266
Mf. Emil av Lillebakken NO74028
Fm. Li's Nillie NO104153
Mm. Nanne av Høystad NO104656
Fff. Ascot Hallmark H147 AUQQFH147
Mff. Betong av Dagrød NO74017
Ffm. Millah Murray Honey H159 AUNMMH159
Mfm. Mairin NO24738
Fmf. Li's Solid Gold NO62942
Mmf. Hovin Hauk NO74043
Fmm. Li's Lilly Limited NO101321
Mmm. Mose av Grani NO102588

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Náli er mjög vel gerður gripur með mikla brjóstbreidd, góða fyllingu á herðum og í baki. Malirnar eru langar, breiðar og vel fylltar. Lærahold eru mikil, djúpur lærvöðvi með góðri fyllingu. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Rólegur gripur.

### Línulegt mat: Náli

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 7 |
| Herðabreidd | 9 | 8 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 7 |
| Innri læri | 9 | 7 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 8 |
| Lærafylling | 9 | 8 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 8 |
| Framfótastaða | 8 | 8 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 6 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 42 kg og því ætti ekki að nota Nála á kvígur. Við 200 daga aldur vó hann 300 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 491 kg og hafði því vaxið um 1.298 g/dag frá fæðingu. Náli hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu. Náli ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 70,5 mm, ómfita: 5,7 mm.



## Rosi 1662742-0124

Fæddur 25. júlí 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Li's Roll in One NO74108
M. Assa-ET IS1662742-0018
Ff. GF Hole in One 7C CA1850240
Mf. Hovin Hauk NO74043
Fm. Li's Nemi Black NO104216
Mm. Mose av Grani NO102588
Fff. S Titleist US17007985
Mff. Te Mania Berkley B1 AUVTMB1
Ffm. Worth-Mor Errolline CA1718250
Mfm. Hovin Victoria NO23868
Fmf. Weeton Black Jack R419 GB181671502419
Mmf. First-Boyd fra Li NO74033
Fmm. NO37971
Mmm. Kaja av Grani

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Rosi er vel gerður gripur, ágætlega herðabreiður og boldjúpur. Bakið er breitt og vöðvað og malirnar langar og breiðar með góða vöðvafyllingu. Læraholdin eru góð, mikil fylling og lærvöðvi alldjúpur. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Rosi

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 6 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 7 | 6 |
| Boldýpt | 9 | 7 |
| Herðabreidd | 9 | 7 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 7 |
| Innri læri | 9 | 6 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 7 |
| Lærafylling | 9 | 8 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 5 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 5 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 7 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 42 kg. Við 200 daga aldur vó hann 330 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 410 kg og hafði því vaxið um 1.227 g/dag frá fæðingu. Rosi hefur ætíð sýnt góða vaxtargetu. Rosi ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 64,4 mm, ómfita: 7,3 mm.



## Reyr 25401 (1662742-0103)

Fæddur 8. apríl 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Li's Roll in One NO74108
M. Eir-ET IS1662742-0019
Ff. GF Hole in One 7C CA1850240
Mf. Horgen Erie NO74029
Fm. Li's Nemi Black NO104216
Mm. Maiken av Grani NO102576
Fff. S Titleist US17007985
Mff. Horgen Bror NO74029
Ffm. Worth-Mor Errolline CA1718250
Mfm. Horgen Soria NO27377
Fmf. Weeton Black Jack R419 GB181671502419
Mmf. First-Boyd fra Li NO74033
Fmm. NO37971
Mmm. Kari av Grani NO100428

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Reimar er ákaflega vel gerður, með breiðar og vel fylltar herðar, mikla brjóstbreidd og góð bakhold. Malir eru langar, breiðar og holdugar. Lærahold eru úrvalsgóð, djúpur lærvöðvi og mikil fylling. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Reyr

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 9 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 4 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 9 |
| Herðabreidd | 9 | 8 |
| Spjaldbreidd | 9 | 9 |
| Lærabreidd | 8 | 8 |
| Innri læri | 9 | 9 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 8 |
| Lærafylling | 9 | 8 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 4 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 4 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 43 kg og því ætti ekki að nota Rey á kvígur. Við 200 daga aldur vó hann 355 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 632 kg og hafði því vaxið um 1.444 g/dag frá fæðingu. Reimar hefur ávallt sýnt gríðarmikla og góða vaxtargetu. Reyr ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 76,3 mm, ómfita: 7,1 mm.



## Njörður 25402 (1662742-0104

Fæddur 9. apríl 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | |
|---|---|
| F. | Li's Super Nugget NO74116 |
| M. | Klara-ET IS1662742-0055 |
| Ff. | Millah Murray Nugget N266 AUNMMN266 |
| Mf. | Kid av Vølstad NO74068 |
| Fm. | Li's Nillie NO104153 |
| Mm. | Petra av Krogedal NO108869 |
| Fff. | Ascot Hallmark H147 AUQQFH147 |
| Mff. | Lawsons General G1730 AUVLYG1730 |
| Ffm. | Millah Murray Honey H159 AUNMMH159 |
| Mfm. | Hannah av Vølstad NO36502 |
| Fmf. | Li's Solid Gold NO62942 |
| Mmf. | Emil av Lillebakken NO74028 |
| Fmm. | Li's Lilly Limited NO101321 |
| Mmm. | Lone av Krogedal NO10047 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Njörður er vel gerður gripur með mikla brjóstbreidd og boldýpt. Herðar eru allbreiðar og holdfylltar og bakið breitt og vöðvað. Malirnar eru langar, breiðar og vöðvafylltar. Lærahold eru góð, djúpur lærvöðvi og mikil fylling. Fótstaða er góð og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Njörður

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 6 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 8 |
| Breidd mala | 8 | 8 |
| Beinabygging | 3 | 4 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 8 |
| Herðabreidd | 9 | 7 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 8 |
| Innri læri | 9 | 8 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 7 |
| Lærafylling | 9 | 7 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 5 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 8 |
| Framfótastaða | 8 | 7 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 5 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 5 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 38 kg. Við 200 daga aldur vó hann 320 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 548 kg og hafði því vaxið um 1.253 g/dag frá fæðingu. Njörður hefur ævinlega sýnt góða vaxtargetu. Njörður ber ekki frjósemisgallann.

Ómvöðvi: 63,1 mm, ómfita: 7,2 mm.



## Naggur 25403 (1662742-0114)

Fæddur 28. apríl 2025
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**

| | |
|---|---|
| F. | Li's Super Nugget NO74116 |
| M. | Jenna IS1662742-0041 |
| Ff. | Millah Murray Nugget N266 AUNMMN266 |
| Mf. | Jens av Grani NO74061 |
| Fm. | Li's Nillie NO104153 |
| Mm. | Eir-ET IS1662742-0019 |
| Fff. | Ascot Hallmark H147 AUQQFH147 |
| Mff. | Ayrvale Bartel E8 AUHIOE8 |
| Ffm. | Millah Murray Honey H159 AUNMMH159 |
| Mfm. | Evy av Grani NO30798 |
| Fmf. | Li's Solid Gold NO62942 |
| Mmf. | Horgen Erie NO74029 |
| Fmm. | Li's Lilly Limited NO101321 |
| Mmm. | Maiken av Grani NO102576 |

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Naggur er ákaflega vel gerður gripur með mikla boldýpt og brjóstbreidd. Herðar eru breiðar og holdugar og bakið vel vöðvað. Malirnar eru breiðar, langar og holdfylltar. Læraholdin mjög góð, djúpur lærvöðvi með mikilli fyllingu. Fótstaða er sterkleg og klaufir prýðilega gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

### Línulegt mat: Styr

| Línulegt mat | Besta eink. | Mat grips |
|---|---|---|
| Yfirlína | 5 | 5 |
| Stærð | 7 | 7 |
| Halli mala | 7 | 7 |
| Lengd mala | 9 | 8 |
| Breidd mala | 8 | 7 |
| Beinabygging | 3 | 3 |
| Brjóstbreidd | 7 | 7 |
| Boldýpt | 9 | 9 |
| Herðabreidd | 9 | 8 |
| Spjaldbreidd | 9 | 8 |
| Lærabreidd | 8 | 8 |
| Innri læri | 9 | 9 |
| Dýpt lærvöðva | 9 | 8 |
| Lærafylling | 9 | 9 |
| Staða hækla frá hlið | 6 | 6 |
| Halli klaufa | 5 | 6 |
| Staða hækla aftan frá | 8 | 7 |
| Framfótastaða | 8 | 8 |
| Klaufsamhverfa | 5 | 4 |
| Hvelfing klaufa | 6 | 4 |
| Gerð klaufa | 5 | 5 |
| Heild | 9 | 8 |

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 37 kg. Við 200 daga aldur vó hann 325 kg, við vigtun 21. maí 2026 var hann orðinn 564 kg og hafði því vaxið um 1.358 g/dag frá fæðingu. Naggur hefur ævinlega sýnt mikla og góða vaxtargetu. Naggur ber ekki frjósemisgallann..

Ómvöðvi: 78,6 mm, ómfita: 8,1 mm.

**Til athugunar varðandi skyldleika** — **Kýrfaðir**

| Naut | Vísir 18400 | Draumur 18402 | Baldur 18403 | Valur 19402 | Eiríkur 19403 | Máttur 19404 | Erpur 20402 | Eðall 20403 | Jóakim 21403 | Jenni 21405 | Lilli 22402 | Laki 22403 | Lundi 23403 | Lási 23404 | Litur 23405 | Moli 24402 | Möskvi 24404 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reyr 25401 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Í lagi |
| Njörður 25402 | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi | Í lagi |
| Njörður 25403 | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Í lagi | Í lagi | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Nokkur skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki | Of mikill skyldleiki |

Taflan sýnir hvort í lagi sé að nota viðkomandi naut m.t.t. föður þeirrar kýr/kvígu sem sæða á

Í lagi (grænt) | Nokkur skyldleiki (gult) | Of mikill skyldleiki (rautt)


# Hreinræktaðir Aberdeen Angus gripir til sölu í júlí 2026 - Tilboð óskast !!

Um er að ræða 6 naut.
Frekari upplysingar um gripina eru í þessu Bændablaði
og á heimasíðu BSSL.

Ákveðið var að styðjast við svipaðar útboðsreglur og í fyrra
en þær er einnig að finna á heimasíðu BSSL.

Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði
sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is)
en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt
geta **haft samband við Svein í s. 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.**

Hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut.
**Lágmarksboð í nautin er kr. 1.000.000 - ein milljón +vsk.**
Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í tölvupósti
merkt: gunnar@bssl.is **í síðasta lagi 6. Júlí**

Tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim
**þriðjudaginn 7. júlí 2026 sem hefst kl. 10:00.**
Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við
þegar tilboðin verða opnuð
og eða fylgjast með á teams fundi
einnig að fá sendan hlekk á fundinn til sín.


Li's Roll in One er að mestu tilkominn með innflutningi til Noregs en faðir er kanadíska nautið GF Hole in One 7C CA1850240 sem var undan S Titleist 1145 US17007985 frá Bandaríkjunum og móðurfaðir er breskur, Weeton Black Jack P419 GB181671502419.

Li´s Roll in One býr yfir miklum kjötgæðaeiginleikum. Fæðingarþungi kálfa er mikill og því ber aðeins á erfiðum burði. Vaxtarhraði er góður. Dætur Li's Roll in One hafa meðalgóða burðareiginleika og eru yfir meðaltali í þunga afkvæma sinna við 200 daga aldur. Fallþungi afkvæma Li's Roll in One er mikill og hold- og fituflokkun mjög góð. Hér er því á ferðinni gott kynbótanaut, einkum hvað kjötgæðaeiginleika snertir.

**Li's Super Nugget NO74116,** f. 6. janúar 2022 hjá Steinar Schanke, hinum sama og Li's Roll in One. Faðir Li's Super Nugget er hinn ástralski Millah Murray Nugget AUNMMN266 og móðurfaðirinn er Li's Solid Gold NO62942.

Li's Super Nuggett gefur létta burði, vaxtargeta afkvæma hans er mikil og flokkun góð. Dætur hans hafa góða burðareiginleika og afkvæmi þeirra hafa mikinn þunga við 200 daga aldur. Li's Super Nugget er því gott alhliða kynbótanaut.

**Hovin Sokrates NO74119**, f. 18. janúar 2022 hjá Espen Krogstad, þeim sama og Hovin Milorg. Faðir er Kid av Vølstad NO74068 og móðurfaðir er Hovin Håvard NO58998.

Hovin Sokrates gefur fremur létta burði og góðan vaxtarhraða. Fallþungi afkvæma er mjög mikill en flokkun undir meðallagi, bæði hvað varðar hold- og fituflokkun. Dætur hans eru undir meðallagi með þunga afkvæma við 200 daga aldur. Hovin Sokrates gefur því fyrst og fremst mikinn vöxt og þunga en stendur öðrum nautum ekki jafnfætis hvað varðar kjötgæði og dætur.

Í vetur uppgötvaðist í Noregi erfðavísir eða erfðagalli í Angus sem að veldur ófrjósemi. Þessi galli kemur þannig fram að naut sem eru arfhrein eru ófrjó en áhrif á arfblendna gripi eru engin. Eftir því sem næst verður komist barst þessi erfðavísir til Noregs gegnum innflutning fá N-Ameríku og hefur því blandast í norska Angus-stofninn án þess að nokkur hefði hugmynd um. Því miður hefur komið í ljós að naut sem hafa verið notuð hér bera þennan galla eða þeir Emil av Lillebakken, Li's Great Tigre og Manitu av Høystad. Nú hafa allir núlifandi gripir á Stóra-Ármóti verið arfgreindir og komið hefur í ljós að nokkrir þeirra bera gengið (gallann). Unnið verður að því á komandi misserum að eyða þessum galla út úr ræktunarkjarnanum á Stóra-Ármóti en engin ástæða er til þess að hlaupa upp til handa og fóta. Gallinn hefur, eins og áður sagði, einungis áhrif á frjósemi arfhreinna nauta sem eru þá ófrjó.

Af þeim nautum sem notuð hafa verið til sæðinga hérlendis er staðfest að Jóakim, Erpur, Lundi, Moli og Möskvi eru berar og því 50% líkur á að afkvæmi þeirra beri gallann. Ætli menn að reyna að fá kynbótanaut til notkunar er því rétt að hafa í huga að æxla ekki saman afkomendum Emil av Lillebakken, Li‘s Great Tigre eða Manitu av Høystad.

Í Noregi er unnið að greiningu á kynbótanautum og við höfum fengið staðfest að Laurens av Krogedal, Kid Av Vølstad, Hovin Milorg, Li‘s Roll in One, Li‘s Super Nugget, Hovin Sokrates, Turbo av Eide og Topp XXL eru allir lausir við gallann. Það er mikið lán í óláni að þeir gripir sem við erum að fá núna inn eru undan þessum nautum sem bera ekki gallann og hjálpar okkur mikið við að uppræta hann.

Eðlilega spyrja menn; hvaða áhrif hefur þetta hjá mér, þarf ég að farga gripum? Stutta svarið er nei. Vissulega geta einhverjir gripir borið gallann en hafi naut eignast kálfa er það a.m.k. ekki arfhreint fyrir gallanum því þá væri það ófrjótt. Norðmenn vinna nú að því að koma greiningu á gallanum á arfgerðargreiningarflögu sem við vonumst til að geta fengið til nota hér á komandi misserum. Þá verður hægt að greina hvort gripir bera gallann eður ei og haga ásetningsvali samkvæmt því. Þangað til höldum við ótrauð áfram eins og lítið sem ekkert hafi í skorist en höfum bak við eyrað að æxla síður saman gripum sem mögulega gætu verið berar.

***Kynning og lýsing þeirra nauta sem hér hefur farið fram byggir á línulegu útlitsmati og umsögn þeirra Ditte Clausen og Lindu Margrétar Gunnarsdóttur, ráðunauta hjá RML. Rétt er að taka fram að þessi naut verða boðin til kaups frá Nautís utan þá þrjá síðasttöldu, Rey, Njörð og Nökkva. Þeir fara til sæðistöku á Nautastöðinni á Hesti og ekki liggur fyrir hvort þeir verða seldir þaðan eða fargað að lokinni sæðistöku.***

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum nýhafin og því liggur ekki fyrir hver árangur úr henni verður. Hins vegar hefur verið tekin ákvörðun um að Reyr 25401, Njörður 25402 og Naggur 25403 verða fluttir að Hesti til sæðistöku. Þeir verða því ekki seldir, a.m.k. ekki að svo stöddu. Hin nautin, Reimar, Styr, Narfi, Serkur,Náli og Rosi verða boðnir til kaups. Það er alveg ljóst að hér eru á ferðinni úrvalsgripir, ákaflega vel gerð naut sem eiga að geta nýst vel til framræktunar og framleiðslu.

Að lokum er hér svo tafla sem nota má til þess að skoða hver skyldleiki þeirra nauta sem verða notaðir til sæðinga er gagnvart notkun á þeim. Sýnt er með litum hvort rétt sé að nota viðkomandi naut á dætur eldri Angus-sæðinganauta út frá innbyrðis skyldleika.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML.*

# Síðasta blað fyrir sumarfrí kemur út 9. júlí




Stólpi




## Vantar þig geymslupláss?

Við bjóðum upp á tvo þægilega valkosti fyrir geymslu gáma, eftir því hvað hentar þínum þörfum best

**24/7 geymslugámur**
Þjónustusvæði með 24/7 aðgangi að læstu geymslusvæði alla daga vikunnar. Þú hefur fulla stjórn á aðgengi að gámnum þínum þegar þér hentar.

**Langtíma geymslugámur**
Gámurinn er geymdur á tilteknum stað. Aðgangur er veittur með dags fyrirvara, sem hentar vel fyrir lengri geymslu án daglegrar notkunar.

Hafðu samband í **422-1230** eða **stolpigamar@stolpigamar.is** og fáðu frekari upplýsingar um geymslulausnir Stólpa.

Staðsetning er að Gullhellu 2, 221 Hafnarfirði og aðeins gámar í eigu Stólpa eru geymdir á svæðinu.

**Bókaðu geymslupláss á www.stolpigamar.is**

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum



Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083

Allt til járna-bindinga



Klippum og beygjum
Sverleikar frá 8-40mm



Samsetning
Fullkomin aðstaða innanhúss í nýju húsnæði okkar

Sendum um allt land






Fylgihlutir
Mikið úrval á lager, einnig sérpantanir



Járnamottur á lager
Gott úrval, einnig sérpantanir

Kambstál ehf • Tinhellu 3 • 221 Hafnarfirði
534 1500 • kambstal@kambstal.is • kambstal.is

Hafðu samband og við finnum lausn sem hentar þér! 534 1500

# Tómarúmið



Benedikta Guðrún Svavarsdóttir.

Nýlega sat umhverfisráðherra fyrir svörum í þættinum Græna borðið á Samstöðinni og var þá spurður um tengsl sín við náttúruna Spurningin virtist koma honum í opna skjöldu og vafðist honum tunga um tönn. Það varð síðan til þess að hann birti betur ígrundað svar á samfélagsmiðlum.

Í þeim pósti hans birtist allt annar maður en sá sem við sjáum stoltan veita virkjanaleyfi, vindmylluleyfi og stefna að því, með ríkisstjórninni, að festa í sessi yfirvofandi umhverfisslys í sjókvíaeldi. Nei, hann átti minningar um nið Hvítár, jaðrakan við árbakkann, skóg sem langafi hans hafði gróðursett og litla dóttur sína að uppgötva heiminn. Fallegar og einlægar minningar sem flest okkar geta tengt við á einn eða annan hátt.

Mikið vildi ég að oftar glitti í þessa blíðu ráðherrans þegar náttúra Íslands á undir högg að sækja.

**Hvenær varð þetta svona erfitt?**

Páll Skúlason heimspekingur skilgreinir náttúruna sem þann hluta veruleikans, hins jarðneska og himneska, sem við höfum möguleika á að nema með skynfærum okkar. Umhverfið sé aftur á móti hin ytri náttúra umsköpuð af tæknilegu valdi mannsins.

Stundum velti ég því fyrir mér hvort við eigum einungis ráðherra umhverfisins, ekki náttúrunnar. Það virðist í það minnsta auðveldara að ræða nýtingu náttúrunnar en að virða mörk hennar. Auðveldara að tala um hagvöxt, orkuframleiðslu og uppbyggingu en þá einföldu staðreynd að allt þetta byggir á heilbrigðum vistkerfum.

Náttúruvernd er gjarnan gagnrýnd fyrir að vera mjúk, tilfinningaþrungin eða jafnvel barnaleg. Einhvers konar draumsýn um fuglasöng, fossa og gönguferðir.

En náttúruvernd er ekki sakleysi. Hún er ekki barnaleg. Hún er ekki flótti frá raunveruleikanum. Þvert á móti byggir hún á þeirri staðreynd að við búum á plánetu með takmörkuð vistkerfi. Það er ekki tilfinningamál. Það er raunsæi.

Það er því grafalvarlegt þegar því er gefið undir fótinn að það sé róttækt eða öfgafullt að vilja vernda heimilið sitt og staldra við áður en gengið er lengra á vistkerfin sem halda okkur á lífi. Þegar það liggur fyrir að allt of víða hefur verið gengið of langt.



„Kannski er stærsta áskorun samtímans ekki að framleiða meira, heldur tileinka okkur aftur nægjusemi." Seyðisfjörður. Mynd / Aðsend

Það stendur allt á haus. Það sem áður hefði talist sjálfsögð varfærni er í dag iðulega afgreitt sem öfgar, á meðan sífellt meiri ásókn í land, haf og auðlindir er kynnt sem skynsemi, framþróun og ábyrgð.

**Rót vandans**

Það sem veldur mér þó mestum áhyggjum er að við virðumst sífellt sjaldnar ræða rót vandans. Græðgi, ofneysla og sífelld krafa um eitthvað meira virðast mér ekki fyrst og fremst vera efnahagslegt vandamál. Þær bera með sér ákveðið tómarúm. Tengslaleysi við náttúruna, við mörkin og jafnvel við okkur sjálf.

Fólk hér á Vesturlöndum hefur aldrei haft jafn mikið á milli handanna og samt finnst sífellt stærri hópi eitthvað vanta. Við reynum að fylla það tómarúm með fleiri hlutum og meiri neyslu. Til þess þarf sífellt meiri orku, sífellt fleiri auðlindir og sífellt meira rask.

Í náttúrunni er jafnvægið hins vegar forsenda lífsins.

Kannski er það þess vegna sem mér finnst svo einkennilegt að það skuli teljast róttækt að vilja ekki ganga lengra á vistkerfin sem halda okkur á lífi.

**Er grænn vöxtur nóg?**

Á sama tíma og stjórnmálafólk talar sífellt um hraðari uppbyggingu, aukna orkuvinnslu og enn meiri verðmætasköpun birtast ítrekað vísindarannsóknir og skýrslur sem benda á aðra lausn.

Nýlega birtu á fimmta tug sérfræðinga hjá The Global Justice Project samantekt um leiðir út úr loftslags- og vistkerfakreppunni. Þar er bent á að raunverulegar lausnir felist í nægjusemi, minni neyslu, auknum jöfnuði og samfélagi sem skilgreinir velgengni á annan hátt en stöðugan hagvöxt.

Það er áhugaverð hugsun á tímum þar sem stjórnvöld virðast líta á náttúruna fyrst og fremst sem hráefni í hagvaxtarskapandi loftslagslausnir. Eins og eyðilegging sé sjálfkrafa réttlætanleg sé hún undir grænum formerkjum.

Ef lausnin felst í áframhaldandi ásókn í land, haf og aðrar auðlindir án þess að við endurskoðum neyslu okkar og hugmyndir um vöxt, erum við þá ekki einfaldlega að næra rót vandans í nýjum búningi?

Loftslagsvandinn hófst ekki vegna þess að okkur skorti orku. Hann hófst vegna þess að við hættum að virða mörkin og tókum meira en vistkerfin þola.

Lausnin er því tæpast fólgin í því að taka enn meira, bara á annan hátt.

**Hver talar fyrir náttúruna?**

Kannski er stærsta áskorun samtímans ekki að framleiða meira heldur tileinka okkur aftur nægjusemi. Að skilja að við stöndum ekki utan náttúrunnar heldur innan hennar. Að hagkerfið er undirkerfi náttúrunnar, ekki öfugt.

Ég velti því fyrir mér hvort það séu nægilega margir sem tala máli náttúrunnar. Fyrir nægjusemi og þeirri visku að þó hægt sé að ganga lengra þá er það aðeins skammgóður vermir. Það er beinlínis óábyrgt að gera sig stóran með frösum eins og „höggva á hnúta í orkumálum" og „ryðja burt hindrunu".

Kannski byrjar allt á þessari einföldu viðurkenningu: Við eigum ekki náttúruna. Við tilheyrum henni. Gleymist það mun ekkert magn af grænni orku, hagvexti eða tæknilausnum fylla tómarúmið innra með okkur.

*Höfundur er formaður VÁ, félags um vernd fjarðar og stjórnarmaður í NAUST náttúruverndarsamtökum Austurlands.*



# Varðveisla kolefnis í jarðvegi


Guðni Þorvaldsson.

Í Bændablaðinu þann 11. júní síðastliðinn birtist grein undir fyrirsögninni „Vöndum til verka við endurheimt votlendis“. Í greininni er m.a. kynnt námskeið fyrir verktaka sem taka að sér slíka vinnu. Ég tek undir mikilvægi þess að rétt og vel sé staðið að slíkum framkvæmdum eftir að búið er að ákveða þær. En það er ekki síður mikilvægt að vanda til verka á fyrri stigum þegar ávinningur af endurheimt er áætlaður.

Áætlanir um losun gróðurhúsalofttegunda úr jarðvegi hér á landi byggjast fyrst og fremst á mælingum á gasflæði frá yfirborði jarðvegs. Mikill breytileiki er í þeim mæliniðurstöðum, allt frá mikilli losun yfir í nokkra bindingu. Þegar verið er að mæla gasflæði frá jarðvegi þarf að hafa í huga að þetta gas er ekki bara vegna niðurbrots baktería á lífrænu efni jarðvegsins, heldur er hluti þess vegna öndunar plantna (plöntur þurfa að anda bæði á votlendi og þurrlendi) og niðurbroti á nýmynduðu lífrænu efni (uppskeru ársins). Í sænskri rannsókn kom t.d. í ljós að niðurbrot á lífrænu efni í ökrum að hausti var fyrst og fremst úr nýjum plöntuvefjum, eldra kolefni hafði rotnað eða ummyndast í stöðugra form og haggaðist því lítið. Það er því mikilvægt að bera þessar niðurstöður úr gasmælingum saman við raunverulegar mælingar á kolefnisforða jarðvegs, annars vegar á framræstu landi og hins vegar á landi í nágrenninu sem ekki hefur verið framræst.

Á Íslandi búum við svo vel að öskulög er víða að finna í jarðvegi og þau hafa m.a. verið nýtt í fornleifarannsóknum. Þessi öskulög gera okkur einnig kleift að mæla uppsöfnun eða niðurbrot lífræns efnis yfir lengri tíma. Tvö slík verkefni hafa verið unnin við Landbúnaðarháskóla Íslands á síðustu árum. Fyrra verkefnið byggðist á samanburði á átta mismunandi stöðum á Suður- og Suðvesturlandi en það síðara á tveimur stöðum í Skagafirði. Á hverjum stað voru tekin sýni fyrir ofan ákveðið öskulag, annars vegar á framræstu landi og hins vegar á óframræstu landi í nágrenninu. Mikilvægt er að mæla rúmþyngd jarðvegsins á hverjum sýnatökustað bæði í framræsta landinu og því sem ekki var framræst. Þetta er mikilvægt því rúmþyngd í framræsta landinu er mun hærri en í hinu. Því miður láðist að mæla rúmþyngdina í óframræsta landinu í stærri athuguninni og rúmþyngd framræsta landsins notuð í staðinn. Þessi mistök gerðu það að verkum að munurinn á kolefnisforða framræsta landsins og þess óhreyfða var ofmetinn. Eigi að síður er þetta mjög áhugavert verkefni. Í Skagafirði var ekki mikill munur á kolefnisforða þessara samanburðarliða en þó á þann veg að meira kolefni var í óframræsta landinu eins og við var að búast. Í stóru rannsókninni var meiri munur en samt töluvert minni en staðalgildi IPCC gera ráð fyrir og minni en margar íslenskar gasmælingar hafa gefið til kynna. Það þyrfti að endurreikna þær niðurstöður með réttri rúmþyngd og þá myndi munurinn á framræstu og óhreyfðu spildunum væntanlega minnka töluvert. Þessi aðferðafræði er tiltölulega auðveld í framkvæmd og ódýr. Það þyrfti að beita henni á miklu fleiri stöðum á landinu til að fá betri mynd af áhrifum framræslu á kolefnisforðann. Þegar svo miklu munar á gasflæðiaðferðinni og beinni mælingu á kolefnisforða jarðvegsins þarf að staldra við og athuga í hverju munurinn liggur.

Annað sem þarf að gera til að átta sig á því hvaða árangri endurheimt skilar, er að gera samanburðartilraunir þar sem hluti framræsts lands er endurheimtur og annar hluti ekki. Síðan er fylgst með gasstreymi frá hvorum hluta fyrir sig í einhver ár. Slík tilraun var lögð út í Mávahlíð í Borgarfirði fyrir nokkrum árum. Niðurstöður fyrsta sumarsins voru kynntar í ritgerð og losun gróðurhúsalofttegunda var 23% minni í endurheimta hlutanum en hinum. Ég held að menn hafi reiknað með meiri mun. Mælingum var haldið eitthvað áfram eftir þetta en niðurstöðurnar hafa ekki verið birtar. Það þyrfti að birta þær og gera fleiri slíkar rannsóknir. Vegna mikillar eldvirkni hér á landi er íslenskur jarðvegur um margt ólíkur jarðvegi í nágrannalöndum okkar. Þurrlendi virðist geta bundið meira kolefni en víða erlendis og votlendið inniheldur töluvert minna lífrænt efni og meira af steinefnum en mýrar erlendis, bæði vegna öskufalls og áfoks. Það er mikil vinna óunnin við rannsóknir, flokkun og kortlagningu á íslenskum jarðvegi.

Þegar votlendi er þurrkað verður með tímanum til nýtt jafnvægi. Steinefnaríkar mýrar geta breyst í frjósama grasmóa sem geta bundið mikið kolefni. Áður en farið er út í stórfelldar framkvæmdir við endurheimt votlendis er mikilvægt að hafa góðar rannsóknir á bak við sig. Á meðan þær eru ekki fullnægjandi tel ég betra að verja þessum fjármunum í uppgræðslu á ógrónu landi og binda þannig kolefni. Til að spara tilbúinn áburð mæli ég með notkun belgjurta við uppgræðslustarfið þar sem þær henta.

*Höfundur er prófessor emeritus við LbhÍ.*

**Síðasta blað fyrir sumarfrí kemur út 9. júlí**









# Stærsta samvinnuhreyfingin



Dr. Indriði Benediktsson.

Þjóðin kýs um það í lok ágúst hvort taka eigi aftur upp viðræður um aðild að Evrópusambandinu. Í tenglum við það hefur sprottið upp umræða, sem á stundum hefur verið býsna undarleg. En hvað er þetta Evrópusamband?

Fyrst skal segja hvað það er ekki. Það er ekki ríki eða ríkjasamband sem stjórnað er af fámennri klíku sem ræður öllu eins og raunin er því miður með lönd eins og Rússland og að vissu leyti Bandaríkin. Og það er ekki vettvangur sem reynir að steypa alla sína þegna í sama mót og útrýma sérkennum milli landa og landshluta. Einkunnarorð ESB eru „unity in diversity“ eða „samstaða í fjölbreytni“ sem meðal annars sést í hversu vel er stutt við tungumálavernd.

En hvað er Evrópusambandið þá? Evrópusambandið er stærsta samvinnuhreyfing í sögu mannkyns. Það sameinar aðildarlöndin til gagnkvæmrar samvinnu í ákverðnum málaflokkum. Hér má nefna frjálsa verslun innbyrðis og samræmda tolla gagnvart umheiminum. Eins stuðning við landbúnað og byggðaþróun og sameiginlega mynt, evruna. Evrópusambandið vinnur að stefnumótun í umfangsmiklum málaflokkum sem eru ekki einkamál einstakra ríkja, eins og t.d. sóttvarnir, umhverfismál og mengun lofts og sjávar. Slík stefnumótun er unnin með aðkomu allra aðildarlandanna ásamt sérfræðingum. Ákvarðanir eru teknar á fundum ráðherra aðildarríkjanna (ráðið) og eins af Evrópuþinginu, sem hefur þingmenn frá öllum aðildarlöndum. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með Ursulu von der Leyen í fararbroddi, tekur engar ákvarðanir án samþykkis ráðsins og þingsins, en sér, eins og nafnið bendir til, um framkvæmd ákvarðana.

Fjölmargir málaflokkar falla ekki undir þessa samvinnu og eru áfram á forræði hvers ríkis fyrir sig. Hér má nefna kennslumál, heilbrigðismál, skattheimtu, launamál, lífeyrismál, skipulagsmál og alþjóðlega samvinnu fyrir utan tolla og fríverslun. Eins er hverju landi í sjálfsvald sett hvernig fjármunum ríkisins er ráðstafað, þar með talið úthlutun auðlindakvóta.

Eitt sem samvinna ríkjanna hefur alið af sér er trygging gegn náttúruvá. Ef jarðskjálftar, flóð eða skógareldar herja í einu aðildarlandanna eru sjóðir virkjaðir til að bregðast við og bæta skaðann. Það kemur mér á óvart að þetta veki ekki meiri athygli á okkar landi þrátt fyrir tíð eldgos, jarðhræringar og jökulhlaup. Ef Ísland hefði verið aðili að Evrópusambandinu þegar eldgosin á Suðurnesjum hófust, hefði verið hægt að fjármagna hluta kostnaðar við varnir og önnur viðbrögð úr sameiginlegum sjóðum sambandsins í stað þess að leggja það á ríkissjóð og hækka fasteignagjöld allra landsmanna. Rýming Grindavíkur var ekkert smá mál, miðað við stærð þjóðarinnar er það sambærilegt við að Þýskaland þyrfti að rýma Frankfurt am Main á einni nóttu. Þó er ástæða til að óttast að eitthvað enn stærra gæti komið upp á Íslandi.

Sumir nefna kostnað við aðild sem áhyggjuefni en lauslega áætlað yrði sá kosnaður ekki hærri en aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu kostar nú þegar. Íslendingar og Norðmenn greiða nú eitthvað um 20 þúsund krónur árlega á mann til Evrópusambandsins fyrir aðild að EES. Á sama tíma greiða Finnar minna á mann fyrir fulla aðild að Evrópusambandinu. Það er vegna þeirra styrkja sem skila sér til baka úr sjóðum sem Ísland hefur ekki aðgang að nema með fullri aðild. Smærri ríki eins og Malta og Luxemburg koma enn betur út. Þau fá meira til baka en sem nemur framlagi þeirra til aðildar. Í raun er þetta reikningsdæmi en ekki beinar greiðslur, mestur hluti fjárins fer ekki í sameiginlegan sjóð heldur skuldbindur hvert land sig til að standa undir ákveðnum útgjöldum heima fyrir. Með aðild að EES án Evrópusambandsaðildar þarf Ísland hins vegar að borga alla upphæðina í sjóði Sambandsins. Gera má ráð fyrir að þessi hálfgildings aðild verði mun dýrari í framtíðinni.

Í aðildarviðræðum er mikilvægt að hafa skýr og skynsamleg samningsmarkmið. Jafnvel þeir sem segjast andvígir aðild þurfa að koma fram með sína sýn hvað brýnt sé að fá fram sem tilslakanir og hvaða áherslur eigi að setja, kjósi meirihluti þjóðarinnar að fara í þessa vegferð. Tillögur þessar þurfa að vera byggðar á rökum og útskýringum á hvers vegna staðan á Íslandi sé sérstök í ákveðnum málaflokkum. Það má t.d. nefna rök fyrir því að innflutningur lifandi dýra þurfi sérstaka meðhöndlun vegna sögulegrar einangrunar landsins hvað það varðar. Það mun enginn setja sig á móti slíkum rökstuddum tillögum. Finnar fengu því framgengt að landbúnaður norðan 62. breiddargráðu fengi aukinn stuðning umfram það sem tíðkaðist í öðrum löndum. Það væri hægðarleikur að fá samsvarandi undanþágu fyrir Ísland, sem liggur allt norðan 62. breiddargráðu.

Ég tel að samningsstaða Íslands sé mjög góð um þessar mundir, áhugi á norðurslóðum er mikill og smæð landsins þýðir að tilslakanir sem farið væri fram á væru auðsóttar. Ég vona að þeir sem koma að umræðunni beri hag lands og þjóðar fyrir brjósti, en ekki stundarhagsmuni fárra. Stórfjármagnseigendur munu fá minni vexti fyrir innistæður sínar en þorri landsmanna mun fagna lækkun vaxta, sem er óhjákvæmileg við aðild og upptöku evru.

*Höfundur starfaði hjá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sl. 30 ár skv. undanþágu frá reglu um þjóðerni embættismanna og er eini Íslendingurinn sem það á við um. Hann stýrði alþjóðlegum áætlunum um samvinnu á sviði líftækni, erfðafræði og persónuheilsu. Hann hefur nú hætt störfum.*



**„Það má t.d. nefna rök fyrir því að innflutningur lifandi dýra þurfi sérstaka meðhöndlun vegna sögulegrar einangrunar landsins hvað það varðar. Það mun enginn setja sig á móti slíkum rökstuddum tillögum.“**






# Sjálfbært Íslandi – og hvað með það?



Ragnheiður Björk Halldórsdóttir.

Sögulega hafa Íslendingar þurft að hámarka verðmæti allra sinna afurða, frá því að nýta hvert gramm af lambinu og fisknum til að lifa af, yfir í að breyta hliðarafurðum nútímans í gull sbr. Lýsi, Kerecis, Bláa lónið og svo mætti lengi telja. Sjálfbærni er ekki nýtt hugtak fyrir Íslendingum heldur gömul sannindi í nýjum búningi.

Skoðum uppruna orðsins. Hugtakið sjálfbærni á rætur að rekja til þýskrar skógræktar snemma á 18. öld. Það var árið 1713 sem von Carlowitz skrifaði að ekki mætti fella meiri við en myndi vaxa aftur, þ.e. höggva nýjan vöxt í stað stofna. Hugtakið rataði svo í alþjóðlega stefnumótun með Brundtland-skýrslunni 1987 þar sem áherslan var nú lögð á að mæta þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Kjarni þessa hugtaks snýst því um að auka þá nýtingu sem land okkar og auðlindir þola til langs tíma. Íslenska orðið sjálfbærni segir í raun meira en á mörgum öðrum tungumálum, því það vísar bókstaflega til þess að eitthvað geti „borið sig sjálft“ og það án þess að nýtingin komi niður á óendurnýjanlegum auðlindum okkar. Meðan enska orðið „sustainability“ gefur til kynna eitthvað sem eigi að viðhalda, fangar íslenska tungan hugmyndina um endurnýjanleg kerfi mun betur.

### Frá loftslagsmálum til viðnámsþróttar

Síðasta áratug hafa tilfinningaleg tengsl okkar við hugtakið þróast hratt. Upp úr 2010 jókst vægi loftslagsmála í hugtakinu sjálfbærni. Áhyggjur okkar af losun gróðurhúsalofttegunda, loftslagsmarkmiðum og hættu á hruni AMOC hefur jókst hratt samhliða aukinni umræðu um yfirvofandi loftslagsvá. Meðan sú hætta sem steðjar að vegna þessara þátta er hvergi nærri horfin, hefur áherslan í stórauknum mæli færst yfir á viðnámsþrótt samfélagsins. Vendipunkturinn varð þegar orku- og aðfangaöryggi var ógnað á heimsvísu í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og nú síðast vegna átaka í Mið-Austurlöndum. Í dag hafa fæðuöryggi, orkuöryggi, hringrásarhagkerfi og sjálfsaflahæfi fengið mun meira vægi í umræðunni en áður. Sama hvaða tilfinningu við tengjum helst við hugtakið sjálfbærni hverju sinni er ljóst að fyrir Íslandi snýst sjálfbærni samfélagsins ekki um einhverjar lúxusskýrslur, heldur stefnumótandi spurningu um það hvort við sem samfélag stöndum á eigin fótum þegar í harðbakann slær.

### Kerfin sem bera sig sjálf

Við íslendingar eigum mörg góð dæmi um farsæla nýtingu auðlinda og þar með kerfa sem bera sig sjálf – þ.e.a.s. sjálfbær kerfi. Má þar nefna fiskveiðistjórnunarkerfið okkar, sem byggir á jafnvægi milli hámarksafkasta og viðhaldi fiskistofnsins. Þá höfum við Íslendingar einnig mikla sérstöðu í orkuöflun en hér á landi eru endurnýjanlegir orkugjafar á borð við jarðvarma og vatnsafl bæði nýttir til húshitunar og raforkuöflunar. Orkuöflunaráætlun sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt til er einnig stórt skref í þá átt. Þá má einnig líta til þróunar og nýsköpunar í hringrásarhagkerfi lífrænna hliðarstrauma, þar sem í þróun eru lausnir á nýtingu lífrænna hliðarafurða á borð við mykju og sláturúrgang til framleiðslu á metangasi (umbreytt í raforku og hita) og lífrænum áburði. Þannig getum við aukið sjálfstæði okkar gagnvart innfluttum áburði með tilheyrandi áhrifum á sjálfbærni íslensks landbúnaðar.

Mörg okkar verðmætustu fyrirtækja hafa sprottið úr sjálfbærri auðlindanýtingu. Má þar nefna fiskiroð sem er nú orðin hátæknivara í húðlækningum, rækjuskel sem hráefni í lúxus snyrtivörur, nýting glatvarma til ylræktar og endurnýting hliðararfurða innlends sykurreirs í sveppamassa og svo loks sem næringarríkt hráefni í útirækt. Hliðarstraumur eins fyrirtækis er því oft hráefni annars.

### Jafnvægið sem tryggir lífsgæði til frambúðar

Fræðilega hefur sjálfbærni verið skilgreint sem yfirgripsmikið hugtak sem byggir á þremur stoðum: umhverfi, samfélagi og efnahag. Eðli málsins samkvæmt munu þessar stoðir ávallt togast á og þó fullkomið jafnvægi reynist oft ógjörningur er mikilvægt að viðhaldin sé gagnrýn hugsun og að ábyrgar málamiðlanir fari ávallt fram. Ef við erum raunsæ þá skiljum við að sumar atvinnugreinar á borð við íslenska matvælaframleiðslu standast ekki erlenda samkeppni á hreinu markaðsverði sökum dýrra aðfanga og mannafla. Væri íslenskur landbúnaður því ekki varinn með fjárhagslegum hvötum myndum við fórna öðrum sjónarmiðum á borð við fæðuöryggi, byggðafestu og samfélagsgerð landsins. Þó er margt sem hægt er að gera til að reyna að tryggja sjálfsaflahæfi greinarinnar til muna, t.a.m. með sjálfbærri nýtingu lífrænna hliðarstrauma eins og fyrr var nefnt. Við eigum því ekki að þurfa að velja milli sjálfbærni landbúnaðar og fjárhagslegra hvata – heldur eiga réttu tólin og rétta kerfið að gera hvort tveggja sterkara.

Þetta snýst því um að finna jafnvægið sem tryggir áframhaldandi lífsgæði. Markmiðið er ávallt aukin og lífsgæði, fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Lykillinn á landi sem okkar er að vera vakandi fyrir verðmætasköpun í ólíkustu hornum og stunda ábyrgar málamiðlanir milli umhverfismála, samfélagsins og efnahagsmála. Sjálfbærni snýst ekki um að gera minna, heldur hámarka verðmætin í því sem við þegar höfum, og það til frambúðar.

*Höfundur er iðnaðarverkfræðingur, sérfræðingur á sviði sjálfbærni og eigandi Sporin slf.*











„Vönduð vinnubrögð í heyskap skila betra fóðri og lækkar fóðurkostnað.“ Mynd / Vilborg Rún Guðmundsdóttir

# Hugum að heyskap



Baldur Örn Samúelsson.

Heyskapur er víða hafinn og er að hefjast hjá öðrum, en fóðrið er einn mikilvægasti þáttur búskapar með jórturdýr. Gæði gróffóðurs hefur mikil áhrif á afurðir, fóðurkostnað og heilsufar. Árangur í fóðuröflun er samspil margra þátta. Hér verður farið yfir helstu atriði sem gott er að hafa í huga í heyskapnum.

### Tímasetning sláttar

Réttur sláttutími er lykilforsenda þess að ná afurðafóðri. Með auknum þroska grasa lækkar meltanleiki og próteininnihald á meðan trénisinnihald eykst. En vissulega þarf ekki allt gróffóðrið að vera afurðafóður og gæta þarf þess að hafa nægt magn af þeim tegundum sem þarf fyrir mismunandi skepnur.

Snemmslegið gras hefur hærra fóðurgildi og skilar hærri afurðum en með auknum vexti eykst þurrefnis uppskeran. Finna þarf jafnvægi á milli gæða og magns uppskeru. Eftir að grösin skríða fellur fóðurgildið mjög hratt. Til að ná sem mestu fóðri af góðum gæðum á að stefna á að slá um skrið. Hafa verður í huga að hefja slátt tímanlega því sjaldnast er hægt að klára heyskapinn á einum degi, því við viljum ekki að túnin sem verða slegin síðast verði orðin of sprottin.

Hika er sama og tapa, það getur verið mjög kostnaðarsamt að nýta ekki góða veðurglugga þó grösin séu ekki alveg komin að skriði. Rétt getur verið að nýta þá veðurglugga sem skapast, því ekkert er öruggt með veðrið hvort það verði heppilegt til heyskapar við skrið, því ekki viljum við að grasið spretti úr sér. Betra getur verið að ná afurðafóðri en í aðeins minna magni en að sitja uppi með mikið af lakara fóðri. Einnig geta snemmslegin tún skilað góðri annarri uppskeru sem getur bætt upp „uppskerutapið“.

### Þurrefni

Mikilvægt er að ná að þurrka heyið sem hraðast til að hægja á frumuöndun og lágmarka tap á næringarefnum. Mikilvægt er að breiða úr sláttugörðum strax eða að slá með knosara. Heppilegasta þurrkstigið fyrir nautgripi er um 35-45% þurrefni. Ef heyjað er í rúllur viljum við horfa meira til efri markanna en þegar heyjað er í stæður til þeirra neðri til að auðvelda þjöppun. Ef þurrefnið er of lágt er hætta á safatapi og einnig er erfiðara að ná góðri verkun í heyið. Fyrir sauðfé viljum við oft heldur hærra þurrefni en fyrir nautgripi þá sérstaklega ef féð er á taði, þá yfir 50% þurrefni.

### Að meta þurrefni

Grasþurrt hey þar sem slegið er í þurrki er um 18-26% þurrefni. Hægt er að mæla þurrefni með að taka sýni og þurrka það í örbylgjuofni.

Taka skal 100 g af grasi, klippa það í 3-4 cm stubba og setja sýnið á disk inn í örbylgjuofn ásamt ¾ fullu glasi af vatni. Hita þá sýnið í 3-5 mínútur, næst skal vigta það, hræra í því og endurtaka þar til sýnið virðist vera orðið þurrt, þá stytta tímann í hálfa til eina mínútu. Þegar sýnið er hætt að léttast í eftir tvo eða 3 hringi þá er þyngdin á sýninu þurrefnis prósentan.

Einfaldari aðferð er svokölluð handarkreisti aðferð. Safnið sýni sem er handfylli og klippið það í 1-2 cm stubba, kreistið sýnið þétt í kúlu í lófanum í um það bil 30 sekúndur og opnið svo lófann hratt og metið sýnið:

**Undir 25% þurrefni:** Vökvi rennur úr sýninu og gras kúlan heldur lögun sinni. Höndin er blaut eftir vökvann úr sýninu

**25-30% þurrefni:** Kúlan heldur lögun sinni og enginn sjáanlegur vökvi á hendinni. Höndin er rök.

**30-40% þurrefni:** Kúlan dettur í sundur rólega, enginn sjáanlegur vökvi og höndin er lítið sem ekkert rök.

**Yfir 40% þurrefni:** Kúlan tætist hratt í sundur.

Hafið í huga að við sama þurrkstig virðast stöngulrík sýni vera þurrari en laufrík sýni. Einnig virðast sýni vera blautara en raun ber vitni ef sýnið er blautt vegna mikils áfalls eða rigningar.

### Sláttur

Hvenær dagsins er best að slá? Grösin eru sykurríkust seinnipart dags eftir að hafa ljóstillífað frá því að sólin kom upp. Hins vegar fer þurrkur dvínandi seinni part dags og er lítill á nóttunni. Því er vænlegra að slá fyrir og um hádegi þegar þurrkurinn er hvað mestur til að ná sem hraðastri forþurrkun, svo við töpum sem minnst af sykri í frumuöndun. Þó grösin séu sykurríkust síðdegis hefur það lítið að segja ef ekki næst að þurrka heyið nógu hratt því frumuöndunin eyðir sykrinum yfir nóttina. Gæta þarf þess að hefja ekki slátt fyrr en allt áfall er farið ef því er komið við.

Sláttunánd ætti ekki að vera lægri en 8 cm og tíðkast oft að hafa hana jafnvel hærri. Með góða stubblengd liggur heyið ekki eins nálægt jörðinni sem flýtir forþurrkun. Sömuleiðis verður minni hætta á jarðvegsmengun við meðhöndlun heyvinnuvélanna sem getur spillt verkun og lystugleika fóðursins. Neðsti hluti grasanna er orkurýr, túnin verða fljótari að taka við sér og skila betri endurvexti.

### Hirðing

Þjöppun skiptir miklu máli bæði í rúllu- og stæðugerð til að útiloka loft. Auðveldara er að þjappa heyið ef það er vel saxað og gæta þarf þess að hnífarnir í hirðingartækinu séu vel brýndir. Gæta þarf þess að pakka inn sem fyrst rúllum eftir að þær hafa verið bundnar og keyra þeim heim sem fyrst til að minnka hættuna á að súrefni komist inn í gegnum plastið og spilli verkuninni. Ef rúllur eru skildar eftir úti á túni er aukin hætta á að fuglar gati plastið og getur hlotist mikið tjón af því. Gæta þarf þess að líma strax fyrir öll göt á plasthjúpnum. Vil ég síðan benda á grein Sigurðar Max Jónssonar um val á íblöndunarefnum sem birt var í síðasta bændablaði.

### Heysýnataka

Það getur verið gott að hafa heysýnatöku í huga þegar verið er að keyra rúllur heim og jafnvel taka frá þær rúllur sem á að taka sýni úr til að flýta fyrir sýnatöku þegar þar að kemur. Gott er að taka sýni sem endurspegla hvernig á að fóðra í vetur en líka sömuleiðis ef áhugi er að skoða einstaka tún. Einnig er hægt að taka hirðingarsýni og þegar heyið er vel þurrt þá mun ekki verða mikil breyting á fóðrinu í plastinu en gott er að taka verkað sýni þegar þurrefnið er undir 50%.

### Lokaorð

Vönduð vinnubrögð í heyskap skila betra fóðri og lækkar fóðurkostnað. Það er því eftir töluverðu að slægjast að vanda til verka. Vonandi verður þetta gott heyskaparár og gangi bændum sem allra best í fóðuröflun.

*Höfundur er ráðunautur í fóðrun hjá RML.*






# Skógarnir sem við veljum að rækta

Sjálfbærni, loftslagsbreytingar og náttúrutengdar lausnir: hugtök sem þessi eru orðin mjög algeng og jafnvel notuð svo mikið að þau missa merkingu sína. Þó táknar hvert og eitt þeirra eitthvað raunverulegt og skógar eru góður vettvangur til að skoða þau.

Skógur er ekki bara samansafn af trjám. Jafnvel ungur, meðalstór skógur verkar á marga vegu í einu. Hann heldur jarðvegi í skorðum, skýlir landinu í kringum hann, geymir kolefni, skapar heimili fyrir dýralíf og býður fólki upp á útivist.

Þessir kostir eru kallaðir vistkerfisþjónusta og hugmyndin er einföld, skógar veita okkur miklu meira en timbrið sem þeir gefa. Það er auðvelt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að skógur veitir þessa kosti ekki sjálfkrafa, eða í jöfnum mæli. Ávinningurinn sem hann veitir fer eftir því hverju er plantað og hvar.

Á Íslandi er munurinn mikill. Þær tegundir sem ekki eru innlendar og ræktaðar eru til framleiðslu eru byggingarlega mjög ólíkar innlendum birkitrjám, sem er lágvaxið, veitir einstakt innlent búsvæði og býður upp á verðmæta vistkerfisþjónustu, en hentar ekki til timburræktar.

Þetta eru ekki betri eða verri útgáfur af einum skógi heldur einfaldlega ólíkar. Framleiðslutegundir skapa nýtt búsvæði, en birkið er ómissandi innlend tegund.

Þetta eru mismunandi þjónustupakkar, valdir eftir því hvernig við stjórnum þeim.

Hér er sá hluti sem væri barnalegt að hunsa, þessir þjónustupakkar passa ekki allir vel saman. Að skipuleggja ein gæði er oft, óbeint, að sætta sig við minna af öðrum gæðum.

Gildi vistkerfisþjónustu er einmitt að slíkar ákvarðanir verða


Aaron Zachary Shearer.

sýnilegar í stað þess að þær séu tilviljunarkenndar. Skógar einir og sér skila ekki þessum ávinningi. Margir eru háðir því sem umlykur þá: timbur verður aðeins gagnlegt með sögun og aðfangakeðju til að flytja það; gildi skóga fyrir fólk hvílir á stígum og gönguleiðum til að laða það að.

Skógur getur verið fullur af möguleikum sem verða aldrei að veruleika ef nauðsynlega innviði vantar. Að skipuleggja ávinning er líka að undirbúa það sem þarf til að ná honum.

Þess vegna er spurningin sem ætti að spyrja áður en fyrsta plantan fer í jörðina ekki einfaldlega hvort eigi að planta, heldur hvað við vonumst til að skógurinn geri.

Margir kostir styrkja hver annan og vel skipulagður skógur getur borið nokkra í einu; Málið er ekki að allt sé keppni, heldur er það okkar að velja blönduna og skipuleggja hvert þrep eftir því sem trén þroskast.

Þetta er það sem liggur að baki hugtakinu sem nú heyrist svo oft: náttúrumiðaðar lausnir. Að virkja vistkerfisþjónustu skógarins gagnvart breytingum á loftslagi, jarðvegseyðingu og álagi frá landnotkun er það sem þessi orð lýsa. Þegar við byrjum að sjá skóg sem þjónustuveitanda sem veitir ýmsar þjónustur, sumar sem verka saman og aðrar sem verka hver gegn annarri, getum við meðvitað stjórnað skóginum til að ná jafnvægi sem þjónar fólki og landi best.

Þessi þekking er grundvöllurinn fyrir betri skógum.

---

*Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.*









# Ungt fólk og nýsköpun í hestageiranum



Kjartan Bollason.

Við ferðamáladeild Háskólans á Hólum er stunduð kennsla, rannsóknir og tekið þátt í margs konar norrænum, evrópskum og alþjóðlegum verkefnum. Eitt af þessum verkefnum er samstarf aðila frá Háskólanum á Hólum, Coompanion atvinnuþróunarfélagi frá Gautaborg í Svíþjóð, Europen E-Learning Institute í Danmörku, Momentum ráðgjöf og sveitarfélaginu Kildare á Írlandi. Þetta er 2 ára verkefni studd af Erasmus+ sjóði ESB, Noregs og Íslands sem lauk nýverið og hefur verið leitt af ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Verkefnið heitir Young Equine Innovators - https://youngequineinnovators.eu/ - en á íslensku heitir verkefnið Ungt fólk og nýsköpun í hestageiranum. Markmið verkefnisins er að búa til aðgengilegt fræðsluefni fyrir ungt fólk sem vill starfa við nýsköpun í hestageiranum og miðla því efni til markhópsins. Markhópurinn er ungt fólk sem ekki er í háskóla og er að leita sér að starfi og hefur áhuga á að starfa í einhverju sem tengist hestum.




Mynd 1 – https://youngequineinnovators.eu/young-equine-innovators-career-guidebook/

### Handbók fyrir ungt fólk og frumkvöðla í hestageiranum

Ein af mörgum afurðum verkefnisins er handbók fyrir ungt fólk sem vill starfa í hestageiranum. Sú handbók heitir: Leiðarvísir þinn að starfsferli í hestageiranum og undirtitill er: Fyrir ungt fólk sem elskar hesta og dreymir um að vinna með þeim. Þar er greint frá mörgum starfsmöguleikum í hestageiranum, bæði sem starfsmaður og sem frumkvöðull. Greining samstarfsaðila á hestageiranum á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku og á Írlandi leiddi í ljós aragrúa tækifæri. Eftir að hafa greint þau var þeim skipt upp i 13 mismunandi geira innan hestageirans. Allt frá því að reka hestabú, til tísku, listar og lífsstíls og margt fleira. Á mynd 1 má sjá fjölbreytni starfa í hestageiranum.

### Straumar og stefnur í hestageiranum kortlagðar

Verkefnið dró einnig fram strauma og stefnur í hestageiranum (https://youngequineinnovators.eu/young-equine-innovators-trend-watch/) sem m.a. var notað til að greina undirstöður geirans og möguleika. Þar kom einnig skýrt fram að möguleikar til starfa í hestageiranum er ófáir og má tengja allt frá járningum og beinni umhirðu hesta til þess að vinna með forritum, t.d. búa til öpp eins og horseday (https://www.horseday.com/is), sem gefa bæði áhugafólki innsýn inn í geirann og um leið geta nýst vönu hestafólki til að halda utan um ýmislegt er tengist þjálfun, umhirðu og mótum. Þannig eru ýmis störf innan tæknigeirans, ferðaþjónustu og viðburðastjórnunar sem tengjast hestageiranum.

Á meðan verkefninu stóð var fundað og fyrirtæki í hestageiranum sem á einhvern hátt stunda nýsköpun heimsótt á Íslandi, í Svíþjóð og á Írlandi. Hér heima á Íslandi var m.a. farið í vettvangsferð á Lýtingsstaði í Skagafirði - https://www.lythorse.is/is - þar sem hægt er að upplifa sveitina með því að fara á hestbak og skoða hesthúsin þar, sem byggð eru úr torfi. Það er gott dæmi um nýsköpun þar sem hestageirinn og ferðaþjónustan tengjast. Þar mætast gamla handverkið við að reisa byggingar úr torfi og nýsköpun sem m.a. felst í því að miðla því sem fyrirtækið gerir í gegnum heimasíðu og samfélagsmiðla.

Allmörg fyrirtæki og einstaklingar í hestageiranum voru heimsóttir. Hlustað var á þeirra reynslusögur og pælingar. Bæði um hvað er í gangi núna og hvað má gera ráð fyrir að breytist í framtíðinni. Með slíkri virkni söfnun gagna gat verkefnið rýnt gaumgæfilega í strauma og stefnur og búið til margs konar fræðsluefni sem á að aðstoða bæði þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og vilja starfa í hestageiranum en getur einnig aðstoðað þá sem starfa í hestageiranum og vilja kynna sér hvað er nýtt.

Eitt af því sem var greinilegt að skipti miklu máli fyrir bæði fyrirtæki og viðskiptamenn í hestageiranum var dýravelferð. Þar eru gerðar miklar kröfur í Svíþjóð og Írlandi, sem að hluta koma frá ESB en einnig að mörgu leyti frá fólki úr geiranum. Þetta er greinilega eitthvað sem mun verða fljótlega raunin hér á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt fyrir bæði nýtt starfsfólk og reynslumikil fyrirtæki að rýna í þessa þróun og vera tilbúin. Þrýstingur t.d. á hestaleigur um að gera grein fyrir því hvernig þau meðhöndla og vinna með hestana er ætíð að aukast og því er nauðsynlegt að geta sýnt fram á að lögum og reglum sé framfylgt. Um leið er það tækifæri hjá fyrirtækjum að sýna markaðinum að þau fylgi bestu venjum í dýravelferð.

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum hefur staðið að fjöldamörgum rannsóknum og verkefnum er snúa m.a. að nýsköpun meðal fyrirtækja í hestamennsku, að viðburðum (eins og Landsmótið á Hólum 2016 og nú í júlí 2026). Þetta verkefni er því eitt af mörgum sem tengja innihald kennslu ferðamáladeildar við það sem er að gerast í rannsóknum og atvinnugreinum er snúa að ferðaþjónustunni. Með því að leiða Erasmus-verkefni er Háskólinn á Hólum því að uppfæra sína eigin þekkingu og miðla nýrri þekkingu til nemenda, atvinnugreina og til samfélagins alls á Íslandi.

### Sjálfbær rekstur styrkir samkeppnishæfni

Ein af niðurstöðum verkefnis er sú að sjálfbærni í rekstri er að verða æ mikilvægari. Sjálfbærni snýst þá ekki eingöngu um að vera „grænn“, heldur ekki síst um að tryggja samkeppnishæfni fyrirtækja í hestageiranum. Það sýnir sig að viðskiptavinurinn í dag gerir ráð fyrir ákveðnum grunnatriðum er tengjast sjálfbærni, svo sem að fyrirtækin notist við gagnsæjar aðferðir sem hægt er að treysta. Dæmi um slíkt getur verið vottun byggð á sterkum stöðlum, segja og sýna m.a. í gegnum öpp og samfélagsmiðla hvernig er unnið með hestum. Þannig að það beinlínis komi fram sönnun um að fyrirtækinu sé annt um velferð hesta. Einnig þarf að sýna fram á raunverulega umhverfisábyrgð sem má tengja við að nota vistvæna orku, tryggja rétta flokkun en einnig að sýna fram á jákvæð áhrif á samfélagið af rekstri fyrirtækis.

Samtöl og rýni við fyrirtæki sem heimsótt voru og í fyrirliggjandi gögn sýna að það sem skiptir máli fyrir rekstur er að laða að viðskiptavini sem deila gildum þínum og eru þá oft reiðubúnir að borga fyrir gæði. Sjálfbær rekstur getur opnað dyr að fjármögnun og samstarfssamningum. Hægt er að lækka kostnað með skilvirkri nýtingu auðlinda og treysta rekstur fyrirtækis svo hann verði tryggari gagnvart breytingum í framtíðinni. Um leið getur vel rekið og sjálfbært fyrirtæki byggt upp vörumerki sem starfsfólk, fólk almennt og viðskiptavinir vilja styðja. Niðurstaða er því sú að sjálfbærni samræmir velferð, ábyrgð og arðsemi. Hún er ekki aukavalkostur lengur, sjálfbærnin er nauðsynleg fyrir langtímaárangur í öllum störfum hestageirans.

*Höfundur er er lektor, umhverfisfræðingur og verkefnisstjóri við ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Hjaltadal.*



# Athugasemdum beint til utanríkisráðherra


Ingi Björn Árnason.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins fjallar Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og núverandi utanríkisráðherra, um fjármagnskostnað kúabænda og ber saman vexti á Íslandi og í ríkjum Evrópusambandsins. Athygli vekur þó að ráðherra velur að fjalla eingöngu um nafnvexti en sleppir umræðu um raunvexti, enda þjónar slík framsetning málflutningi hennar betur.

Það sem vekur þó enn meiri athygli er það sem ráðherrann kýs að nefna ekki. Í fyrsta lagi skýrir ráðherra ekki hvernig aðild að Evrópusambandinu á, ein og sér, að leiða til lægri vaxta á Íslandi. Þar vantar meginforsenduna í röksemdafærsluna. Ef ráðherrann telur að aðild að sambandinu lækki vexti sjálfkrafa væri fróðlegt að fá skýra útskýringu á því í næstu grein hennar.

Í öðru lagi kýs ráðherra að sleppa að nefna þá staðreynd að með aðild að Evrópusambandinu myndu tollar á landbúnaðarvörur milli Íslands og sambandsins falla niður. Markaðsverndin er ein grunnforsenda í starfsskilyrðum landbúnaðarins hér á landi. Afnám slíkrar verndar myndi opna íslenskan markað að fullu fyrir innfluttum landbúnaðarvörum þar sem afurðaverð innlendrar framleiðslu yrði lagt að veði.

Í þriðja lagi minnist ráðherrann ekki á reynslu Finna eftir inngöngu í Evrópusambandið, þar sem verulegur samdráttur varð í hinum ýmsu greinum landbúnaðar. Það er að minnsta kosti áleitin spurning hvort íslenskur landbúnaður myndi ekki að verulegu leyti standa frammi fyrir sambærilegri þróun.

Ef afurðaverð lækkar verulega vegna aukinnar samkeppni frá innflutningi, þá skiptir litlu hvort vaxtakostnaður lækkar um nokkur prósentustig eða ekki. Enginn rekstur stendur undir því að missa stóran hluta tekjugrundvallar síns í skiptum fyrir lægri fjármagnskostnað. Búum myndi fækka, framleiðslan myndi færast á færri og stærri bú, samkeppnisþrýstingur myndi aukast, innflutningur myndi aukast, tekjusveiflur gætu orðið meiri og þrýstingur á mjólkurframleiðslu og aðrar búgreinar myndi aukast. Fyrir kúabændur skiptir þetta sérstaklega miklu máli. Ef íslensk mjólkurframleiðsla dregst saman um 40–60%, eins og raunin hefur verið við inngöngu ríkja í sambandið, myndu áhrifin ekki aðeins ná til einstakra kúabúa heldur á alla virðiskeðju greinarinnar. Fjöldi kúabúa myndi hverfa, störfum í dreifbýli fækka og rekstrargrundvöllur mjólkurvinnslu, fóðurframleiðslu, þjónustufyrirtækja og annarra tengdra greina veikjast verulega. Í slíkri stöðu skipta lægri vextir litlu máli ef afurðaverð og tekjugrunnur bænda hefur hrunið.

Raunveruleg hætta er að þeir sem fyrst yrðu fyrir barðinu á slíkri þróun væru yngri og skuldsettari bændur sem hafa nýlega fjárfest í búrekstri og standa frammi fyrir miklum lánaskuldbindingum. Þeir hafa síst svigrúm til að mæta skyndilegu verðfalli á afurðum sínum.

Þegar heildarmyndin er skoðuð, en ekki aðeins einn þáttur hennar sem er síðan tekinn úr samhengi, blasir við að lægri vextir vega lítið upp á móti kerfisbreytingu sem getur grafið undan tekjugrunni íslensks landbúnaðar. Kjarni málsins er ekki hvað lánin kosta ef forsendurnar til að greiða þau hverfa. Þá verða vextirnir algjört aukaatriði.

*Höfundur er kúabóndi á Marbæli í Skagafirði.*


Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla


VERKVAL EHF.
Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:
· Holræsahreinsun/lagnahreinsun
· Rotþróarhreinsun
· Götu- og gangstéttasópun
· Lagnamyndun
· Stíflulosun
Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is

SAGTÆKNI EHF
GÆÐI – ÞEKKING – ÞJÓNUSTA

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í:
- Steypusögun
- Kjarnaborun (stór og lítil göt)
- Múrbrot og niðurrif
- Hurða- og gluggagöt
- Stálbitauppsetning
- Burðarþolsstyrkingar
- Fjarlægum skorsteina
38 ÁRA REYNSLA
HAFÐU SAMBAND Í DAG!
Sími: 567 4262 - sagtaekni@sagtaekni.is - sagtaekni.is - Bæjarflöt 8e, Reykjavík

RAFGIRÐINGAREFNI

velaval.is alltaf opin!
Rafstöðvar - Einangrarar - Randbeitarstaurar
Stengir - Borðar - Kaðlar - Vír - Fylgihlutir
Sendum um land allt!
VÉLAVAL
Sími: 453 8888 - Opið virka daga kl. 9-17 | Við Norðurlandsveg - 560 Varmahlíð


Lögfræðistofa Reykjavíkur
LÖGMANNSÞJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.
Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400

Bændablaðið www.bbl.is

Sagnaþáttur:

# Skoðað í pakkann



**Kristján B. Jónasson**
kbjonasson@gmail.com

Á Alþingi árið 1730 bauð presturinn í Reykjadal í Hrunamannahreppi amtmanni og Skálholtsbiskupi með formlegum hætti á prestastefnu að skoða á sér typpið. Tilefnið var bréf sem hafði borist frá sóknarbörnum hans um að þau grunaði að vinurinn á prestinum væri ekki eins og hann ætti að vera. Þetta hljómar eins og tilbúningur, en nei. Svona var þetta.

### Maðurinn sem hló

Langt er nú liðið síðan Reykjadalur var prestsetur. Með þeim síðustu til að þjóna staðnum áður en sóknin var lögð niður árið 1809 og lögð undir Hruna (og í raun sá síðasti, þótt annar tæki við og lufsaðist í embætti í nokkra mánuði) var Guðmundur Böðvarsson. Hann flutti sig síðan suður til Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd. Guðmundur gerði engar sérstakar rósir hvorki í embætti né einkalífi og fer af honum fáum sögum. Annað gildir hins vegar um son hans, Þorleif Guðmundsson, sem fæddist í Reykjadal árið 1794 og var svo stoltur af uppruna sínum að hann kenndi sig á fullorðinsárum við Ytri-Hrepp eða bara Hreppana í heild sinni og kallaði sig Repp.

Þorleifur Repp er einkum kunnur í sögunni fyrir misheppnaða meistaraprófsvörn við Kaupmannahafnarháskóla. Hann glímdi þar við andstæðinga sína sem höfðu fullan hug á að knésetja hann en var um leið sjálfur svo skapi farinn að hann þoldi illa mótlæti og sparaði þá ekki hnúturnar. Í ofanálag olli álag honum ósjálfráðum taugaviðbrögðum. Hann glotti og hló þótt það sem hann segði væri ekki í neinu samræmi við andlitsdrættina. Þrátt fyrir að hafa skilað af sér skriflegu meistaraprófi með sóma og vörnin væri í raun formsatriði snerist allt í höndum hans. Að endingu var honum vísað próflausum úr salnum með orðum sem urðu fleyg: „Abi, scurra!“ Sem mætti útleggja sem „Farðu burt, fíflið þitt!“



Reykjadalur í Hrunamannahreppi. Með þeim síðustu til að þjóna staðnum áður en sóknin var lögð niður árið 1809 og lögð undir Hruna var Guðmundur Böðvarsson, faðir Þorleifs Repp. Mynd / aðsend

### Kjörlendi mislyndra

Þorleifur Repp var framúrskarandi lærdómsmaður. Hann var forkunnarvel að sér í fornmálunum, latínu og grísku, og náði frábærum tökum á flestum nútímamálum Vestur-Evrópu en kunni annars vel á þriðja tug tungumála fornra og nýrra. Hann kom víða við um sína daga, var um hríð bókavörður í Edinborg og var raunar alltaf mjög hallur undir breska menningu og ól börn sín upp sem Breta, jafnvel eftir að hann neyddist til að snúa aftur til Kaupmannahafnar eftir að hafa brennt brýr að baki sér í Skotlandi. Repp tókst á nánast undraverðan hátt að fá fólk upp á móti sér og hann sló aldrei af, sótti jafnan mál sitt af kappi og stóð alla ævi í ströngu.

Auðvitað er það tilviljun að þeir skyldu tengjast sama bænum, en það er eins og leyndur strengur liggi á milli Þorleifs Repps og prestsins Þórðar Jónssonar sem lengst af ævi sinni þjónaði Reykjadal þótt hann hafi verið kominn undir græna torfu þegar Repp fæddist. Þessir Hreppamenn eru þannig báðir þekktir fyrir núning við samferðafólk sitt þrátt fyrir augljósa greind og hæfileika. Enginn vafi er á því að Repp reyndi svo sannarlega að snúa fleyi sínu í aðra átt, þótt minna yrði úr ævistarfi hans en hann sjálfur og órólegur hugur hans ætlaði. En Þórður prestur Jónsson er hins vegar meiri ráðgáta enda er lífssaga hans eins og hún er varðveitt í heimildum að mestu samsett af klögumálum og skrítilegum uppátækjum.

### Barist fyrir brauði

Þegar Þórður Jónsson, sem sjálfur var Árnesingur og af prestum kominn, lauk námi við Skálholtsskóla árið 1718 var ekkert embætti á lausu sem honum hentaði. En fáeinum árum síðar losnaði Reykjadalur og sótti Þórður um að komast þangað. Þá hafði tekið við biskupsembættinu Jón Árnason sem einlægt var þeirrar skoðunar að Þórður ætti ekki að verða prestur og eyddi furðumiklum kröftum í það næstu ár og áratugi, raunar alla tíð á meðan hann lifði, að reyna að ná tangarhaldi á Þórði, fyrst að banna honum brauðið og síðan að koma honum frá því. Þórður var hins vegar svo einbeittur alla tíð að aðdáun vekur. Þrátt fyrir að unnið væri gegn honum af afli tókst honum á endanum að verða prestur í Reykjadal. Hans helsti bandamaður í þeirri baráttu var Níels Fuhrmann amtmaður. Fuhrmann var prinsíppmaður sem vildi leggja af eldri íslenska siði í stjórnsýslu og meðferð mála og hann virðist hreinlega ekki hafa fellt sig við að embættismenn á borð við biskup gætu vegna persónulegra dynta neitað hæfu fólki um embætti. Fuhrmann veitti því Þórði Reykjadalsbrauðið árið 1724. Mótleikur Jóns Árnasonar var síðan að neita að vígja hann. Þetta stapp varð til þess að Þórður sigldi til Kaupmannahafnar til að koma málum sínum áfram og knýja á um að biskup væri skikkaður til að láta undan með konungsúrskurði. Varð úr þegar Þórður kom til Hafnar að hann innritaðist í háskólann og lauk síðan þaðan guðfræðiprófi með sóma árið 1728. Hann ýtti svo áfram sínum málum við krúnuna og úr varð að biskupi var beinlínis skipað að veita Þórði brauðið. Var Þórður vígður til Reykjadalsprestakalls þetta sama ár, 1728, og tók við staðnum, en sá sem hafði áður fengið brauðið var sendur burt.

### Kærur og klögumál

Það leið hins vegar ekki á löngu þar til Þórður fór að skandalísera. Strax í fyrstu jólapredikun sinni 1728 skattyrtist hann við sóknarbörnin, ekki síst einn góðbóndann, Guðmund Þorsteinsson á Kópsvatni. Á Þórður að hafa æpt á hann: „Þú skalt ekki sáluhólpinn verða. Ég skal standa þar fyrir!“ Kærði Guðmundur Þórð fyrir prófasti fyrir gífuryrðin og tók prestastefna þetta fyrir og dæmdi Jón frá kalli. En málið var svo tekið upp að nýju á allsherjarprestastefnu á Alþingi um sumarið og þá lagði Þórður fram ítarlegt varnarskjal þar sem hann meðal annars hélt því fram að þar sem hann væri skipaður í embætti með konungsbréfi væri hver sá sem vildi dæma sig frá kalli að ganga gegn vilja konungs. Bökkuðu þá prestar og létu nægja að dæma Þórð í sekt.

Annað mál reis af því að Þórði gramdist að eitt sóknarbarnið var að raula stúf úr andlegu versi um blessun hjónabandsins. Hann hreytti í hana að óguðleg hjón hegðuðu sér jafnan eins og graðhestar. Aftur hófust kærur og eftirmál og svo bar við að á því sama Alþingi og Þórður bað hina háu herra um að líta á besefann á sér baðst hann afsökunar á þessum ummælum. Í bréfum biskups má heita að á hverju ári sé minnst á eitthvað sem kemur upp á í Reykjadal. Tilefni Þórðar til að þræta við fólk og skapa ósætti og úlfúð virðast hafa verið jafnmörg og strá í túni.

### Stóra typpamálið

Það var því deginum ljósara að ekki aðeins Jón Árnason Skáholtsbiskup vildi koma Þórði úr embætti heldur ekki síður sóknarbörn hans. Ekki er alveg ljóst hvernig það orsakaðist en árið 1730 skrifa átta þeirra saman á seðil sem barst yfirmönnum Þórðar, fyrst prófasti og síðar biskupi, um að Þórður hefði snúist til gyðingatrúar og hefði umskorið sig því til sannindamerkis.

Hér nægði ekki að Þórður neitaði þessu. Meira þurfti til. Þórður bað því amtmann, Fuhrmann fyrrnefndan, og Jón Árnason Skálholtsbiskup um að koma því til leiðar að limur hans yrði skoðaður nánar og gaumgæfður svo að enginn vafi léki framar á um réttmæti þessara staðhæfinga. Tilnefndu þeir þrjá sýslumenn og einn prest sem skyldu framkvæma skoðunina þegar í stað á þinginu og gerðu þeir það. Þeir lýstu því yfir að Þórður væri ekki umskorinn en þó væri „membro genitali“ eitthvað skrítinn. Á honum væri „bris“. Jón Espólín segir í Árbókum sínum að stærstur hluti getnaðarlimsins hafði verið „stýfður af“ sökum átumeins.

Þórður var samt ekki sloppinn. Biskup tók málið aftur upp þá um haustið og skipaði sóknarbörnunum átta sérstakan talsmann sem flutti málið á prestastefnu. Var nú sagt frá tveimur vitnum sem höfðu haft nánari fregnir af typpinu á Þórði. Báru þau að Þórður hefði sannarlega reynt að umskera sig en ekki heppnast það fyllilega. Hefði Þórður borið málið undir annan manninn og sýnt honum liminn. Sagði hann að „praeputium“ – forhúðin – hefði hangið hálfskorin niður en presturinn síðan skorið hana „öldungis alveg af að sér aðsjáandi“.

En ekki tókst að sanna með þessum tilfæringum eða hinni nánu skoðun sýslumanna, biskups og presta að neitt saknæmt hefði verið á ferðinni. Þórður hélt áfram að rekast á horn og deila við mann og annan og var raunar bara rétt að byrja. Seinna átti hann eftir að ergja konunginn sjálfan og helstu ráðamenn danska ríkisins. En typpið á honum kom hins ekki aftur til kasta yfirvalda.



# Vísnahornið

Nú snýst margt um farsímanotkun og net í samskiptum manna á milli. **Guðmundur Þorsteinsson**, bóndi á Skálpastöðum, orti þessa eitt sinn:

*Sála mín glúpnaði andspænis*
*örlagdómi*
*til almáttugs drottins ég vildi í neyð*
*minni snúa mér*
*og einhver svaraði yfirveguðum rómi:*
*„Það er enginn notandi með þetta*
*símanúmer.“*

Snillingurinn **Hjálmar Freysteinsson** heitinn læknir, sagði eitthvert sinn: Einn því fylgir ókostur að eiga símann; hættan á að hringt sé í mann.

Fyrir mörgum árum orti Hjálmar á sólstöðuhátíð í Grímsey, þar sem nokkrir hagyrðingar komu saman:

*Gestrisnir eru Grímseyingar*
*og gaman að koma á þennan stað.*
*Jafnvel heimskustu hagyrðingar,*
*hljóta að viðurkenna það.*

Oft eru umræður á Alþingi nokkuð svo sérstakar og eitthvert sinn orti Hjálmar um ónefnda þingmenn:

*Sumir þannig sannfæringu sína tjá,*
*þeir segja nei og síðan já*
*og sitja loksins hjá.*

Þegar stóðu yfir umræður varðandi álver þurfti bæjarstjórn Hafnfirðinga að ræða þrjú mál tengd álveri og Hafnarfirði. Framsókn átti þá einn fulltrúa í bæjarstjórn, hann sat hjá við afgreiðslu fyrsta máls, en greiddi atkvæði gegn máli tvö og síðan atkvæði með því þriðja. **Andrés Kristjánsson**, ritsjóri Tímans sálaða, orti þarna um 1968:

*Glæst er á skriði flokksins fley*
*með fræknu liði og snjöllu,*
*það situr hjá og segir nei*
*og síðan já við öllu.*

Um haus og daus yrkir **Þórarinn Eldjárn** í kveri sínu Eitt og annað:

*Til að geta haldið haus*
*hefurðu þá völ*
*þó kunni að vera kvöl*
*að koma þér upp digrum daus*
*sem dugar vel í kjöl.*

Og Þórarinn segir líka „Skárra væri“:

*Í öllu heimsins veseni og vosi*
*er viturlegt að koma sér upp brosi.*
*Koma auga á allt það sem er skárra*
*æðra, stærra, hærra, skírra, blárra.*

**Jón Bjarnason** var bóndi í Garðsvík á Svalbarðsströnd um skeið og þótti gamansamur, hann orti um heyþurrk:

*Sunnanátt og sólarþey*
*sérhver bóndi metur.*
*En til hvers er að eignast hey,*
*sem eyðist næsta vetur.*

Einhvern tímann mun Jón B. hafa ort er rannsóknir sýndu að í erfðamengi Mývetninga fundust gen,sem svipaði til erfðaefnis úlfalda að sögn fróðra:

*Enn um furður okkar lands*
*útlendingar þinga.*
*Rekja allt til úlfaldans*
*ættir Mývetninga.*

Þegar sameinast var um eina nautstöð, var kynbótanautið Sokki flutt þangað frá sæðingastöðinni á Akureyri. Þegar Sokki hafði lokið sínu var hausinn af honum stoppaður upp og gefinn Eyfirðingum. Mynd var af afhendingunni á forsíðu Freys, þar sem formaður B.Í., Ásgeir Bjarnason í Ásgarði, og Vernharður Sveinsson mjólkursamlagsstjóri voru með hausinn af Sokka.

Þá orti Jón Bj.:

*Jafnvel þó að Sokki sé*
*sviptur búki gildum,*
*sýnir myndin mönnum hve*
*margt er líkt með skyldum.*

**Kristján Benediktsson** var að leggja flísar á forkirkjugólf og var ósáttur með verkið sem og lit á flísum:

*Flísalögn er ferlegt puð*
*og flesta hér mun gruna,*
*að aldrei framar gangi Guð*
*gegnum forkirkjuna.*

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*















Myndlist

# Mæður og dætur sýna verk í gömlu haughúsi



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Menningarlífið í sveitum landsins blómstrar á sumrin. Myndlistarsýningin Sleppa opnar í gömlu haughúsi í Skagafirði á laugardaginn klukkan þrjú.**

Haughús eru við flesta bæi og þjóna því hlutverki að geyma áburð frá búfé sem svo er dælt upp með haugsugu og dreift á tún og akra. Í einu slíku haughúsi í Héraðsdal í Skagafirði sem ekki þjónar sínu upprunalega hlutverki lengur opnar myndlistarsýning. Akademía skynjunarinnar og Listsjóður Dungal standa saman að sýningunni sem stendur til 9. ágúst.



Þorgerður Þórhallsdóttir, ein dætranna, sinnir verkum sínum í uppsetningu sýningarinnar. Mynd / Aðsendar

### Nýsköpun í landbúnaði og menningu

„Það hefur margt breyst í sveitinni, nútímavæðst og það er áhrifaríkt að sjá breytingar sem gera svona gott eins og við upplifum í Héraðsdalnum. Sagan er varðveitt á fallegan hátt en nýsköpun hefur orðið bæði í landbúnaði og menningu,“ segir Inga Sigga Ragnarsdóttir, ein af mömmunum.

Bændurnir Gunnar Dungal og Þórdís Alda Sigurðardóttir, sem er sjálf myndlistarmaður og einn stofnandi Akademíu skynjunarinnar, sinntu bústörfum á meðan listakonurnar unnu sín störf, Gunnar slóðadró túnin og Þórdís sinnti hrossum. „Húsbændur litu inn til okkar á milli anna með áhuga og alúð góða gestgjafans að leiðarljósi. Þetta er svo fallegur staður, til að hugsa á, vinna og tengjast landinu og sveitinni.“

„Mér finnst þetta vera algjört ævintýri,“ segir Þorgerður. „Ég sé helstu kostina vera að kynnast þessum frábæru mæðgum og að sjá verkin mín í samhengi við þeirra þykir mér dýrmætt. Mér finnst mjög mikilvægt að það sé blómleg menningarstarfsemi á landinu öllu.“

Mæðgnapörin sem sýna eru þær Aðalheiður Eysteinsdóttir og Brák Jónsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Ósk Vilhjálmsdóttir og Hulda Ragnhildur Hjálmarsdóttir, Áslaug Thorlacius og Helga Thorlacius Finnsdóttir, Inga Sigga Ragnarsdóttir og Katrín Agnes Ingudóttir Klar, Margrét Stefánsdóttir og Lára Kristín Margrétardóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og Ragnhildur Lára Weisshappel og Rósa Gísladóttir og Þorgerður Þórhallsdóttir.

### Haughús verður hAughús

Téð haughús var einnig fjárhús. Ragnhildur Lára segir rýmið sjálft ekkert gefa flottustu sýningarrýmum landsins eftir, það hafi verið fallega uppgert.

„Sýningarsalurinn er stór og fallegur. Það var annað gólf fyrir ofan sem var rifið svo nú er hátt til lofts. Á efri hæðinni voru gluggar sem nú gefa birtu niður í salinn. Nafn salarins aHughús vísar í upprunalegan tilgang hússins en með því að setja upphafsstafinn í lágstaf og þann næsta í hástaf þá vísar nafnið í nýtt hlutverk hússins, augað eða hið sjónræna. Haugur hefur líka marglaga merkingu,“ segir Ragnhildur Stefánsdóttir, mamma Ragnhildar Láru, sem saman sýningarstýra sýningunni.

Inga Sigga bætir við að brynningarskálarnar séu enn á stálsúlunum sem halda þakinu. „Svona hús voru nokkuð víða um sveitir og voru byggð eftir teikningu sem Bændasamtökin létu gera af arkitektum sem þau höfðu á sínum snærum.“ Það hafi gefið bændum tækifæri á hagkvæmni í byggingu.

### Nærandi tengingar mæðgna

Áhersla sýningarinnar á mæðgnapör og það að sleppa, spratt úr samtali Ragnhildar Láru og Ragnhildar um tengsl foreldra og barna og það að finna jafnvægi á milli þess að halda og sleppa. „Ástæðan fyrir valinu er þessi skýra mynd keðju, líkami af líkama af líkama. Keðja er svo mikil metafóra um hald og traust en það má ekki setja of mikla tensjón, þá slitnar hún,“ segir Ragnhildur Lára. Í texta hennar um sýninguna segir að „með þessari samsetningu er leitast við að skoða hvernig togstreita ótta og ástar, festu og frelsis birtist innan mæðgnasambandsins og hvernig reynsla og sköpun flyst milli kynslóða“.

Rósa segir um samband sitt við Þorgerði dóttur sína að þær tengist í gegnum endalaust samtal um myndlist og blaðamaður heyrir endurróm þeirra orða á milli mæðgnaparanna.

„Fyrir þessa sýningu vann ég verk þar sem vinnustofan hennar mömmu er útgangspunkturinn. Síðan ég var barn hefur vinnustofan hennar verið ákveðið athvarf, það var alltaf svo heillandi og skemmtilegt að koma þangað, í allt gifsið og leirinn og sjá hvað hún væri að hugsa og bardúsa. Ég fékk líka að fara þangað ein þegar ég var unglingur og var að feta mig áfram í myndlist,“ segir Þorgerður.

Um smit listarinnar á milli kynslóða rifjar Katrín Agnes upp minningu úr barnæsku, „ég fór með mömmu að versla litaduft hjá Kremer, sem ég er nú sjálf að vinna með. Verkið mitt á sýningunni er litaduft sem ég þróaði í samvinnu við Kremer og tileinka mömmu.“ Hún segir það geta verið lykil að skilja hvaðan eigin listsköpun kemur og að hún hafi orðið meira meðvituð um listræn áhrif mömmu sinnar á vinnu sína sem listamaður í ferlinu.

Áslaug segir tenginguna milli þeirra mæðgna vera sterka. „Við búum enn á sama heimili. Við tilheyrum samt hvor sinni kynslóðinni og erum tvær ólíkar manneskjur og margt sem aðgreinir okkur þótt ég geti ekki fest hönd á hvað það nákvæmlega er.“

### Að taka flugið

„Fyrir mína parta túlka ég hugtakið sleppa sem það að sleppa tökum á innri ritskoðun og eigin hömlum,“ segir Þorgerður, „ég ákvað að leyfa mér að fara alla leið með hugmynd sem ég hefði annars verið búin að ritskoða áður en hún fékk að taka flugið. Það er svo mikilvægt að sleppa tökunum og treysta því sem gerist, bæði í sköpunarferlinu og í mæðgna sambandinu!“

„Titillinn er náttúrlega mjög tengdur því, að leyfa hlutunum að gerast. Slíta naflastrenginn. Ég tala nú ekki um þegar við erum staddar í fjárhúsi þar sem frjósemi og fjárburður eru innsigluð í veggina,“ segir Inga Sigga. „Er maður ekki stöðugt að vinna að því að láta það vera að stjórna, hafa of miklar skoðanir og skipta sér af? Sleppa er að hafa traust, vera æðrulaus og afslappaður sem er auðvitað vel kunn viska.“

„Mér finnst ósýnilegur kraftur umlykja þessa sýningu,“ segir Lára Kristín. „Tengingin á milli verkanna í heild og svo á milli mæðra og dætra. Mæður eru verndarar dætra sinna en þetta samband nær á báða bóga og stoltið og ástin sem dætur bera til mæðra sinna er ótrúlegt afl líka.“ Blaðamaður fær smá gæsahúð og kemst við.

„Það var fyrir okkur smá uppgötvun hvað við eigum mikið sameiginlegt,“ segir Inga Sigga. „Börn listamanna eru ósjálfrátt mjög tengd list á allan hátt, hvort sem þau vinna með það beint eða ekki. Það gerist bara í hversdeginum því listamenn eru alltaf í vinnunni þó þeir séu bara að lifa lífinu. Það er einhvern veginn afstaðan og um leið innihaldið.“ Hún segir tengslin á milli kynslóða nær alltaf krefjandi á báða bóga, en örvandi og gjöful. „Það er mikilvægt að hver ný kynslóð geti aðskilið sig frá þeirri eldri, bæði rýmislega séð og í verkum sínum, þó að gleðin yfir því að hafa tækifæri til að deila sé mjög mikilvæg.“





Verk Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur, Hringrás, sést hér í forgrunni í sýningarsalnum hAaughús og verk Láru Kristínar í bakgrunni.

### Hrossagaukurinn hringsólandi

„Fram eftir ævi Helgu var það að sjálfsögðu ég, mamman, sem réði för. En nú þegar hún er orðin fullorðin manneskja byggja samskiptin á meira jafnræði,“ segir Áslaug. „Ég ákvað í upphafi að reyna að laga mig að því sem Helga gerir án þess beinlínis að ætla að herma eftir henni. Hún hefur unnið talsvert með hár, bæði mannshár og gervihár, og ég fann mína leið til að gera það með því að gera þrykk af hárkollum en ég hef verið að fikra mig áfram með einþrykk undanfarið. Svo endum við auk þess á því að spinna svolítið sama þráðinn huglægt því einmitt á sama tíma og við vorum að vinna verkin lést móðir mín, amma Helgu, sem voru mikil tímamót í lífi okkar beggja.“

„Mér finnst gaman að fá tækifæri til að kynnast svæðinu í kring betur en ég hef áður gert, við förum seinast í sund í Varmahlíð og síðan í bakaríið á Sauðárkróki og þangað fer ég vonandi aftur,“ segir Lára Kristín, dóttir Margrétar. „Að setja upp sýningu með fjöllin á öllum hliðum og hrossagaukinn fyrir ofan sig eru forréttindi út af fyrir sig.“

### Geta ekki hugsað sér að gera neitt annað

Aðspurðar um reynsluna og sköpunarkraftinn sem flyst á milli kynslóða segir Rósa, mamma Þorgerðar, „það fer enginn út í myndlist nema að sá hinn sami geti ekki hugsað sér að gera neitt annað. Mér finnst ekki endilega vera kynslóðabil í myndlistinni, það eru bara mismunandi hugmyndir og vinnuaðferðir.“ Blaðamanni verður óneitanlega hugsað til bænda í þessu samhengi.

„Við erum að gera list fyrir listina,“,segir Inga Sigga, „en líka fyrir okkur og þá sem koma, hver og einn sem kemur er mikilvægari á annan hátt en á hefðbundnum sýningum,“ því hver gestur taki meðvitaða ákvörðun um að gera sér leið og gefa sér tíma til að stoppa og vonandi fá sér kaffi og lenda í samræðum. „Á þessum fallega stað er einbeitingin ekki bara tengd rýminu heldur líka umlykjandi náttúru og kyrrð.“

Sýningin stendur til sunnudagsins 9. ágúst og verður opin föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá klukkan 13:00-18:00. Öll eru boðin velkomin og ósk sýnenda og húsráðenda að Skagfirðingar og aðrir verði eins duglegir að koma og síðasta sumar þegar fyrsta sýningin í hAughúsinu var opnuð.



Scarlet Red Royal Blue, verk Katrínar Agnesar á sýningunni.


CONSENSA

INNKAUPAÞJÓNUSTA

Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa

• • •

www.consensa.is - consensa@consensa.is




Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur









## Vélabásinn:

# Glæsilegur og aflmikill fjölskyldu- og ferðabíll



Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

**Reynsluakstur á fjórhjóladrifnum Tesla Model Y Premium Long Range, rafbíl sem losar fólk við drægnikvíða á verði sem gerir æ fleirum kleift að láta sig dreyma.**

Tesla seldi sinn tíu þúsundasta bíl á Íslandi í síðustu viku. Tesla er fyrsta bílamerkið á Íslandi til að ná því að skrá 10.000 rafbíla en um 2,5% íbúa á Íslandi aka nú um á Tesla rafbílum, segir í fréttatilkynningu frá Tesla af þessu tilefni. Þetta eru ansi magnaðar tölur og ættu kannski ekki að koma á óvart því að Tesla náði snemma ákveðnu forskoti í framleiðslu rafbíla í heiminum og hafa augljóslega komið sér vel fyrir á íslenskum markaði.

Tesla Y er mest seldi bíll framleiðandans hér á landi en yfir 7.200 af þessum 10.000 bílum eru af þeirri gerð og trónir fjórhjóladrifsútgáfan þar hæst. Uppfærð útgáfa af þessum bíl kom á markað snemma árs 2025 en um þessar mundir er kynnt til sögunnar Model Y með sjö sætum. Það er bíllinn sem undirritaður fékk að reynsluaka síðustu daga, fjórhjóladrifinn meðalstór sportjeppi Model Y Premium Long Range.



Teslu hefur tekist vel til við að uppfæra útlit Y-módelsins. Hann er eilítið meiri um sig, bólgnari ef svo má segja, en umfram allt er hann smekklega rennilegur.
Myndir / þh

### Fagurblár með hvítum sætum

Ekkert skortir upp á flottheitin í prufubílnum. Þessi fagurblái litur vann hjarta undirritaðs við fyrstu sýn en Teslu hefur raunar tekist afar vel upp við val á litum bíla sinna.

Hvítu sætin kölluðu sömuleiðis á athygli um leið og bíllinn bar fyrir augu. Í fyrstu fannst mér þau eilítið yfirdrifin en fljótlega unnu þau á og á endanum var ég sannfærður um að þessi sæti væru það eina rétta í þessum bíl. Spurningin um það hvort sætin haldist hrein eftir því sem tíminn líður hlýtur þó að vakna.

### Sætin sjö

Ef við höldum okkur við sætin sjö þá eru framsætin einstaklega þægileg og gott pláss fyrir ökumann. Annarri sætaröð er hægt að ýta aftar í bílinn sem er hentugt þegar bílstjórinn er lappalangur. Þar fer því vel um farþega. Í öftustu röð er þó ekki pláss fyrir aðra en börn ef vel á að vera. Allur frágangur á öftustu sætaröðinni er þó til fyrirmyndar. Auðvelt er að setja sætin upp og niður og allur aðgangur er sömuleiðis auðveldur fyrir yngri farþegana.

Þess má geta að afþreyingarskjár er aftur í sem styttir farþegum stundir.

Pláss fyrir farangur minnkar vitanlega talsvert þegar aftasta sætisröð er í notkun en þó verður að segjast að Teslahönnuðum er einstaklega lagið að skapa pláss fyrir farangur í bílum sínum. Djúp og rúmgóð hólf eru þannig bæði aftur í og fram í. Að mörgu leyti er bíllinn því upplagður fjölskyldu- og ferðabíll.

### Innra byrði einfalt og látlaust

Hönnun á innra byrði Tesla hefur lítið breyst. Þó má segja að enn sé hert á einfaldleika og látleysi með því að meira er nú af svörtum flötum. Aðeins einn ljós borði er í mælaborðinu (sem við köllum svo þótt það séu auðvitað engir hefðbundnir mælar í Teslu). Annað er svart. Þunn ljósarönd í mælaborðinu brýtur upp þessa rólegu stemningu en hún dofnar og lýsist á víxl með tónlistinni í ágætu sautján hátalara hljóðkerfinu. Þetta kemur vel út og er algerlega truflunarlaust fyrir ökumann.

Geymsluhólf á milli framsæta eru óvenjulega rúmgóð sem auðveldar fólki að hafa snyrtilegt í bílnum. Þráðlausar hleðslustöðvar fyrir farsíma hjálpa líka til við að halda umhverfinu snyrtilegu.

### Skjár fullur af tækjum og tölum

Talandi um innra byrði bílsins þá verður ekki hjá því komist að nefna skjáinn sem nánast allar aðgerðir fara fram á, kannski of margar því það verður að segjast að maður saknaði stundum gírstangar, rúðuþurrkustangar og jafnvel einhverra takka. Allt fer þetta nefnilega fram á skjánum. Meira að segja gírskiptingin. Putta er rennt upp eða niður yst á skjánum til þess að fara annaðhvort aftur á bak eða áfram. Einnig er hægt að ýta á takka fyrir ofan framrúðuna til þess að skipta um gír. Erfitt er að sjá að þetta geri skiptingar auðveldari eða hraðvirkari.

Burtséð frá smávægilegum annmörkum á borð við þessa þá er skjárinn fullur af ótrúlegum tölum og tækjum sem of langt mál yrði að telja upp hér og setja Teslu í raun og veru í sérflokk hvað það varðar.

Þessu fylgir svo hljóðkerfi með sautján hátölurum, þar á meðal tveimur bassaboxum sem gera sitt gagn. Það er alveg óhætt að trekkja upp stuðið í Teslu. Í því sambandi má nefna að hljóðeinangrun er ágæt í bílnum en mætti þó alveg vera betri, sérstaklega hvað veghljóð varðar.




Afturendi bílsins er talsverður um sig. Hönnunin er samt vel heppnuð.



Skjáirnir fram í og aftur í eru fullir af ótrúlegum tölum og tækjum til að aðstoða við akstur og stytta farþegum stundir.

### Ytra byrði afar vel heppnað

Teslu hefur tekist vel til við að uppfæra útlit Y-módelsins. Hann er eilítið meiri um sig, bólgnari ef svo má segja, en umfram allt er hann smekklega rennilegur. Breyting á ljósum að framan og aftan er kannski það fyrsta sem fólk tekur eftir en þau gera bílinn bæði breiðari og tilkomumeiri.

Bíllinn kemur á 18 tommu felgum en prufubíllinn var á 20 tommu felgum sem að mínu mati gera gæfumuninn hvað varðar útlit bílsins.

Framendi bílsins er sportlegur. Þakið er það sömuleiðis og þar hjálpar til að afturglugginn liggur nánast láréttur í beinu framhaldi af þakinu. Fyrir vikið er útsýn um bakgluggann raunar fremur takmörkuð sem er ákveðinn galli. Ökumaður verður að treysta því mun meira á myndavélasýn á skjá þegar hann bakkar. Í því sambandi má raunar einnig nefna að hliðarspeglar hefðu mátt vera stærri.

Afturendi bílsins er talsverður um sig. Hönnunin er samt vel heppnuð. Og það er ákaflega þægilegt að ganga um skottið í bílnum vegna þess hversu rúmt er um allt. Opnunin er mikil á skottinu og nóg er plássið. Auðveldlega er til dæmis hægt að koma tveimur golfsettum og kerrum fyrir í skottinu án þess að fella niður bökin í annarri sætaröð. Og svo hefur þægindastigið verið aukið fyrir þá sem iðulega eru með fullar hendur þegar komið er að skottinu lokuðu. Þá opnar bíllinn sjálfkrafa eftir 3-4 sekúndur ef þú ert með símann á þér.

Yfir höfuð er hönnun bílsins afar vel heppnuð.

### Afl feikigott en fjöðrun full stíf

Akstursseiginleikar prufubílsins voru almennt góðir og að sumu leyti framúrskarandi. Bíllinn er til dæmis með feikigott afl, um 400 hestöfl, og er aðeins 4,8 sekúndur í hundraðið. Það er því gaman að keyra bílinn og hann tekur vel við sér í öllum aðstæðum, bæði innan bæjar og utan.

Beygjuradíus mætti vera minni á bílnum. Á þröngum stæðum verður hann óþarflega stirður í snúningum miðað við stærð bílsins. Fjöðrun er einnig of stíf fyrir minn smekk – en, já, það er vissulega smekksatriði. Maður finnur fullmikið fyrir hvers konar ójöfnum í vegi og á verri vegum utanbæjar verða hreyfingar bílsins of klunnalegar.

### Drægni

Drægni prufubílsins er allt að 600 km. Hún reyndist afar góð þá daga sem ég keyrði bílinn. Drægnikvíðinn er svo gott sem úr sögunni. Ég hlóð bílinn tvisvar á Superchargerstöð Tesla og það tók um 20-25 mínútur að koma bílnum úr 20% í ráðlagða 81% hleðslu fyrir venjulegan akstur innanbæjar.

### Verð

Prufubíllinn kostar 9.507.790 krónur út úr umboðinu. Innifaldir eru þá marínblái liturinn (197.000), 20 tommu felgur (334.800), svarthvítt innrétting (186.000) og sjö sæti (360.000).

Grunnútgáfan af Teslu Y er þó mun ódýrari. Model Y Rear-Wheel Drive kostar aðeins 6.529.990 krónur. Með Premium Long Range kostar afturhjóladrifni bíllinn 8.029.990 kr en fjórhjóladrifinn kostar hann 8.429.990 krónur. Þetta verður að teljast mjög samkeppnishæft verð eins og raunar á öllum Teslum.

### Niðurstaða

Niðurstaðan hlýtur að vera sú að Tesla Y sé einn af áhugaverðustu kostunum á markaði þegar kemur að meðalstórum rafknúnum sportjeppum. Hér fer saman góð hönnun, góðir aksturseiginleikar, kraftur, drægni sem veldur ekki kvíða og verð sem gerir æ fleirum kleift að láta sig dreyma.



## Af hvaða stað er myndin?

**Núna biðjum við lesendur um að bera kennsl á þessa húsaþyrpingu þar sem ekki hefur verið föst byggð í meira en 70 ár. Sendið svör á netfangið myndagetraun@bondi.is. Dregið verður úr réttum svörum mánudaginn næstkomandi. Vinningshafi hlýtur að launum gjafabréf á veitingastað fyrir tvo í boði Loftmynda ehf. Rétt svar mun birtast á vef Bændablaðsins, bbl.is, mánudaginn 29. júní.**

Mynd / Loftmyndir ehf.













Matarkrókurinn:

# Bændabrúnka



**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com

Súkkulaði er einhver stórkostlegasta uppfinning mannsins. Hvernig bitur kakóbaun frá Mið-Ameríku gat orðið að einhverju því besta sem við sem dýrategund njótum er nær óskiljanlegt. Fæst stöndum við þó í því að búa til súkkulaðiplötur heima en við getum bakað kökur. Súkkulaðikökur eru bestar. Sérstaklega klístraðar nær svarbrúnar brúnkur.

Forverar Mexíkóanna í Mið-Ameríku, sem fyrstir nýttu sér kakóbaunina, bjuggu aðallega til kakódrykki og brúkuðu frekar í þá chili-pipar en strásykur. Gerir þá sennilega ekki beinlínis aðlaðandi fyrir okkur hér á fróni. Reyndar bjóða gusumeistarar miðaldra fólki í gufubaði oft upp á drykk sem er ansi nálægt þeim mið-ameríska. En við ætlum að vera á lægra plani og alls ekki hollu, nema fyrir sálina. Enda ætlum við að brúka heilmikið af dönskum rófusykri í bændabrúnkuna okkar. Og góðan slurk af sméri.

### Áferðarfögur og dökk-dökkbrún

Síðastliðin ár hefur verð á kakói því miður rokið upp úr öllu veldi. Það þýðir að framleiðendur súkkulaðistykkja hafa freistast til að drýgja dýrðindin með hinu og þessu, eins og sojabaunum og miður góðri olíu. Það þýðir að áferð og bragð er svo sannanlega ekki eins og í gamla daga. Þess vegna ætlum við heimabakararnir að passa sérstaklega upp á að okkar útgáfa verði sérstaklega góð í góminn. Klístruð og örlítið seig.

Til að fá rétta áferð á þá brúnu er best að píska saman sykur og smjör undir hita. Gott að nota ekki of breiðan skaftpott til verksins. Þegar smjörsykurinn er kominn saman fer kakóið út í. Hræra það saman með sama písknum. Þá fer potturinn af hitanum og þegar blandan hefur kólnað örlítið fara eggin út í. Pískuð saman við eitt og eitt. Við þetta þykknar blandan. Passa að hræra hratt og örugglega til að ekki verði til mjög svo ógirnileg eggjahræra. Hún á að verða alveg silkimjúk. Þá fer saltið og vanilludroparnir saman við sem og kaffið. Það má sleppa því en ekki gera það samt. Kaffið ýtir undir súkkulaðibragðið. Ef það er ekki espressovél á heimilinu er hægt að nota smá neskaffi í staðinn. Hálfa matskeið eða svo. Að síðustu fer hveitið út í. Best að hræra það ekki of harkalega saman við. Sleppa písknum núna og nota t.d. sílikon-sleikju.



**Dökk bændabrúnka til að fylla upp í sálarholurnar sem rigningadagarnir munu skapa í sumar. Einstaklega ljúffeng með mjólk.**
Mynd / Hari

## Uppskrift

- 420 g sykur
- 210 g smjör
- 120 g kakó
- 100 g hveiti
- 3 egg
- 5 msk. espresso
- 1 tsk. vanilludropar
- 3 g salt

Blandan fer svo í form. Gott að setja bökunarpappír í formið þannig að hann standi upp úr í sitthvorum endunum. Þá er hægt að lyfta kökunni léttilega upp úr.

Formið getur verið alls konar að lögun og stærð. Persónulega finnst mér best að brúnkan sé þunn. Undir tveimur sentimetrum. Einn og hálfur er fullkomið. Styttir líka bökunartímann. Formið sem skilar þeirri þykkt er sirka 20x30 sentímetrar. Það er ekkert lyftiduft hér þannig að formið getur verið eldfastur bakki og það er einmitt það sem er notað hérna á Kársnesinu. Baka við 160 gráður í 25 mínútur til hálftíma.

Betra að hafa örlítið styttri tíma en lengri. Þetta á að vera svolítið gúí. Kippa kökunni upp úr forminu og láta kólna. Gott að nota kæligrind til verksins. Skera í litla munnbita og passa að klára ekki í einni lotu og drekka mjólk með, bláa helst.

# KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Byrjandi leggur skúrk

Byrjendur í bridds fara stundum varlegar í hindranasagnir en hinir sem lengra eru komnir. Fyrir kemur að „vitleysurnar" skila góðu skori!

Í sumarbridds í Síðumúlanum kom upp spil fyrir skemmstu þar sem þú ert fyrst(ur) á mælendaskrá á hagstæðum hættum. Þú tekur upp ÁKT8742, eyðu í hjarta, einspil í tígli og G8652 í laufi. Á hverju opnarðu?


Björn Þorláksson.

Flestir byrjendur í bridds láta duga að telja spaðana sína og minnast þess að á briddsnámskeiðum kemur fram að með sexlit skuli opna á öðru sagnstigi. Með sjölit á því þriðja, með áttlit á fjórða sagnstiginu. Að því gefnu að ekki sé mikið af hápunktum. Það sem hefur þá kannski gleymst að segja byrjendunum er að ef fimmlitur fylgir

| | | |
|---|---|---|
| | **Norður**<br>♠ Q65<br>♥ AQJ54<br>♦ 8<br>♣ Q1094 | |
| **Vestur**<br>♠<br>♥ K7<br>♦ AKJ1076543<br>♣ 73 | | **Austur**<br>♠ J93<br>♥ 1098632<br>♦ Q2<br>♣ AK |
| | **Suður**<br>♠ AK108742<br>♥<br>♦ 9<br>♣ J8652 | |


Eitt skemmtilegasta mót hvers sumars, bikarkeppnin, stendur nú yfir. Hart var barist í leik SFG og Karls Sigurhjartarsonar nýverið og fór svo að Gunnlaugur Sævarsson og félagar höfðu betur. Mynd / BÞ

með sexlit er eðlilegt að hækka hindrunina um eitt sagnstig sem þýðir að í spili dagsins er eðlilegt að opna á fjórum spöðum.

Doktor Ingi Agnarsson var óheppinn í sumarbriddsinum þetta kvöld. Kannski vegna þess að hann var með byrjendur sem andstæðinga? Hann sat í vestur með áttlitinn í tígli (sjá stöðumynd) og kónginn annan í hjarta. Andstæðingur hans af byrjendakyni á hægri hönd lét duga að opna á 3 spöðum en ekki fjórum eins og nánast allur salurinn. Ingi stökk í 5 tígla. Makker Inga vissi ekki hvað ætti að melda en lyfti eftir umhugsun í slemmuna sem fór niður vegna legunnar.

Bridgeþáttur Bændablaðsinns sendi Magnúsi Magnússyni, landsliðsmanni í bridds, erindi um þetta spil og bað hann að finna skúrkinn við borðið!

Ekki kom á óvart að samkvæmt áliti Magnúsar sat skúrkur spilsins í austur, umsjónarmaður þáttarins. Magnús segist reyndar telja að í sveitakeppni „komi til greina" að lyfta 5 tíglum í 6 eftir þessar sagnir en honum fannst óþarfi í tvímenningi að leyfa ekki bara 5 tíglum að standa.

Þar sem opnað var á fjórum spöðum í suður gengu sagnir nánast alls staðar eins: 4sp-5tíglar-5sp-dobl og spilað.

Byrjendurnir í NS fengu því nánast hreinan topp fyrir hina hóflegu hindrun. En Ingi sat eftir sviðinn, með andstæðing beint fyrir framan og einnig til beggja handa!

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Skáksumarið hafið


Gauti Páll Jónsson

Skáksumarið 2026 er hafið með pomp og prakt. Teflt er mikið hérlendis ásamt því að Íslendingar eru duglegir að tefla erlendis. Nefna má þátttöku Lenku Ptacnikova á Evrópumeistaramóti kvenna, þátttöku Jóhanns Hjartarsonar, Þrastar Þórhallssonar, Margeirs Péturssonar og Henriks Danielsen á Evrópumóti öldunga, og loks þátttöku Birkis Hallmundarsonar og Guðrúnar Fanneyjar Briem á heimsmeistaramóti barna. Öll þessi mót fara fram í beit og Íslendingar láta sig ekki vanta þar sem keppt er um heims- og Evrópumeistaratitla.

Skemmtilegt boðsmót var haldið fyrir skömmu af þeim félögum í hlaðvarpinu Chess After Dark, Birki Karli Sigurðssyni og Leifi Þorsteinssyni. Boðsmótið var haldið í samstarfi við fyrirtækið Green Diamond sem framleiðir skósóla í Kína. Menn náðu einmitt að sóla sig í góða veðrinu á mótsdegi, þann 20. júní. Tíu af sterkustu skákmönnum þjóðarinnar tefldu allir við alla, og eftir það fóru fjórir efstu í undanúrslit, þar sem sá sem hafði flesta vinninga mátti velja sér andstæðing. Fór svo að Vignir Vatnar Stefánsson, sem hafði mikla yfirburði í


Jóhann, Vignir, Sigurður Bragi frá Green Diamond og Björn.

mótinu sjálfu, valdi Örn Leó Jóhannsson. Þá tefldu Jóhann Hjartarson og Björn Þorfinnsson. Að endingu vann Vignir, eftir sigur gegn Erni og síðan Jóhanni, og Björn náði þriðja sætinu eftir sigur gegn Erni. Jóhann í öðru sæti.

Mótið var sýnt beint og fórust tæknimál vel úr hendi hjá Daða Ómarssyni, og Alexander Oliver Mai, mönnunum á bak við tjöldin. Björn Ívar Karlsson og Ingvar Þór Jóhannesson, héldu uppi stemningunni í útsendingunni og fengu til sín góða gesti til að spá í spilin, þar á meðal Leif Þorsteinsson.

Í stöðunni sem hér fylgir hafði Björn Þorfinnsson svart gegn sjálfum Jóhanni Hjartarsyni. Smekkleg mannsfórn Björns, 14. … Rd4 snýst um að rýma d4 reitinn til að stugga




við riddaranum á e3. Eftir að riddarinn færir sig, eins og gerðist í skákinni, gefst færi á að drepa peðið á g2 með skák og flóðgáttirnar opnast að hvíta kónginum. Birni tókst að vinna þá stöðu. Tölvurnar benda á vörn með 14. …Rd4 15. cxd4 exd4 16. Bb2! Dg5 17. Rf3 Rxg2+ 18. Ke2 Rg2+ með þráskák. Það er þó alls ekki augljóst og var þetta langbesta skák Björns gegn Jóhanni í mótinu, en þeir mættust aftur í undanúrslitum.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Gauti Páll Jónsson*
*gauti.pj@hotmail.com*



Erfinginn:

## Apríl Emma

**Nafn:** Apríl Emma Ívarsdóttir.

**Aldur:** 7 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Reykjavík hjá mömmu og Selfossi hjá pabba.

**Skemmtilegast í skólanum:** Læra í Sprota (stærðfræði).

**Áhugamál:** Hjóla og leika við vinkonur.

**Tómstundaiðkun:** Ballett.

**Uppáhaldsdýrið:** Kisur og hundar, já, og svín.

**Uppáhaldslitur:** Regnboginn.

**Uppáhaldsmatur:** Grilluð ostaslaufa.

**Uppáhaldslag:** Ég skal mála allan heiminn elsku mamma.

**Uppáhaldsmynd:** Toy Story 1.




**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Ferð í Legoland þegar ég var 5 ára.

**Hver er fyndnastur sem þú þekkir:** Stella, Kamilla og Tinna.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Sjúkraflutningakona eins og pabbi.

**Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | 2 | | | 6 | 4 | 5 |
| 6 | | 2 | | 3 | | | | 8 |
| 9 | 8 | 5 | 1 | | | | | 2 |
| | 5 | | | | 7 | 4 | 8 | 6 |
| | | | | 4 | 6 | 5 | 3 | |
| 8 | | | 5 | | 3 | | | 7 |
| 3 | | 6 | | 5 | | 8 | | |
| | 1 | | | | 2 | 7 | | 4 |
| | 2 | | 6 | | 8 | | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 8 | | 5 |
| | | | 5 | | 1 | | 7 | |
| | | 2 | | | | | 9 | |
| 7 | | | | 6 | | | | |
| | 9 | 4 | | | | | | |
| | | | 9 | 4 | | | 5 | |
| | | | 2 | | 3 | 5 | | 8 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| | 8 | | | | | | 4 | 2 |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | | 6 | 2 |
| 8 | | 4 | | | 7 | | | |
| | 6 | | 5 | | | 1 | | |
| | | | 3 | | | 9 | 5 | |
| | | | | | | | | 6 |
| 7 | | | | | | | 2 | |
| 6 | | | | | | | | 3 |
| | | | | | 3 | | | 9 |
| | 3 | | 4 | | 8 | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | | 6 | 8 | 1 | | 2 | | |
| 8 | | | 9 | | | | 7 | |
| | | | 3 | | | | | |
| 1 | | | | 8 | | | 2 | 9 |
| | | | 2 | 5 | | 6 | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 2 | | 4 | | | | 1 | 6 | 5 |
| | | 3 | | | | | 8 | 7 |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** þarf að skoða skuldbindingar sínar og þau mál sem varða skuldbindingar hans við aðra. Hann þarf að vera hreinskilinn við sjálfan sig þegar kemur að því að setja mörk og muna að það er ekki veikleiki að taka ekki að sér meira en hann getur borið. Nú er upplagt að æfa sig í að treysta á innsæið. Það mun nefninlega reynast rétt, vatnsberanum að óvörum. Happatölur: 11, 20, 35

**Fiskarnir** finna skyndilega að nánustu sambönd eru í einhvers konar brennidepli og krefjast þess að opnað sé fyrir gagnkvæma virðingu. Fiskarnir þurfa að mæta öðrum á miðri leið þó þeim sé það ekki ljúft og finna lausnir sem henta öllum. Gæta þess þó að týna ekki eigin þörfum í tilraunum til að þóknast umhverfinu. Hlusta svo vel á ráðleggingar sem koma frá sér eldra fólki. Happatölur: 13, 22, 34

**Hrúturinn** upplifir næstu dagana að þurfa að finna jafnvægi á milli kyrrðar og virkni. Óöryggi og óvissa hefur þjakað hann og því best að draga sig aðeins í hlé, skipuleggja næstu skref í hljóði en fylgjast þó vel með öllum smáatriðum. Óvænt tækifæri skjóta upp kollinum og einhvern veginn vilija stjörnurnar meina að hrúturinn verði að taka sérstaklega vel eftir því sem gerist á sunnudegi um miðjan mánuð. Happatölur: 5, 14, 23

**Nautið** finnur fyrir því að samskipti við fólk í þess nánasta umhverfi krefjast meiri sveigjanleika en venjulega. Það neyðist til að slaka á þrjóskunni og hlusta í staðinn á ólík sjónarhorn áður en það myndar sér endanlega skoðun á viðkvæmu máli. Lítil breyting á daglegu skipulagi mun létta nautinu lífið til muna og því ráðlagt að hætta að hjakka í gamla farinu. Prófa og tileinka sér eitthvað nýtt. Happatölur: 9, 18, 27

**Tvíburarnir** munu njóta góðs af því að hlúa að heimilinu um þessar mundir og losa sig við gamla muni sem þjóna ekki tilgangi. Að sama skapi er tiltekt í nánasta umhverfi til góðs og þá er mælt með að tvíburinn losi sig við eitthvað af já-manneskjunum í kringum sig. Þó skal halda öllum persónulegum málum prívat í bili. Að lokum er rétt að minna á að góður nætursvefn mun gerbreyta orkunni þinni á næstunni.Happatölur: 2, 11, 30

**Krabbinn** fær óvæntar upplýsingar sem leggjast þungt á hann, en þá er gott að minnast þess að það eina í veröldinni sem er hægt að treysta á eru sífelldar breytingar. Því er algerlega ónauðsynlegt að leggjast í nokkurt þunglyndi, en heldur er gott að gefa sér tíma til að sinna líkamlegri heilsu og hvíla hugann. Þetta endar hvort sem er allt á rólegum og góðum nótum. Happatölur: 6, 15, 24

**Ljónið** þarf að hafa í huga að hversdagsleg verkefni krefjast nákvæmni og þolinmæði þessa dagana. Nú er kjörinn tími til að fara yfir pappíra, reikninga eða önnur hagnýt mál sem hafa setið á hakanum enda ætti ljónið að einbeita sér að því að greiða úr öllu því sem hefur flækt líf hans síðastliðin misseri. Þetta er heilmikil flækja enda ljónið þekkt fyrir að veita sjálfu sér þann munað að „gera þetta bara seinna". Það virkar ekki. Happatölur 8, 17, 26

**Meyjan** finnur fyrir þörf til að endurskipuleggja forgangsröðun sína í lífinu. Með það í huga ætti hún að sleppa takinu á öllu því sem gefur henni ekkert til baka, skyldum, fólki, hvaðeina. Þegar því er lokið verður skýrari sýn á þá tíma sem fram undan eru. Einnig þarf meyjan að vera dugleg að huga að heilsunni, liðamótunum sérstaklega sem eru talin haldast í hendur við skýra hugsun. Happatölur: 4, 13, 31

**Vogin** finnur að tíminn vinnur með henni og tjáning af öllu tagi veltir þungum steini. Þungum steinum reyndar. Leyndarmál eða gamalt mál þarf að ræða en kemur í ljós að málið er mun léttvægara en vogin hefur talið. Að tjá sig og tala um hlutina er æfing sem ætti að framkvæma reglulega, enda gerir hún kraftaverk fyrir sálina. Happatölur 1, 12, 29

**Sporðdrekinn** mun upplifa óþarflega mikið annríki þegar hópar og sameiginleg verkefni krefjast athygli sem hann á alls ekki innistæðu fyrir. Að óvörum mun hann þó sjá hag sinn í því að vinna náið með öðrum að sameiginlegu markmiði. Ef allir aðilar halda sér við efnið gengur þetta fljótt yfir. Happatölur 3, 19, 28

**Bogmaðurinn** finnur hvernig allar mögulega skyldur verða meira áberandi núna. Hann neyðist til að sýna faglega framkomu og gæta þess að fylgja reglum í hvívetna. Á hinn bóginn er þetta góður tími til að sýna ábyrgð og áreiðanleika í verki, því eftir því verður tekið og bogmanninum mun hugnast fyrir. Lykilatriðið hérna er að taka einn hlut fyrir í einu og muna að anda. Happatölur 7, 16, 25

**Steingeitin** finnur að það gerir henni gott að lyfta sér upp úr hversdagsleikanum á einhvern hátt. Allur kvíði eða óþarfa hugrenningar skal forðast og farsælast að muna að einungis 4% af öllu því sem plagar mann þarf maður virkilega að hafa áhyggjur af. Steingeitin ætti frekar að anda djúpt og brosa svo út í sólskinið – þessa fáu geisla sem sýna sig. Happatölur: 10, 21, 32

## Tíska:

# Með hendur í vösum

**„Sjáðu ... hann er með vösum!“ Þessi setning heyrist óvenju oft þegar konur sýna vinkonum sínum nýjan kjól og skín gleðin og stoltið af andlitinu langar leiðir.**

En hvers vegna fagnar kjólklætt fólk á 21. öldinni sjálfsögðum hlut sem karlmenn hafa gengið að sem vísum síðan á tímum endurreisnarinnar? Svarið, þó ótrúlegt sé, liggur í hundrað ára gamalli valdabaráttu, hönnunarpólitík og hagsmunum almennt.Saga kvenfata, þá með eða án vasa, er órjúfanlega tengd hugmyndum samfélagsins um frelsi, sjálfstæði og hreyfanleika kvenna.

Á 17. og 18. öld gengu bæði kynin með lausa vasa utan á fötunum, en þó leið ekki á löngu þar til fastir vasar voru saumaðir inn í jakka og brækur karlmanna á meðan konur héldu áfram að binda lausa vasa sína um mjaðmirnar, helst innan pilslaganna. Þær voru þó ekki alls kostar óánægðar með þetta fyrirkomulag, enda veitti það þeim ákveðið frelsi að geta borið eigur sínar með sér, óháðar nokkru nema ef til vill stærð vasanna.


Súfragettur stóðu fyrir lagalegum umbótum kvenna.

### Vasinn, hið pólítíska vopn

Allt breyttist þetta í kjölfar frönsku byltingarinnar á seinni hluta 18. aldar. Þegar tíska kvenna breyttist og víð pils viku fyrir þröngum, beinum síðkjólum var hreinlega ómögulegt að fela lausu vasana undir fötunum lengur án þess að á kjólnum sæi.

Reyndar var breytingin ekki bara fagurfræðileg, heldur mjög pólitísk og voru vasar hreinlega bannaðir á kvenfatnaði á þessum tíma. Segir sagan að ástæðan hafi verið ótti yfirvalda við að konur gætu falið og smyglað byltingarsinnuðum áróðursbæklingum, peningum eða leyniskjölum undir fatnaði sínum.

Með því að fjarlægja vasana neyddust konur til að halda á litlum handtöskum (e. reticules), sem rúmuðu varla meira en vasaklút. *(Áhugavert að þessar pínulitlu handtöskur, reticules, voru einnig þekktar sem ridicule eða indispensable sem á íslenskunni má bæði þýða sem eitthvað minniháttar ... en einnig ómissandi.)*

Skilaboðin voru skýr: Karlmenn áttu að hafa hendurnar frjálsar til að vinna, ferðast og stjórna; konur áttu aðeins að láta horfa á sig og vera penar í hinu opinbera rými. Vasinn var þannig tekinn úr umferð sem pólitískt vopn.

### Mælikvarði á borgaraleg réttindi

Þegar baráttan fyrir kosningarétti kvenna hófst fyrir alvöru í upphafi 20. aldar, varð vasinn aftur að opinberu merki um uppreisn. Samtök eins og The Rational Dress Society í Bretlandi börðust ötullega fyrir því að kvenfatnaður yrði hagnýtur. Súffragettur deildu leiðbeiningum um hvernig ætti að sauma vasa inn í pils, og í október árið 1910 birti dagblaðið The New York Times ítarlega grein með fyrirsögninni „Plenty of Pockets in Suffragette Suit“. Þar var lýst nýrri tísku, hagnýtum fatnaði kvenna – kápudragt sem skartaði sjö til átta vösum sem allir voru sýnilegir og auðveldir í notkun. Blaðið benti sérstaklega á að fatnaðurinn væri með mjaðmavasa svo ef súffragettan vill flytja ræðu í baráttunni, geti hún haft hendur í vösum, líkt og karlmaður.

Vasinn var þannig beinn mælikvarði á borgaraleg réttindi.

Segir svo í blaðinu: *„The suffragette costume ought to be described. It shall be described, come what may. The model who is to wear it has blonde hair. Her eyes have the courage of the eagle, and she wears a plain shirtwaist with a high collar and cuffs. The coat-why, the coat is just a short thing with pockets in the side, hugging the collar close like a man's coat. The skirt, or the lower part of the costume, is divided. But it is not merely a divided skirt. The legs of the garment are pressed into proper creases before and behind, and are turned up at the bottom. This garment has two pockets in front and two behind. Indeed, the whole costume has seven or eight pockets, all in sight and all easy to find, even by the wearer, who if so chooses can place her hands in her hip-pocket, just as easily as if she were a man.“*



### Skrautvasar kvenna, handtöskur og óhindrað frelsi

Jæja, þrátt fyrir þennan tímabundna sigur tók hönnunarheimurinn skref aftur á bak eftir seinni heimsstyrjöldina. Þegar konum var beint aftur inn á heimilin og ýkt kvenleikaímynd var endurvakin, hurfu vasarnir nánast algjörlega.

Þegar hönnuðurinn Christian Dior kynnti línuna „The New Look“ árið 1947, lét hann hafa eftir sér fræg ummæli sem draga saman hönnunarstefnu tuttugustu aldarinnar: „Karlmenn eru með vasa til að geyma hluti í, konur, til skrauts.“ Þessi þversögn nær hámarki á okkar dögum þótt ótrúlegt sé. Umfangsmikil rannsókn á vegum vefsíðunnar www.The Pudding um vasastærðir sýnir fram á að vasar á gallabuxum kvenna eru að meðaltali 48% styttri og 6,5% þrengri en á samsvarandi herrafatnaði. Á sama tíma og snjallsímar stækka með hverju árinu, virðast vasar á kvenbuxum dragast saman eða hreinlega saumaðir aftur til að skemma ekki línurnar í sniðinu.

Og með þetta í huga sannast það enn einu sinni að þegar eitthvað skortir er örugglega hægt að græða á því. Enda ýtir þessi skortur á vösum á kvenfatnaði undir gríðarlegan vöxt handtöskuiðnaðarins, sem er í dag milljarða dollara viðskiptaveldi. Með því að selja fatnað án vasa, skapast ríkari þörf fyrir fallega og oft dýra geymslu fyrir lykla, síma og varaliti sem erfitt er að troða í smáa vasa.

Áhugamenn um vasa hafa að lokum bent á að áhrif þess skorts ná jafnframt langt inn í sálfræðina. Hugtakið *enclothed cognition* (áhrif klæðnaðar á hugsun), sýnir að fötin sem fólk klæðist hafa bein áhrif á raunverulega frammistöðu þess og sjálfsmynd. Einstaklingur sem getur stungið höndum í vasa, gengið um óhindraður en þó með sitt dýrmætasta næst sér, upplifir bæði frelsi og sjálfsöryggi. Sá sem þarf hins vegar stöðugt að halda á tösku, gæta þess að gleyma henni ekki, eða biðja aðra um að geyma eigur sínar, upplifir skert hreyfifrelsi. Mögulega vanmátt.

Þegar kjóleigendur fagna vösum nú árið 2026 er ekki aðeins verið að fagna hagkvæmum saumaskap heldur aldagamalli frelsisbaráttu.

Vasinn er tákn um réttinn til að taka pláss, réttinn til að eiga leyndarmál, og síðast en ekki síst, réttinn til að hafa hendurnar frjálsar.

*/sp*


Útsaumaður utanávasi frá árum áður.

Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

# Vísnagáta

Hér Fjölnismaður fæddur var
fangar margir dúsa þar
svaka heitt en síðan hrjúft
í sælkeramunni afar ljúft.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar.
Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 29. júní. Lausnarorð síðustu gátu var **lundi**.

**Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson**
**Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is**




# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 m/vsk. - texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

**Jesús sagði:**
„Hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra."
Matt. 18.20
biblian.is







**Hársnyrtistofan Topphár**
**Dverghöfða 27, 110 Reykjavík**
**Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin**
**Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum**
**Engar tímapantanir bara mæta!**



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
**Verð aðeins kr. 260.000**
**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200







Sökkulkerfi undir allar tegundir húsa. Stuttur afhendingartími. Íslensk framleiðsla. Einfalt, fljótlegt og ódýrt. Heyrðu í okkur og saman finnum við bestu lausnina fyrir þig. Polynorth@polynorth.is




Sumarið er komið - Vagninn á Flateyri er nú opinn alla daga nema mánudaga. Komið í hádegis- og/eða kvöldmat. Komið í drekkó. Komið á Trúnó eða skellið ykkur á tónleika, Pubquiz eða uppistand. Viðburðir eru auglýstir á Facebook-síðu Vagnsins.



Sólarrafstöð 12v í 220v 2.5kw með 200ah rafgeymi og st 610w sólarsellum. Hægt að tengja neti eða rafstöð. Verð kr. 241.000. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Atlas Copco loftpressa frá Sindra Model SF 8. Árgerð 2015. Loftþurrkarar- 2 stk. Atlas Copco CD7 Spenna: 400 V/50 Hz/3 fasa Afl mótors: 7,4 kW / 10 hp. Verð kr. 850.000. Er í 108 Reykjavík s. 690-3466.

**Heitir Pottar**



**Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum.**
**Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu. Lok, trappa og sía fylgir.**
**Verð kr. 850.000**
**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is




Steinullarbíllinn. Blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Minnkaðu hitatap, lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við í s. 577-4444.



Til sölu Eagle 2.500 skotbómulyftari árgerð 2018, lítið notuð vél í góðu standi, 5 tonna með 2.5t lyftigetu, cummins dísil. Verð kr. 5.000.000, ekki vsk vél. Staðsett í Keflavík. Uppl í s. 892-1116.



Notuð kerra, kerra á tveimur öxlum, skjólborð 35 cm há, skúffan lengd 3,30 x breidd 1,47mtr. 750kg. h.burðargeta. 13"dekk. Flott fyrir fagmanninn, fjórhjólið eða vélsleðann. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Drenog básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras o.fl. Heildarlausnir á leik og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co jh@johannhelgi.is s. 565-1048.



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 10 x 15. Verð frá kr. 31.900 til 36.300 +vsk. Lamasett kr. 4.400 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Til sölu Nissan Leaf 40 KWH, rafmagn, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 74.000 km. Verð kr. 2.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

**Lok á heita potta**



**Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 10 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.**



**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**




Verkið lofar meistarann – ræktun land er ræktun þjóðar. Átt þú erindi í AMPM-námið við Háskólann í Reykjavík? www.ru.is/en/mpm



Til sölu Belmondo Step gúmmímottur með góðu V-laga gripi. Hentar vel í rampa eða hallandi gönguleið með allt að 10% halla innan- og utandyra. Stærð 130x200cm þykkt 24 mm. Verð á mottu kr. 28.000 +vsk. Formax Paralamp ehf. S. 562-6800.



Húsbíll, Nissan nv200 beinskiptur, dísil, ekinn 164. 500 km. Með usb sólarsellu. Vebasto miðstöð, krús kontról. Upplýsingar í s. 860-4307.



Fulltrúi alþjóðlegra innkaupa, samskipta og lausna. Vantar þig vöru, samskipti eða lausn? Ég kem málinu í höfn – hafðu samband.halldor@ateetrading.com



**John Deere 6115M.**
Árgerð 2014. Notkun 5.900 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 7.900.000+vsk.



**Valtra N114 E.**
Árgerð 2022.
Notkun 2410 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 10.500.000 +vsk.



**JCB 145W.**
Árgerð 2016. Notkun 12.900 klst.
1.600mm skófla fylgir.
Verð kr. 7.500.000+vsk.



**Claas Arion 460.**
Árgerð 2015. Notkun 7.500 klst.
Ámoksturtæki og skófla. Nýsmurð.
Verð kr. 7.600.000 +vsk.



**JCB 536-60.**
Árgerð 2018. Notkun 5.800 klst.
Skófla og gafflar fylgja.
Verð kr. 7.200.000+vsk.



**Manitou MLT 625-75H.**
Árgerð 2021. Notkun 5.500 klst.
Snúningsgafflar.
Verð 6.700.000 +vsk



**JCB 403 AGRI.**
Árgerð 2022. Notkun 475 klst.
Skófla og gafflar fylgja.
Verð kr. 4.600.000 +vsk.

VÉLFANG

**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**



Til sölu Machale 991b, pökkunarvél. Verð kr. 500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 864-2484.



Til sölu snúningsvél Fella, 8 metra, á vagni. Verð kr. 500.000 +vsk. uppl í s. 864-2484.



Blue Spirit rib-bátur + Mercury Sea Pro 25 hö. + Brenderup Basic 1.000. Keypt nýtt 2016, lítið notað. Verð kr. 1.100.000. Uppl. í s. 894-0540 / skulisv@gmail.com



Bíll í fínu formi, nýskoðaður, sópur og ryksuga, í góðu standi. Þarf að kíkja á vatn fyrir sópinn. Skoða skipti, uppl. í s. 771-1449.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Mercedes Benz 814 4x2 körfubíll (1997) til sölu. Ekinn 58.390 km. Ruthmann krani, hámarks vinnuhæð 28 metrar. Heildarþyngd 7.550 kg. Gott tæki á nýjum dekkjum og í góðu lagi. Verðhugmynd kr. 3.000.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 790-1020 eða malarar@simnet.is



FK Machinery Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 209.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu fíll. Fíllinn er hogginn út í granít. Hann vegur 500 kg B: 42 cm L: 105 cm H: 90 cm. Nánari upplýsingar í s. 897-0626 - Jóhann.



Til sölu cerama 6090 glerbræðsluofn. Mjög vel með farinn í fullkomnu lagi, staðsettur í Garðabæ. Verð kr. 700.000. Nánari upplýsingar gefur Þóra í s. 861-9968 eða í email thoraeiriks@gmail.com



Glæsilegur krómaður matarvagn staðsettur á höfuðborgarsvæðinu. Verð kr. 3.900.000. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband thingvangur@thingvangur.is eða í s. 697-6462.



Ný kerrusending. Kerra, skjólborð úr áli lengd 2,10 x breidd 1,10 m. Heildarburðargeta 750 kg. 13"dekk. Létt og skemmtileg. Flott í garðvinnuna. Verð kr. 219.000 m/vsk. Ýmsar aðrar kerrur. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.



Til sölu mjög vel með farin Suzuki Vitara GLX Hybrid árgerð 2021. Ekin 97.000 km. Fjórhjóladrifin, beinskipt. Verð kr. 2.400.000. Uppl. S. 849-7455.



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun frá FK Machinery. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 199.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



°Til sölu bobcat 322 árgerð 2003. Vinnustundir 3.989. Þetta er vél sem er í góðu lagi, en þarf smá ást og umhyggju. Verð kr. 1.100.000. Upplýsingar í s. 892-9337.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Til sölu Skoda supburb 4x4, 2,0 dísil, sjálfskiptur, ekinn 58.000 km. Flottur bíll. Verð kr. 6.990.000. Skoða skipti á ódýrari. S. 699-2744.



Suzuki Grand Vitara til sölu. Ekin 175.000 km. Sjálfskiptur, bíll í topplagi og á nýjum heilsársdekkjum. Verð kr. 840.000. Upplýsingar í s. 692-3457.



Stórbaggagreip FK Machinery. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 280.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Plymouth árgerð 1942. Fallegur bíll, nýlega innfluttur frá Bandaríkjunum, þar sem hann var á bílasafni. Verðhugmynd kr. 4.800.000. Upplýsingar í s. 615-4335.



Tvöföld vökvastýrð rúllugreip á þrítengisbeisli dráttarvéla. Tveir vökvastýrðir tjakkar. Slöngur fylgja. Verð kr. 438.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Renault Midlum 2006 dísil með tvöföldu húsi (6 manna). Ekinn aðeins 40.000 km. Beinskiptur 8 gíra (tvöfaldur kassi). Einn eigandi í 20 ár. Eins og nýr að innan og vel með farinn bíll. Lipur, nýskoðaður og til margra hluta nytsamlegur. Verð kr. 2.590.000. Upplýsingar í s. 698-9334 og baddijo@simnet.is



Til sölu Lexus RX 300 ekinn 302.232 km. Er ekki á númerum. Verð með nagladekkjum og felgum kr. 250.000. Upplýsingar í s. 897-9254.



Yfir hundrað sortir af sláttuvélum fyrir dráttarvélar og fjórhjól. Þessi er fyrir fjórhjól. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is S. 555-6520.



Can am 6x6 650 árgerð 2016 - sexhjól. Hjólið er í góðu standi og vel viðhaldið ekið 8.500 km. Verð kr. 1.500.000 +vsk. kr. 1.860.000 m/vsk. Hjólið er staðsett á Akureyri. Upplýsingar í s. 848-3010.



Fisléttu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 11.900 til 13.900 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776. Aurasel.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3", 4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m. dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara ofl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is




HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.




Vandaðar heimasíður, tilbúnar frá léni í loftið, með póstfangi og öllu sem þarf, allt í einum pakka, verð kr. 119.000 +vsk. support@taffsellence.com



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Óska eftir að kaupa Toyota Hilux-Landcruiser 120 - og Rav4o g Corolla til útflutnings. Mega vera í ýmiss konar ástandi. Upplýsingar í s. 896-5001 og á netfanginu: stedji@stedji.com



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is




Keyrum vextina niður í 4,9%! Til sölu Land Rover Discovery SE, 4x4, dísil, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 123.000 km. Verð kr. 5.390.000 - 50% óverðtryggt lán til fimm ára í boði á 4,9% breytilegum vöxtum. Lántökugjald 1,5% til 3,0% eftir orkugjafa. Umsýslugjald kr. 16.500. Árleg hlutfallstala kostnaðar 6.66% - notadir. benni.is – s. 590-2035.




Stauraborar fyrir borvélar, SDS Max, SDS + og Hexagonal. Stærðir frá 40mm. upp í 300mm. Massívur öxull. Borarnir passa einnig á margar gerðir af vélknúnum staurabourum. Steinborar: 40 mm x 1000 mm. Brotskóflur í SDS Max og Hexagonal. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is Heimasíða: www.hak.is



Keyrum vextina niður í 4,9%! Til sölu Toyota Corolla, bensín, árgerð 2023, sjálfskiptur, ekinn 106.000 km. Verð kr. 3.190.000 - 50% óverðtryggt lán til fimm ára í boði á 4,9% breytilegum vöxtum. Lántökugjald 1,5% til 3,0% eftir orkugjafa. Umsýslugjald kr. 16.500. Árleg hlutfallstala kostnaðar 6.91% – notadir. benni.is – s. 590-2035.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Kubota G21 high dump sláttutraktor, 2008 árgerð. Notaður í 2.300 klst. Einn eigandi frá upphafi og vel við haldið. Alvöru græja sem lyftir safnaranum og losar grasið með einu handtaki. Verð kr. 1.350.000. Upplýsingar í s. 698-9334 og baddijo@simnet.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang-hak@hak.is








**Samaz KDF 341 S.**
Árgerð 2018. Tekin í notkun 2020.
Yfirfarin af Vélfang
og tilbúin til notkunar.
Verð kr. 1.700.000 +vsk.



**Claas Rollant 455 Uniwrap.**
Árgerð 2021. Notuð 24.877 rúllur.
Vél í toppstandi.
Verð kr. 8.500.000 +vsk.



**Claas Rollant 455 Uniwrap.**
Árgerð 2016. Notuð 24.961 rúllur.
Yfirfarin í vor.
Verð kr. 5.900.000 +vsk.



**Lely Welger RPC 245 Tornado.**
Árgerð 2019.
Notuð um 25.000 rúllur.
Tilbúin til notkunar.
Verð kr. 5.500.000 +vsk.



**Claas Rollant 455 Uniwrap.**
Árgerð 2012.
Notuð um 18.000 rúllur.
Alltaf geymd inni.
Verð kr. 4.500.000 +vsk.



**Kuhn GMD 3510.**
Árgerð 2016. Vel með farin vél.
Verð kr. 850.000 +vsk.



**Claas Rollant 455 Uniwrap.**
Árgerð 2024. Notuð um 10.288 rúllur.
Vél í toppstandi.
Verð kr. 12.500.000 +vsk.

VÉLFANG

**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**






Ný kerrusending. Kerra,skjólborð úr áli, 35 cm há, skúffan lengd 2,50 x breidd 1,40 m. Heildar-burðargeta 750 kg. 13"dekk. Opnanleg að framan og aftan. Flott fyrir fagmanninn, fjórhjólið eða vélsleðann. Ýmsar aðrar kerrur eins eða tveggja öxla. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager - 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Mjölsýló (kornsýló) fimm tonna og vigtarsíló. Ásamt öllum búnaði. Uppl. í s. 868-6102 eða bennih@simnet.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6 m,-2 m-2,1 m-2,5 m-3 m-3,5 m-4m-4,5 m-5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.




Hleðslustöð 12v. 2,5 kw. 230v. hleðsla 100a frá neti. Sólarselluhleðsla 30-400v. 3.000w. Verð kr. 89.900 orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plastgirðingarstaurar. Plastprófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is. S. 892-4163. www.hak.is



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 225.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Brettagafflar með handfærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Verð kr. 160.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is

mýranaut
Leirulæk • 311 Borgarnes
sími 8687204 • www.myranaut.is

Bragðgott og meyrt ungnautakjöt. 1/8 hluti inniheldur hakk, gúllas og steikur. Val um snitsel og hamborgara. Verð kr. 3.990 pr/kg. s. 868-7204 www.myranaut.is

## Til sölu

Heimaræktaðar ódýrar trjáplöntur til sölu. Birki, ilmreynir, skrautreynir, loðvíðir, rifsber, sólber, einnig ýmsir runnar og kvistir. Er í Reykjavík. S. 857-7363.

Til sölu Dasia Journey 2025 módel, ekinn 7.500 km. Bíllinn er frá Bl í desember 2025, dökkgrár og eins og nýr, sjálfskiptur (mjög háfættur en ekki 4x4). Gullmoli á góðu verði kr. 7.000.000 hjá Bl (nýr kostar kr. 8.690.000) Nánari upplýsingar í s. 862-2158 (engin skipti).

Nissan Navara dísil, keyrður 90.000 km. Árgerð 2022. Sjálfskiptur, 4x4, dráttarkrókur. Verð kr. 7.700.000. Frekari upplýsingar og myndir í s. 866-1400 eða sandratakn@gmail.com

Til sölu 4 heilsársdekk "19 Goodyear 235/45R19. Notuð 3 mm af 8 mm á alls kr. 50.000. Afhent á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. s. 690-4449.

## Atvinna

Bílaþjónustan Hellu leitar eftir bifvélavirkja eða vönum manni á bílaverkstæði í 100% starf, uppl í síma 869-5968, Brynjar.

Vantar þig málara í sumar? Þaulvanur málari tekur að sér fjölbreytta málningarvinnu á Norður- og Austurlandi, þ.á m. þök. S. 821-2686 og netfang dama@simnet.is.

## Einkamál

**BÆNDER** Síðustu forvöð að taka þátt í einum skemmtilegasta stefnumótaleik landsins! Hafðu samband f. frekari upplýsingar: sigrunpeturs@bondi.is

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

## Húsnæði

Fjögurra manna fjölskylda í leit að sumarbústað nálægt Reykjavík til leigu. S. 847-6269.

## Leiga

Björt og góð íbúð í Sólheimum í Reykjavík er til leigu frá og með 1. ágúst 2026. Íbúðin er tvö herbergi og eldhús, stór stofa sem getur gagnast sem tvö herbergi. Góðir skápar í svefnherbergi. Svalir mót suðri. Stutt í alla þjónustu. Leiguverð kr. 300.000. Uppl. thorbjorns@simnet.is

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur, CD diska, frímerki, gömul póstkort, mynt og seðla. Safna alls kyns tónlistarefni. Óli s. 784-2410.

VIð kaupum gamla Toyota Land Cruser 120 og Hilux sem eru komnir á líknardeildina eða við það að fara þangað, hugsanlega munum við ná að lækna þá og eða jafnvel endurlífga. Sækjum sjúklinga hvert á land sem er. Upplýsingar um bílnúmer og símanúmer má senda á vignir62@gmail og í s. 897-0999.

Kaupi vínylplötur og CD diska, staðgreiði stór söfn. Einnig sum hljómtæki. Ingvar s. 865-1709 og myrkinn@hotmail.com

Óska eftir kerru/flatvagni. Þarf vera 4m á lengd, burðargeta 1 tonn. Upplýsingar s. 849-3677 - Brunarsdottir@gmail.com

## Þjónusta

Þakmálun. Mála þök. Sprauta og pensla. Brött og há þök engin fyrirstaða. sendið tölvupóst á algjormalari@gmail.com



# LANDSMÓT Á HÓLUM

## 5.-11. júlí 2026

12. júlí - Menning og ræktun í Skagafirði




**LATIBÆR** MÆTIR Á SVÆÐIÐ OG SKEMMTIR YNGSTU GESTUNUM • KARLAKÓRINN **HEIMIR**

**KÁNTRÍBALL** MEÐ **KLAUFUM** FÖSTUDAGSKVÖLD

**MAGNI** OG **ERNA HRÖNN** ÁSAMT HLJÓMSVEIT

**STUÐLABANDIÐ** SPILAR LAUGARDAGSKVÖLD



Stuðlabandið


Kántríbandið Klaufarnir


Latibær


Karlakórinn Heimir


Magni


Erna Hrönn


Húsbandið

Tengill ehf · Morgunblaðið · 66° Norður · KS · Boli · ME Vörumiðlun

landsmothestamanna · landsmot2026 · www.landsmot.is

# AFLVÉLAR






















**GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is**